



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS EYSTRA 2020-2032

Greinargerð

20.12.2021, breytt 01.12.2022





UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

1854-009-V16

HÖFUNDUR


Anna Bragadóttir, Ásgeir Jónsson, Berglind Sigurðardóttir, Sigmar Metúsalemsson, Hjörtur Örn Arnarson, Guðrún Anna Lúðvíksdóttir, Brynja Dögg Ingólfssdóttir, Gísli Gíslason.

RÝNT/YFIRLESID

Ingibjörg Sveinsdóttir, Guðmundur Úlfar Gíslason

Aðalskipulag Rangárbings eystra 2020-2032


Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings eystra þann 12. jan. 23





Sveitarstjóri Rangárbings eystra

Aðalskipulagið var staðfest af Skipulagsstofnun þann 27. feb. '23





SKIPULAGSFERLI

Lýsing var auglýst frá: 20. nóv. 19 með athugasemdafresti til: 6. des. 19

Aðalskipulagstillagan var kynnt frá: 13. des. 21 til 15. des. 21

Aðalskipulagstillagan var auglýst frá: 6. apríl með athugasemdafresti til: 18. maí 2022

Aðalskipulagstillagan var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	10
1.1	Stefna aðalskipulags	10
1.2	Skipulagsgögn og kortagrunnar	11
1.3	Mörk	12
1.3.1	Landamerki	12
1.3.2	Sveitarfélagsmörk	12
1.3.3	Landnotkun, landnýting og þéttleiki byggðar	12
2	DREIFBÝLI - STEFNUMÖRKUN	14
2.1.1	Umhverfi og yfirbragð byggðar	14
2.2	Byggð utan þéttbýlis	16
2.2.1	Byggingarheimildir án tengsla við búrekstur	16
2.2.2	Íbúðarbyggð (ÍB)	17
2.2.3	Frístundarbyggð (F)	19
2.3	Þjónusta	23
2.3.1	Samfélagsþjónusta (S)	23
2.3.2	Kirkjugarðar- og grafreitir (K)	24
2.3.3	Íþróttasvæði (Íþ)	25
2.3.4	Stakar framkvæmdir	25
2.4	Atvinnusvæði	27
2.4.1	Landbúnaðarsvæði (L)	28
2.4.2	Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)	31
2.4.3	Verslun og þjónusta (VP)	32
2.4.4	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	33
2.4.5	Iðnaðarsvæði (I)	40
2.4.6	Athafnasvæði (AT)	41
2.4.7	Efnistöku og efnislosunarsvæði (E)	42
2.4.8	Hafnir (H)	45
2.5	Óbyggð svæði eða svæði með takmörkunum	46
2.5.1	Óbyggð svæði (ÓB)	46
2.5.2	Opin svæði (OP)	47
2.5.3	Strandsvæði (ST)	48
2.5.4	Vötn, ár og sjór (V)	49
3	ÞÉTTBÝLI - STEFNUMÖRKUN	50
3.1	Umhverfi og yfirbragð byggðar í þéttbýli	50
3.2	Hvolsvöllur	51
3.2.1	Íbúðarbyggð (ÍB)	51
3.2.2	Miðsvæði (M)	53
3.2.3	Verslun og þjónusta (VP)	54
3.2.4	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	55
3.2.5	Athafnasvæði (AT)	56
3.2.6	Iðnaðarsvæði (I)	56

3.2.7	Íþróttasvæði (ÍÞ)	57
3.2.8	Samfélagsþjónusta (S)	58
3.2.9	Kirkjugarðar- og grafreitir (K)	59
3.2.10	Opin svæði (OP)	60
3.3	Skógar	60
3.3.1	Íbúðarbyggð (ÍB)	61
3.3.2	Verslun og þjónusta (VP)	61
3.3.3	Samfélagsþjónusta (S)	62
3.3.4	Kirkjugarðar- og grafreitir (K)	63
4	SAMGÖNGUR	64
4.1	Vegir	64
4.1.1	Stofnvegir	65
4.1.2	Tengivegir	65
4.1.3	Vegir á hálendi	66
4.1.4	Héraðsvegir og aðrir vegir	67
4.1.5	Vegir í náttúru Íslands	67
4.2	Göngu- og hjólaleiðir	68
4.3	Reiðleiðir	69
4.4	Flugvellir (FV)	69
5	VEITUR	71
5.1	Rafveita	71
5.2	Vatnsveita	72
5.3	Hitaveita	73
5.4	Fráveita og ofanvatn	73
5.5	Fjarskipti	73
6	NÁTTÚRUVÁ (NV)	74
6.1.1	Jarðskjálftar	74
6.1.2	Eldvirkni	75
6.1.3	Ofanflóð, flóðasvæði og jökulhlaup	75
7	VERNDARSVÆÐI OG MINJAR	76
7.1	Friðlýst svæði (FS)	76
7.2	Önnur náttúruvernd (ÖN)	77
7.3	Minjavernd (MV)	79
7.4	Hverfisvernd (HV)	83
7.5	Katla jarðvangur	87
7.6	Vatnsvernd (VB)	87
7.7	Verndarsvæði vegna strandmengunar í ám og vötnum	88
8	NIÐURSTAÐA UMhverfismats	90
8.1	Loflagsmál og losun kolefnis	90
8.2	Þéttbýli	91
8.3	Landeyjahöfn	91
8.4	Rimakotslína 2	91
9	SKIPULAGSFERLIÐ	92

9.1	Skipulagslýsing	92
9.1.1	Samráð við stofnanir	92
9.2	Kynning aðalskipulagstillögu	92
9.3	Auglýsing aðalskipulagstillögu	93
10	HEIMILDIR	96

MYNDASKRÁ

MYND 1	Helgunarsvæði háspennulína skal vera skv. staðli ÍST EN 50341-3-12:2001	71
---------------	--	-----------

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1	Byggingarheimildir í dreifbýli án tengsla við hefðbundinn landbúnað.	17
TAFLA 2	Skipulagsákvæði fyrir íbúðabyggð.	18
TAFLA 3	Frístundabyggð.	20
TAFLA 4	Samfélagsþjónusta.	24
TAFLA 5	Kirkjugarðar- og grafreitir.	24
TAFLA 6	Íþróttasvæði.	25
TAFLA 7	Skipulagsskilmálar fyrir landbúnaðarland.	30
TAFLA 8	Skógræktar- og landgræðslusvæði.	31
TAFLA 9	Verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli.	32
TAFLA 10	Afþreyingar og ferðamannasvæði.	34
TAFLA 11	Iðnaðarsvæði.	41
TAFLA 12	Athafnasvæði.	42
TAFLA 13	Stærðarflokkar efnistöku- og efnislosunarsvæði.	43
TAFLA 14	Efnistöku- og efnislosunarsvæði.	43
TAFLA 15	Skipulagsskilmálar fyrir Landeyjahöfn.	46
TAFLA 16	Óbyggð svæði.	47
TAFLA 17	Opin svæði.	47
TAFLA 18	Skipulagsskilmálar fyrir strandsvæði.	48
TAFLA 19	Yfirlit yfir vötn, ár og sjó í sveitarfélaginu.	49
TAFLA 20	Íbúðarbyggð á Hvolsvelli.	52
TAFLA 21	Skipulagsákvæði fyrir miðbæjarsvæði á Hvolsvelli.	53
TAFLA 22	Skipulagsákvæði fyrir verslunar- og þjónustusvæði á Hvolsvelli.	54
TAFLA 23	Skipulagsákvæði fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði.	55
TAFLA 24	Athafnasvæði á Hvolsvelli.	56
TAFLA 25	Iðnaðarsvæði á Hvolsvelli.	57
TAFLA 26	Íþróttasvæði á Hvolsvelli.	58
TAFLA 27	Svæði fyrir samfélagsþjónustu.	59
TAFLA 28	Kirkjugarðar- og grafreitir á Hvolsvelli.	59
TAFLA 29	Opin svæði.	60

TAFLA 30 Íbúðarbyggð á Skógum. _____	61
TAFLA 31 Verslunar- og þjónustusvæði á Skógum. _____	62
TAFLA 32 Samfélagsþjónusta á Skógum. _____	62
TAFLA 33 Kirkjugarðar- og grafreitir á Skógum. _____	63
TAFLA 34 Stofnvegir. _____	65
TAFLA 35 Tengivegir. _____	66
TAFLA 36 Skipulagsskilmálar fyrir flugvelli. _____	70
TAFLA 37 Raflínur og rafstrengir sem liggja um sveitarfélagið og eru á vegum Landsnets. _____	72
TAFLA 38 Helstu vatnsveitur í sveitarfélaginu. _____	72
TAFLA 39 Friðlýst svæði. _____	77
TAFLA 40 Virkjanakostir í verndarflokki. _____	78
TAFLA 41 Svæði á náttúruminjaskrá, lýsing á svæðunum er úr náttúruminjaskrá. _____	78
TAFLA 42 Friðlýstar fornminjar skv. aðalskráningu fornminja. _____	79
TAFLA 43 Mannvirki sem voru byggð 1925 eða fyrr. _____	82
TAFLA 44 Hverfisvernd. _____	85
TAFLA 43 Vatnsból. _____	87

1 INNGANGUR

Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032 tekur til alls lands innan marka sveitarfélagsins, þ.á.m. til þéttbýlis á Hvolsvelli og á Skógum. Heildarstærð skipulagssvæðis er um 1.850 km².

Sveitarfélagið Rangárþing eystra var stofnað 9. júní 2002 þegar sameinuð voru sex sveitarfélög; Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljóts-hlíðarhreppur og Hvolhreppur.

Aðalskipulag er, skv. 28. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, „skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags varðandi landnotkun, takmarkanir á landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og byggðamynstur, þ.m.t. þéttleika byggðar“¹. Aðalskipulagið er unnið skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Í þessari greinargerð er stefnumörkun fyrir þá landnotkun sem stefnt er að í sveitarfélaginu. Sett er fram stefna um landnotkun bæði í byggð og á afrétti.

1.1 Stefna aðalskipulags

Markmið með gerð aðalskipulags er að stuðla að „skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“ sbr. 1 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, lið b.

Í aðalskipulagi kemur fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar næstu 12 ár að minnsta kosti. Sveitarstjórn ber ábyrgð á gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélagið og í því skal fjallað um allt land innan marka þess. Aðalskipulagið er sett fram í skipulagsgreinargerð, umhverfisskýrslu og á skipulagsuppráttum sem skiptast í sveitarfélagsupprátt og þéttbýlisupprætti. Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur að deiliskipulagsgerð einstakra svæða í sveitarfélaginu og leyfisveitingum til framkvæmda. Aðalskipulagið er í samræmi við landsskipulagsstefnu.

Meginstefna sveitarstjórnar er að skapa góð skilyrði fyrir mannlíf og atvinnulíf til framtíðar og gera búsetu eftirsóknarverða. Þetta verði m.a. útfært með skynsamlegri landnýtingu þar sem stuðlað er að sjálfbærri nýtingu vistkerfa og bindingu kolefnis, orkuframleiðsla sé vistvæn og stuðlað að grænum samgöngum og útivistarmöguleikum. Megin stefna er framtíðarsýn og lýsir grundvallarsjónarmiðum sem sett eru fram í aðalskipulaginu. Nánari stefnumörkun, byggir á megin stefnunni og er sett fram í hverjum landnotkunarflokki.

¹ (Alþingi á.á.).

Lögð er áhersla á eftirfarandi megin markmið:

- Skipulagið taki mið af þörfum íbúa á öllum aldri, laði að nýja íbúa og skapi góð búsetuskilyrði fyrir alla.
- Að skipulag byggðar og umhverfis stuðli að sjálfbærri þróun samfélagsins og skapi skilyrði til sambýlis íbúa og náttúru í góðri sátt hvort við annað.
- Sveitarfélagið vill stuðla að bættri vitund íbúa um loftslagsmál með fjölbreyttari möguleikum í samgöngum. Sveitarfélagið ætlar að vinna að kolefnishlutleysi á skipulagstímabilinu.
- Skipulagi landnýtingar verði hagað með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga. Jafnvægi sé milli verndunar umhverfis og náttúru og nýtingar, til heilla fyrir almenning, gesti, fyrirtæki og stofnanir.
- Að umhverfismál verði í forgrunni í ákvarðanatöku í sveitarfélaginu. Gæta verði umhverfis-sjónarmiða við skipulag svæða og að landnýting sé í sátt við náttúruna. Loftmengun verði ávallt undir viðmiðunarmörkum skv. reglugerðum þar að lútandi.
- Stuðla að fjölbreyttu og öflugum atvinnulífi. Leitast verði við að styðja við ný atvinnutækifæri og nýsköpun og efla þá þjónustu sem er til staðar m.a. til að renna styrkari stoðum undir byggð, bæði í þéttbýli og dreifbýli, t.a.m. með þekkingarsetrum. Að áfram verði unnið við uppbyggingu ferðaþjónustu m.a. í samræmi við stefnu Kötlunnar UNESCO jarðvangs.
- Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar.
- Landslagsheildir, fjölbreytileiki landslags og menningarminjar verði vernduð.
- Katla UNESCO jarðvangur veitir heimaþolki hvatningu og tækifæri til að efla samstarf um það sameiginlega markmið að kynna og koma á framfæri þýðingarmiklum jarðfræðilegum ferlum, jarðmyndunum, jarðsögunni og söglegum atburðum sem tengjast jarðfræði eða minjum.
- Kannaðir verði fleiri og fjölbreyttari virkjanakostir í sveitarfélaginu.
- Skipulag taki mið af heilsueflandi og barnvænu samfélagi fyrir íbúa og gesti, þ.m.t. að göngu- og hjólaleiðir stuðli að bættri lýðheilsu og loftslagi.
- Skipulagið stuðli að hagkvæmum rekstri sveitarfélagsins og miði að jafnvægi og stöðugleika.

1.2 Skipulagsgögn og kortagrunnar

Uppdrættir eru unnir á stafræna kortagrunna frá Landmælingum Íslands (IS50v), auk þess sem stuðst er við loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Skipulagsgögn eru í hnitakerfinu ISN93.

Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Aðalskipulagsuppdráttur Rangárbings eystra í mkv. 1:65.000.
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Hvolsvöll í mkv. 1:10.000.
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Skóga í mkv. 1:10.000.
- Greinargerð með stefnu fyrir hvern landnotkunarflokk.
- Forsendur, umhverfisskýrsla og skýringaruppdrættir.

Landnotkun er afmörkuð á skipulagsuppdrætti. Svæði sem eru sýnd sem hringtákn geta verið allt að 5 ha að stærð.

Auk skipulagsuppdráttar er skipulagsáætlunin sett fram á skýringaruppdráttum til að skýra forsendur og helstu þætti aðalskipulagsins. Eru þeir í viðauka í forsenduhefti.

Skýringaruppdráttir í viðauka við forsenduhefti eru eftirtaldir:

- I. Flokkun landbúnaðarlands.
- II. Landbúnaðarsvæði L1-L3.
- III. Flokkun vega í náttúru Íslands skv. reglugerð um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018.
- IV. Fornminjar skv. aðalskráningu fornminja.
- V. Vindorka – möguleikar.
- VI. Verndarsvæði. Friðlýst svæði, önnur náttúruvernd, hverfisvernd og vatnsvernd.
- VII. Íbúðarbyggð í dreifbýli. Hellishólar – Kirkjulækjarkot
- VIII. Fjarlægð frá þjóðvegum (1.000 m frá stofn og tengivegum / 500 m frá héraðsvegum).
- IX. Göngu-, hjóla- og reiðleiðir.
- X. Ofanflóðakort
- XI. Efnistökusvæði

1.3 Mörk

1.3.1 Landamerki

Mörk jarða og landspildna eru sýnd á uppdráttum og eru eingöngu til skýringar. Jarðamörk eru eftir atvikum skv. upplýsingum frá Þjóðskrá.

1.3.2 Sveitarfélagsmörk

Mörk sveitarfélagsins eru í grófum dráttum við Hólsá, um Landeyjar og við Þverá í vestri, við Eystri Rangá og um Þríhyrning og Tindfjallajökul í norðri, á Mýrdalsjökli í austri og til sjávar við Jökulsá á Sólheimasandi. Sveitarfélagsmörkin fylgja mörkum frá Landmælingum Íslands, nema dregin er bein lína milli Hæringsfells og Ýmis skv. landamerkjalytingu frá því um 1890. Aðliggjandi sveitarfélög eru Rangárþing ytra að vestan og norðan og Mýrdalshreppur að austan. Skaftárhreppur liggur einnig að Rangárþingi eystra á Mýrdalsjökli.

Sveitarfélagsmörk Rangárþings eystra eru sýnd á uppdráttum eins og þau voru í eldra aðalskipulagi. Sveitarstjórn telur að þau mörk séu ekki í öllum tilfellum rétt og mörk verða á skipulagstímanum yfirfarin og eftir atvikum leiðrétt í samráði og samvinnu við aðliggjandi sveitarfélög. Mörkin eru í samræmi við aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga.

1.3.3 Landnotkun, landnýting og þéttleiki byggðar

Gerð er grein fyrir landnotkun, flatarmáli, stöðu, staðháttum eða núverandi notkun og loks skipulagsákvæðum viðkomandi reits.

Landnýting í aðalskipulagi er ýmist skilgreind með nýtingarhlutfalli eða reikningsstærðum s.s. fjölda íbúða á flatareiningu (íb/ha, fjöldi íbúða á hektara) eftir því sem við á. Nýtingarhlutfall er hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á viðkomandi svæði og flatarmáls svæðisins (N-brúttó) eða brúttóflatarmáls

bygginga og flatarmáls lóðar (N-nettó). Byggðamynstur reita er tilgreint þar sem það á við í töflum, t.d. með vísun í húsagerðir og hæðir bygginga o.fl.

2 DREIFBÝLI - STEFNUMÖRKUN

Samkvæmt landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands s.s. til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar í sátt við náttúruna og landslag. Landsnotkun skal styðja við búsetu samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun².

Rangárþing eystra er fyrst og fremst landbúnaðarhérað. Stór hluti annarra atvinnugreina byggist á þjónustu við landbúnað og úrvinnslu afurða. Aðrar atvinnugreinar hafa vaxið undanfarin ár, sérstaklega ferðaþjónusta og margs konar starfsemi henni tengd. Þá er nokkuð um að fólk búi í sveitarfélaginu en sæki vinnu um lengri veg.

Við skipulagsgerð sveitarfélagsins er miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða búrekstri og annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi, auk þess sem horft verður til bættrar tækni s.s. ljósleiðara sem bíður upp á staðbundna atvinnu í dreifbýli og styrkir þar með búsetu.

Áfram verður stuðlað að verndun hálandissvæða samhliða því að bæta öryggi þeirra sem um svæðin fara og efla þjónustu.

2.1 Byggð

2.1.1 Umhverfi og yfirbragð byggðar

Samkvæmt landsskipulagsstefnu ber sveitarfélögum að marka stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Þar segir ennfremur að ákvarðanir um staðsetningu og hönnun mannvirkja skuli taka mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Gæta skuli að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð skerði ekki að óþörfu gott landbúnaðarland eða svæði sem eru mikilvæg vegna náttúrufars³.

Stefna um umhverfi og yfirbragð byggðar gildir almennt fyrir uppbyggingu í dreifbýli sveitarfélagsins og eftir atvikum um hálendið.

Almennir skilmálar

- Halda skal í dreifbýlisyfirbragð, þ.e. ekki vera með þetta samfellda byggð eða götummynd, fjölbýlishús eða háreistar byggingar. Litlum samliggjandi lóðum verður beint að þéttbýli eða eftir atvikum á skilgreinda frístunda- eða íbúðarbyggð.
- Við hönnun mannvirkja verði lögð áhersla á að þau falli vel að landi og staðbundnum gæðum, þjóni tilgangi sínum vel og taki mið af því byggðamynstri sem halda skal í. Mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Nýjar byggingar falli vel að eldri byggð og að mannvirki verði almennt ekki meira en 2 hæðir.

² (Skipulagsstofnun 2016)

³ (Skipulagsstofnun 2016).

- Forðast skal óþarfa lýsingu, ljósi skal beint niður eða það skermað af og haft í huga að ljós valdi nágrönnum sem minnstum óþægindum.
- Byggingum verði vel viðhaldið og ónýtar byggingar rifnar og fjarlægðar. Þó skal gætt að varðveislugildi bygginga með tilliti til menningar- og sögulegs gildis þeirra.
- Við skipulag svæða, endurgerð og uppbyggingu skal leita eftir umhverfisvænum lausnum hvað varðar byggingarefni, vegi og veitulausnir. Ofanvatni af þökum og hörðu yfirborði verði miðlað í jarðveg í stað fráveitukerfis.
- Uppbyggingu íbúðar- og frístundahúsa verður beint að svæðum sem eru utan verndarsvæða og landbúnaðarlands L1 en þó í nágrenni vega og annarra veitukerfa. Byggingar verði þó a.m.k. 50 m frá sjó, ám og vötnum sbr. ákvæði reglugerðar og 50 til 100 m fjarlægð frá helstu vegum.
- Leitað verður hagkvæmra lausna í vega- og veitukerfum og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi. Fráveitukerfi verði ávallt hönnuð til að mæta kröfum um fullnægjandi hreinsun og ekki sé hætta á mengun jarðvegs, yfirborðsvatns eða grunnvatns. Sameiginlegar fráveitur verði þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Tryggja að lausafjármunir s.s. gámar, hjólhýsi og afsettar bifreiðar hafi gild stöðuleyfi eða séu geymd á þar til gerðum athafnasvæðum. Stöðuleyfi eru veitt að hámarki til eins árs.
- Lögð verður áhersla á góða umgengi með flokkun úrgangs og jarðgerð lífræns úrgangs samhliða fræðslu um lágmörkun úrgangs. Endurvinnslutunnur og grenndargámar skulu vera aðgengilegir.
- Tryggja sem best öryggi íbúa með því að taka tillit til skilgreindra hættusvæða, s.s. vegna flóða/eldgosa og að þar verði ekki heimiluð íbúðarbyggð nema til komi mótvægisáðgerðir. Þá þarf að gera grein fyrir mögulegum flóttaleiðum, m.a. í tengslum við skógarelda og flóða.
- Skipulag taki mið af því að halda opnum gömlum og hefðbundnum göngu- og reiðleiðum og aðgengi að áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúrufyrirbærum.
- Stefnt skal að uppbyggingu hjólastíga til útivistar og bættra samgangna og tenginga bæði innan sveitarfélagsins og við aðliggjandi sveitarfélög.
- Þróun byggðar og skipulag nýrrar íbúðar- og frístundabyggðar mótist af hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri þjónustukerfa og góðum tengslum við miðlæga þjónustu.
- Þar sem skjólbeltum og/eða trjám er plantað skal huga að því að þau valdi ekki snjósöfnun á vegum /stígum eða hindri vegrýn. Eins skal forðast að skógrækt spilli útsýnisstöðum, þ.m.t. ásýnd fjalla og fossa. Varast skal að skógrækt takmarki umferð meðfram ám eða vötnum.

2.1.2 Landskipti

Heimilt er að skipta út stökum lóðum og/eða skipta jörðum í samræmi við jarðalög nr. 81/2004 m.s.br. Með umsókn um landskipti til sveitarstjórnar skulu fylgja upplýsingar um fjölda og stærð lóða/spildna, tilgangur landskipta ásamt áformum um landnýtningu og uppbyggingu, aðkomu og tímaáætlun uppbyggingar. Heimilt er að stofna lóð vegna bygginga í tengslum við búrekstur s.s. íbúðarhús, starfsmannahús, fjós eða til ræktunar en forðast skal að skipta upp góðu landbúnaðarlandi til annarrar landnotkunar. Sé markmið landskipta að vera með starfsemi ótengda búrekstri skal það koma fram í umsókn. Við afgreiðslu umsókna um landskipti verður einkum litið til eftirtalinna þátta:

- Nýjar spildur séu í tengslum við og nýti þau veitu- og samgöngukerfi sem fyrir eru, þar sem það á við. Ekki verða heimiluð landskipti til bygginga íbúðar- eða frístundahúsa nema aðgengi að spildum frá þjóðvegi sé tryggt.

- Tekið sé tillit til verndarsvæða og hvort ætla megi að um gott landbúnaðarland sé að ræða.
- Fyrirhuguð uppbygging miði að því að halda í dreifbýlisyfirbragð í sveitarfélaginu.
- Ekki sé lokað almennum göngu- og reiðleiðum né aðgengi takmarkað að áhugaverðum stöðum eða svæðum.

Markmiðið með takmörkun á landskiptum er að leitast við að tryggja sem best hagkvæma nýtingu vega- og veitukerfa og að gott landbúnaðarland verði áfram nýtt til landbúnaðar og matvælaframleiðslu.

Landeigendur eru hvattir til að ganga frá landamerkjum. Þeir landeigendur sem hafa frágengin skjöl með hnitsettum landamerkjum jarða sinna er bent á að ganga frá undirritun og þinglýsingu skjalanna.

2.2 Byggð utan þéttbýlis

Almennt er skilgreind íbúða- eða frístundabyggð þar sem um samfellda byggð er að ræða en þó er heimilt að byggja upp á lóðum og landspildum á landbúnaðarlandi án tengsla við búrekstur jarðarinnar.

Byggð skal taka mið af því byggðamynstri sem fyrir er og vera í góðum tengslum við núverandi veitukerfi s.s. vegi, rafmagns- og ljósleiðaratengingar.

Takmarkanir á byggingarheimildum geta verið aðrar en taldar eru upp, m.a. fjarlægð frá ám og vötnum, fjarlægð frá vegum og vegna helgunarsvæða/öryggissvæða flutningskerfa raforku og annarra veitukerfa.

2.2.1 Byggingarheimildir án tengsla við búrekstur

Land utan þéttbýlis er almennt skilgreint sem landbúnaðarland eða óbyggð svæði. Fjallað er um byggingarheimildir í tengslum við búrekstur í kafla 2.4.1. en heimilt er að byggja upp jarðir eða landspildur án tengsla við hefðbundinn landbúnað á landbúnaðarsvæðum og á öðrum landnotkunarflokkum utan þéttbýlis.

Almennir skilmálar

- Íbúðarhús og/eða frístundahús skulu vera utan verndarsvæða og skilgreindra hættusvæða, nema til komi mótvægisáðgerðir, s.s. rýmingaráætlun.
- Ný íbúðarhús skulu vera innan 1.000 m frá stofn- og tengivegum og 500 m frá héraðsvegum.
- Samhliða fastri búsetu er heimilt að hafa byggingar til áhugabúskapar og sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað, allt að 1.500 m² þar sem aðstæður leyfa (samtals eldri hús og ný).
- Á íbúðar- og frístundasvæðum skulu lóðarhafar ljúka lóðarframkvæmdum innan 1 árs frá því að byggingu húsa lýkur.

- Byggingar skulu ekki rjúfa samfellu í góðu landbúnaðarlandi (L1).

TAFLA 1 Byggingarheimildir í dreifbýli án tengsla við hefðbundinn landbúnað.

LAND-STÆRÐIR	HEITI	BYGGINGARMAGN	SKILMÁLAR
15 ha og stærri	Bújörð/jarðarhluti	Hámarks byggingarmagn er allt að 3.000 m ²	Heimilt er að byggja íbúðarhús/parhús, bílskúr, gróðurhús, gestahús, geymslu, skemmu og gripahús. Heimilt er að hafa sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað. Heildarstærð slíkra bygginga getur verið allt að 1.500 m ² .
3 ha -15 ha	Land	Hámarks byggingarmagn er allt að 1.500 m ²	Heimilt er að byggja íbúðarhús/parhús, bílskúr, gróðurhús, gestahús, geymslu, skemmu og gripahús. Heimilt er að hafa sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað. Heildarstærð slíkra bygginga getur verið allt að 750 m ² .
1 - 3 ha	Skikar	Nýtingarhlutfall er 0,1. Byggingarmagn þó aldrei yfir 1.000 m ²	Heimilt er að byggja allt að 5 hús, s.s. íbúðar- eða frístundahús/bílskúr/gestahús, skemmu, gróðurhús eða gripahús. Heimilt er að vera með 3 samliggjandi íbúðarlóðir.
1 ha og minni	Lóðir	Hámarksnýtingarhlutfall er 0,1. Byggingarmagn þó aldrei yfir 400 m ²	Heimilt er að byggja allt að 3 hús á lóð, s.s. íbúðar- eða frístundahús/bílskúr, gestahús/geymslu eða gróðurhús. Heimilt er að vera með 3 samliggjandi íbúðar- eða frístundalóðir.

2.2.2 Íbúðarbyggð (ÍB)

„Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins“.

Uppbygging íbúðarbyggðar verður einkum í þéttbýlissvæðum sveitarfélagsins en eftir atvikum getur slík byggð þróast í tengslum við aðra starfsemi en landbúnað. Heimilt er að byggja stök íbúðarhús sbr. kafla 2.2.1. Við skipulag nýrra svæða skal leitast við að byggja í grennd við núverandi vegi og veitukerfi. Markmiðið er að fjölga sem minnst tengingum við stofn- og tengivegi, að veitur nýtist sem best og að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt.

Stefna

- Að ný íbúðarbyggð verði eftir atvikum heimiluð í tengslum við staðbundna atvinnu en þá utan verndarsvæða, góðs landbúnaðarlands (L1), mikilvæg eða verðmæt svæði vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistargildis.
- Að í dreifbýli skal skilgreina íbúðarbyggð þar sem fjórar lóðir eða fleiri eru samliggjandi.
- Að nýjar byggingar falli vel að eldri byggð og mannvirki séu að jafnaði 1-2 hæðir.
- Að íbúðarhús verði ekki byggð á svæðum sem skilgreind eru sem hættusvæði vegna náttúruvárs án mótvægisáðgerða, s.s. gerð rýmingaráætlunar.
- Að þjónusta á íbúðarlóðum sé sambærileg og á bújörðum í dreifbýli.
- Að við skipulag nýrra svæða skal leitast við að byggja í grennd við núverandi vegi og veitukerfi, að jafnaði ekki fjær stofn- og tengivegum en 1.000 m eða héraðsvegum meira en 500 m.
- Að íbúðarbyggð í dreifbýli taki mið af yfirbragði deifbýlis.

⁴ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013)

Almennir skilmálar

- Húsdýrahald er heimilt innan íbúðarbyggðar, þar sem slíkt kemur fram í deiliskipulagi og/eða meirihluti eigenda/lóðarhafa samþykkir þær. Dýrahald er alltaf á ábyrgð eigenda og skal beitarpeningur vera afgirtur.
- Almennt er ekki heimilt að stunda atvinnurekstur í íbúðarbyggð. Komi fram ósk um atvinnurekstur, s.s. gistingu eða aðra þjónustu, þarf að skoða aðstæður á hverjum stað fyrir sig í samráði við aðra landeigendur og lóðarhafa. Samráð í formi grenndarkynningar verði innt af hendi af skipulagsfulltrúa. Grundvöllur fyrir jákvæðri umsögn er jákvæð niðurstaða úr grenndarkynningu, að tryggð sé greið aðkoma að lóðum allt árið um kring og að næg bílastæði séu innan lóðar. Starfsemi skal hafa gilt rekstrarleyfi.
- Við gerð deiliskipulags, skal taka tillit til umhverfis og náttúru, ásamt umhverfisvænum lausnum sbr. kafla 2.1.1. Gera skal ráð fyrir flokkun úrgangs í samræmi við reglur sveitarfélags.
- Við gerð deiliskipulags nýrrar íbúðarbyggðar skal gera grein fyrir þekktum hættusvæðum, minja- og verndarsvæðum. Þá skal gera grein fyrir mögulegum flóttaleiðum s.s. vegna flóða eða gróðurelda.

TAFLA 2 Skipulagsákvæði fyrir íbúðabyggð.

AUÐKENNI	HEITI	STÆRÐ HA	LÝSING SVÆÐIS / SKIPULAGSÁKVÆÐI
ÍB12	Lambalækur - Kvoslækur	63,1	Heimilt er að reisa íbúðarhús á einni hæð með risi ásamt bílgeymslu og gestahúsi/geymslu, samtals 3 hús á hverri lóð. Hámarks nýtingarhlutfall á lóð = 0,02, byggingarmagn þó aldrei meira en 600 m ² . Mænishæð skal vera 8,5 m að hámarki. Á Kvoslæk II (L219404) má byggingarmagn fara í allt að 800 m ² . Við staðsetningu byggingarreita í deiliskipulagi skal leitast við að vernda landbúnaðarland í flokki I syðst á svæðinu, forðast röskun á bakkagróðri og vistgerðum með hátt verndargildi. Heimilað allt að 13 íbúðir en 5 hafa verið byggðar.
ÍB14	Kirkjulækarkot í Fljótshlíð	5,7	Lágreist byggð fyrir allt að 20 íbúðir á mis stórum lóðum en 11 hafa verið byggðar á 9 lóðum. Heimilt er að byggja á einni til tveimur hæðum. Deiliskipulagt að hluta
ÍB15	Útskák	2,0	Heimilaðar eru 5 lóðir fyrir jafnmargar íbúðir og eru 3 byggðar. Á hverri lóð má byggja íbúðarhús á einni hæð með risi ásamt bílgeymslu og gestahúsi/geymslu, alls 3 hús. Hámarks byggingarmagn á hverri lóð er 300 m ² .
ÍB16	Rein	3,0	Heimilaðar eru 2 lóðir fyrir jafnmargar íbúðir. Á hvorri lóð má byggja íbúðarhús, á einni hæð ásamt bílgeymslu, gestahúsi og skemmu/geymslu. Mænishæð má vera allt að 6,5 m miðað við gólfkóta. Hámarks byggingarmagn á hvorri lóð er 600 m ² . Gerð og útlit bygginga skal taka tillit til umhverfis og náttúru.
ÍB17	Hellishólar	6,8	Heimilaðar eru 13 lóðir af mismunandi stærð fyrir jafnmargar íbúðir en 8 hafa verið byggðar. Hús geta verið á einni hæð, allt frá 200 til 600 m ² .
ÍB18	Hlíðarendakot	6,0	Heimilaðar eru allt að 13 íbúðir. Á einni lóð er heimild fyrir 3ja hæða íbúðarhúsi, allt að 500 m ² og auk þess 100 m ² geymsluhúss. Mænishæð íbúðarhúss allt að 8,5 m m.v. hæð jarðvegs.

AUÐKENNI	HEITI	STÆRD HA	LÝSING SVÆÐIS / SKIPULAGSÁKVÆÐI
			Á öðrum lóðum er heimild fyrir allt að 300 m ² íbúðarhúsum á 1-2 hæðum auk kjallara. Mænishæð allt að 7,5 m m.v. hæð jarðvegs. Á svæðinu er heimilt að reisa gestahús og aðstöðuhús fyrir sameiginlegt baðsvæði. Innan íbúðarsvæðisins er núverandi íbúðarhús lögbýlis sem áfram heldur sinni heimild til starfsemi á sviði landbúnaðar.
ÍB19	Grenstangi í Landeyjum	4,2	Heimilaðar eru 9 lóðir fyrir jafnmargar íbúðir. Á svæðinu eru íbúðarhús og útihús sem tilheyra Grenstanga og Grenstanga II auk frístundahúsa. Deili-skipulagt. Hver lóð um sig er um 0,2 ha og ein um 0,3 ha að stærð. Á hverri lóð má byggja íbúðarhús á 1-2 hæðum ásamt bílgeymslu og gesta-húsi/geymslu, alls 3 hús. Hámarks byggingarmagn á hverri lóð er 300 m ² . Mænishæð skal vera allt að 6,5 m.
ÍB20	Gunnarshólmi	4,8	Heimilaðar allt að 8 íbúðarlóðir en 5 hafa verið byggðar. Einnig er heimilt að hafa einhverskonar athafna- og/eða þjónustustarfsemi á þremur lóðum. Þrífaleg starfsemi sem ekki skapar ónæði eða mengun. Á svæðinu er félagsheimili.
ÍB21	Ystabælliskot	16,9	Heimilaðar eru allt að 5 íbúðir sem hver um sig er um 4 ha. Á hverri lóð má byggja íbúðarhús á einni hæð með risi ásamt bílgeymslu og gestahúsi/geymslu. Heildarbyggingarmagn innan hvernar lóðar getur verið allt að 300 m ² . Mænishæð skal vera allt að 6 m. Gerð og útlit bygginga skal taka tillit til umhverfis og náttúru. Gólfkóti skal taka mið af mögulegu flóddýpi sem er talið vera 0,2 – 0,5 m.

2.2.3 Frístundabyggð (F)

„Svæði þar sem tvö eða fleiri frístundahús standa í þyrpingu eða nýta sameiginlega tengingu við veg eða veitur. Frístundabyggð er ekki ætluð til fastrar búsetu⁵.“

Talsverð ásókn er í frístundahús og frístundalóðir í sveitarfélaginu. Frístundabyggð skal taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla 2.1.1, eftir því sem við á. Heimilt er að að byggja stök frístundahús sbr. kafla 2.3.4.

Lögð er áhersla á að í frístundabyggð sé starfandi félag frístundahúsaeigenda. Gert er ráð fyrir slíkum félögum sbr. 17. gr. laga um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús nr. 75/2008. Slík félög skulu m.a. meta heimildir og skyldur varðandi byggðina. Almennt er ekki heimilt að stunda atvinnurekstur á frístundasvæðum. Komi fram ósk um atvinnurekstur, t.d. gistingu, þarf að skoða aðstæður á hverjum stað. Áður en starfsemi er heimiluð þarf að liggja fyrir samþykki eigenda nálægra frístundahúsa á svæðinu.

Stefna

- Að frístundabyggð og stök frístundahús falli vel að landslagi og því byggðamynstri sem fyrir er.
- Að frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum þannig að vegir og veitur nýtist sem best.

⁵ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

- Að frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna matvælaframleiðslu (landbúnaðarland L1), náttúrufars, náttúruauðlinda, fornleifa, sögu eða almenns útivistargildis.

Almennir skilmálar

- Heimilt er á hverri lóð að reisa allt að fjögur hús, t.d. eitt frístundahús, gestahús, geymslu og gróðurhús.
- Frístundalóðir verða að jafnaði 0,5 til 2,0 ha. Nýtingahlutfall allt að 0,04, þó aldrei yfir 300 m² heildarbyggingamagn.
- Að jafnaði er ekki heimilt að stunda atvinnurekstur í frístundabyggð. Komi fram ósk um atvinnurekstur s.s. gistingu eða aðra þjónustu þarf að skoða aðstæður á hverjum stað fyrir sig í samráði við landeigendur og nálæga lóðarhafa. Samráð, í formi grenndarkynnigar verði innt af hendi af skipulagsfulltrúa þar sem m.a komi fram tegund starfsemi s.s. gistingar í flokki II sbr. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016. Grundvöllur fyrir jákvæðri umsögn er jákvæð niðurstaða úr grenndarkynningu, að tryggð sé greið aðkoma að lóðum allt árið um kring og að næg bílastæði séu innan lóðar. Starfsemi skal hafa gilt rekstrarleyfi.
- Við gerð deiliskipulags nýrrar frístundabyggðar skal gera grein fyrir þekktum hættusvæðum, minja- og verndarsvæðum. Þá skal gera grein fyrir mögulegum flóttaleiðum s.s. vegna flóða eða gróðurelda.
- Sveitarstjórn áskilur sér rétt, við næstu endurskoðun aðalskipulags, að minnka eða fella út svæði, þar sem ekki er gilt deiliskipulag og/eða engin uppbygging hefur átt sér stað.

TAFLA 3 Frístundabyggð.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING SVÆÐIS / SKIPULAGSÁKVÆÐI	STÆRÐ HA
F1	Langanes við Eystri- Rangá.	Á svæðinu er gert ráð fyrir 40 lóðum sem eru u.þ.b. frá 0,25 til 1,0 ha að stærð hver. Uppbygging er skv. deiliskipulagi.	79,8
F2	Miðhús norðan Hvolsvallar.	Gert er ráð fyrir 8 frístundalóðum um 0,5 ha að stærð. Svæðið er í uppbyggingu. Deiliskipulag í gildi.	3,5
F3	Völlur 1.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Hluti svæðis er innan hverfisverndar vegna fuglalífs. Gætt skal að ákvæðum hverfisverndar við uppbyggingu. Gert ráð fyrir 24 lóðum af ýmsum stærðum.	35,2
F4	Kotvöllur.	Svæðið er í uppbyggingu skv. deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir 6 lóðum. Á Kotvelli 13 er heimilt að reka skammtímagistingu fyrir ferðamenn.	42,0
F5	Kotvöllur.	Svæðið er í uppbyggingu skv. deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir 6 lóðum og að svæðið verði að hluta til nýtt til skógræktar.	37,5
F6	Núpur í Fljótshlíð.	Uppbygging er ekki hafin. Á svæðinu er gert ráð fyrir 15 lóðum um 0,6-0,85 ha að stærð. Deiliskipulag er í gildi	13,2
F7	Núpur í Fljótshlíð.	Gert ráð fyrir 3 lóðum sem eru 0,22 ha að stærð. Uppbygging er ekki hafin.	0,7
F8	Sámsstaðir í Fljótshlíð.	6 frístundalóðir af ýmsum stærðum í uppbyggingu skv. deiliskipulagi.	8,1
F9	Sámsstaðir í Fljótshlíð, syðsta svæðið.	Gert er ráð fyrir 8 lóðum af ýmsum stærðum. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	19,4

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING SVÆÐIS / SKIPULAGSÁKVÆÐI	STÆRÐ HA
F10	Efri-Úlfsstaðir.	Gert er ráð fyrir allt að 15 lóðum af ýmsum stærðum. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	13,8
F11	Staðarbakki í Fljótshlíð.	Gert ráð fyrir 11 lóðum af ýmsum stærðum. Svæðið er byggt að hluta. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	36,4
F12	Kirkjulækjarkot í Fljótshlíð (Réttarfit).	Gert ráð fyrir 18 lóðum af ýmsum stærðum. Svæðið er byggt að hluta. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	15,9
F13	Hellishólar í Fljótshlíð.	Gert ráð fyrir 17 lóðum af ýmsum stærðum. Svæðið er byggt að hluta. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	10,1
F14	Útskák.	Svæðið er óbyggt en gert er ráð fyrir 5 lóðum fyrir frístundahús. Heimilt er að byggja eitt hús á hverri lóð. Hámarks byggingarmagn er 200 m ² .	2,5
F15	Kirkjulækjarkot í Fljótshlíð (Heimamýri).	Heimild fyrir 7 lóðum. Svæðið er byggt að hluta. Uppbygging skv. deiliskipulagi	5,0
F16	Smáratún í Fljótshlíð.	Gert ráð fyrir 7 lóðum af ýmsum stærðum. Svæðið er byggt að hluta. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	1,4
F17	Butra í Fljótshlíð.	Gert er ráð fyrir 6 lóðum af ýmsum stærðum. Svæðið er byggt að hluta. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	15,5
F18	Hallskot.	38 lóðir sem almennt eru 0,3-0,5 ha að stærð. Svæðið er nánast fullbyggt. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	20,3
F19	Ráðagerði í landi Steinmóðarbæjar.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Óheimilt er að planta framandi ágengum plöntutegundum á svæðinu. Heimilt er að byggja á hverri lóð eitt frístundahús að hámarki 120 m ² og 25 m ² geymslu eða gestahús. Gert ráð fyrir 8 frístundalóðum.	16,8
F20	Eyvindarholt (Langhólmi).	Allt að 10 lóðir. Huga skal sérstaklega að ásýnd byggðar og að hún falli vel að umhverfinu. Hluti af svæðinu er undir hverfisvernd og gætt skal að ákvæðum varðandi gerð deiliskipulags og uppbyggingu. Óheimilt er að planta framandi, ágengum plöntum á svæðinu.	9,9
F21	Rauðuskriður.	Deiliskipulag ekki fyrir hendi. Gert er ráð fyrir 5 lóðum. Lóðastærðir 0,5 – 1,5 ha.	2,9
F22	Múlakot í Fljótshlíð, sunnan skógræktarsvæðis.	Gert er ráð fyrir 26 lóðum. Svæðið er nánast óbyggt. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	31,2
F23	Múlakot í Fljótshlíð, norðan skógræktarsvæðis.	Gert er ráð fyrir 24 lóðum. Svæðið er nánast óbyggt. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	39,5
F24	Múlakot í Fljótshlíð, sunnan Fljótshlíðarvegjar.	Gert er ráð fyrir 37 lóðum af ýmsum stærðum. Svæðið er byggt að hluta. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	51,4
F25	Múlakot í Fljótshlíð, ofan Fljótshlíðarvegjar.	22 lóðir af ýmsum stærðum. Svæðið er byggt að hluta. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	27,9
F26	Háimúli.	30 lóðir af ýmsum stærðum. Svæðið er í uppbyggingu skv. deiliskipulagi	147,2

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING SVÆÐIS / SKIPULAGSÁKVÆÐI	STÆRÐ HA
F27	Stóra-Mörk undir Eyjafjöllum.	Deiliskipulag ekki fyrir hendi. Gert er ráð fyrir allt að 20 lóðum. Stærðir lóða 0,5 – 1,0 ha.	14,6
F28	Steinborg/Fagurholt.	Gert er ráð fyrir 2 lóðum. Deiliskipulag er í gildi.	4,2
F29	Ytra-Seljaland undir Eyjafjöllum (Heiði).	Gert er ráð fyrir allt að 15 lóðum. Deiliskipulag ekki fyrir hendi. Lóðastærðir 0,5 – 1,0 ha. Svæðið er óbyggt.	10,0
F30	Ytra-Seljaland undir Eyjafjöllum (Engjar undir Drífanda).	Deiliskipulag ekki fyrir hendi. Gert er ráð fyrir 8 lóðum. Lóðastærðir 0,5 – 1,0 ha. Svæðið er óbyggt.	11,0
F31	Ytra-Seljaland undir Eyjafjöllum (sunnan Þjóðveggar).	Deiliskipulag er í skipulagsferli. Gert er ráð fyrir 35 lóðum. Stærð lóða 0,5 ha.	23,4
F32	Nátthagi í landi Seljalandsfels undir Eyjafjöllum.	Gert er ráð fyrir 20 lóðum. Á sameiginlegu svæði er tjaldsvæði. Svæðið er deiliskipulagt.	1,6
F33	Ásólfsskáli/Miðskáli undir Eyjafjöllum.	Deiliskipulag ekki fyrir hendi. Gert er ráð fyrir 7 lóðum.	5,0
F34	Moldnúpur undir Eyjafjöllum.	Gert ráð fyrir 2 lóðum. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	5,0
F35	Ystabælistorfa 1 - 5 undir Eyjafjöllum.	Gert ráð fyrir 5 lóðum sem hver er um 5,4 ha að stærð. Svæðið er byggt að hluta. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	26,9
F36	Seljalandsfel.	Deiliskipulag ekki fyrir hendi. Gert ráð fyrir 12 lóðum. Lóðastærðir 2,0 ha. Svæðið er óbyggt.	29,0
F37	Hellishólar.	Gert ráð fyrir varanlega staðsettum hjólhýsum. Deiliskipulag ekki fyrir hendi. Svæðið er tvískipt.	7,2
F38	Syðsta-Mörk.	8 lóðir, byggt að hluta. Stærð lóða 0,1-0,8 ha. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	4,1

2.3 Þjónusta

Meginþjónusta sveitarfélags er á Hvolsvelli, en áfram verði öflug nærþjónusta eða tryggt gott aðgengi s.s. með aksturþjónustu.

Stefna

- Að samfélagsþjónusta sé traust, öflug og mæti þörfum íbúa.
- Að stuðlað verði að öflugri þjónustu við íbúa í dreifbýli til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.
- Að starfsemi núverandi þjónustustofnana verði efl. Vel verði búið að söfnum og menningarstofnunum og sá auður sem í þeim felst verði nýttur til að laða að gesti og miðla þekkingu um sögu og menningu svæðisins.
- Að stuðlað verði að góðu viðhaldi og góðri nýtingu á núverandi mannvirkjum og hugað að nærumhverfi þeirra.
- Að vandað verði til frágangs umhverfis við stofnanir sveitarfélagsins þannig að lóðirnar nýtist vel til útiveru fyrir alla aldurshópa og þá sérstaklega hugað að eldri borgurum og hreyfihömluðum.
- Að leitast verði við að byggja upp fjölbreytta íþróttaaðstöðu í sveitarfélaginu.
- Að íþróttamannvirkjum verði fjölgað ef þörf krefur.
- Að skilgreina skal lóðir undir þjónustusvæði og heimila minni háttar framkvæmdir sem styrkja samfélagið og atvinnustarfsemi, án umtalsverðra áhrifa.
- Að auka umhverfisvæna orkunýtingu.
- Efla þjónustustig samhliða bættri umgengi um viðkvæm svæði.

2.3.1 Samfélagsþjónusta (S)

„Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila⁶.“

Almenni skilmálar

- Stærð lóða og heildarbyggingarmagn skal fara eftir umfangi og eðli stafsemi hverju sinni.
- Heimilt er að byggja safnaðarheimili við kirkjur og sinna viðhaldi þeirra eða endurbótum eftir þörfum.

Kirkjugarðar eru flokkaðir með kirkjum undir landnotkunarflokknum samfélagsþjónusta, þar sem kirkja og garður eru saman.

⁶ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

TAFLA 4 Samfélagsþjónusta.

AUÐKENNI	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ Í HA
S6	Akureyjarkirkja. V-Landeyjar	Kirkja og kirkjugarður. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Kirkjan er friðlýst. Heimilt er að sinna viðhaldi og endurbótum á kirkju og stækka kirkjugarð eftir þörfum.	3,0
S7	Krosskirkja. A-Landeyjar	Kirkja, safnaðarheimili og kirkjugarður. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Kirkjan er friðlýst vegna aldurs. Heimilt er að sinna viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum.	3,0
S8	Voðmúlastaðakirkja. A-Landeyjar	Kirkja og kirkjugarður. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Heimilt er að sinna viðhaldi og endurbótum á kirkju og stækka kirkjugarð eftir þörfum.	3,0
S9	Breiðabólsstaðarkirkja. Fljótshlíð	Kirkja, safnaðarheimili og kirkjugarður. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Heimilt er að sinna viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum og stækka kirkjugarð eftir þörfum.	3,0
S10	Hvítasunnukirkja og fl. Fljótshlíð	Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Heimilt er að sinna viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum eftir þörfum.	3,0
S11	Hlíðarendakirkja. Fljótshlíð	Kirkja og kirkjugarður. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Heimilt er að sinna viðhaldi og endurbótum á kirkju og stækka kirkjugarð eftir þörfum.	3,0
S12	Stóra-Dalskirkja. Undir Eyjarfjöllum	Kirkja og kirkjugarður. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Heimilt er að sinna viðhaldi og endurbótum á kirkju og stækka kirkjugarð eftir þörfum.	3,0
S13	Ásólfsskálakirkja. Undir Eyjarfjöllum	Kirkja og kirkjugarður. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Heimilt er að sinna viðhaldi og endurbótum á kirkju og stækka kirkjugarð eftir þörfum.	3,0
S14	Eyvindarhólakirkja. Undir Eyjarfjöllum	Kirkja og kirkjugarður. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Heimilt er að sinna viðhaldi og endurbótum á kirkju og stækka kirkjugarð eftir þörfum.	3,0

2.3.2 Kirkjugarðar- og grafreitir (K)

Kirkjugarðar eru flokkaðir með kirkjum undir landnotkunarflokknum samfélagsþjónusta, þar sem kirkja og garður eru saman.

TAFLA 5 Kirkjugarðar- og grafreitir.

AUÐKENNI	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ Í HA
K2	Múlakot	Heimgrafreitir.	0,1
K3	Skúmstaðir	Heimgrafreitir.	0,1

2.3.3 Íþróttasvæði (ÍÞ)

„Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar⁷.“

Stefna

- Íþróttaaðstaða sé sem fjölbreyttust og aðstaða til íþróttaiðkunar verið eflað enn frekar.
- Að íþróttasvæði stuðli að bættri lýðheilsu íbúa með fjölbreyttum svæðum þar sem hægt er að stunda fjölbreytta hreyfingu.
- Skapaðar verði enn betri aðstæður fyrir alla aldurshópa til heilsuræktar, íþrotta- og tómstunda- starfs og útivistar.

Almennir skilmálar

- Almennt skal uppbygging og ásýnd taka mið af yfirbragði byggðar, sbr. kafla 3.1.
- Gert er ráð fyrir viðbótum og breytingum á mannvirkjum og uppbyggingu á aðstöðu eftir því sem þurfa þykir.

TAFLA 6 Íþróttasvæði.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐIR Í HA
ÍÞ2	Hesthúsahverfi Miðkriki	Í gildi er deiliskipulag. Hesthúsahverfi fyrir 22 heshús, þar af 14 lóðir fyrir stök heshús og 8 lóðir fyrir raðeiningar, reiðhöll og gerði. Á svæðinu er skeiðbraut og reiðvöllur. Gert er ráð fyrir að fjölgja lóðum á svæðinu og stækka núverandi reiðhöll um allt að 500 m ² .	4,6
ÍÞ3	Golfvöllur Hellishólar	Uppbygging er skv. golfvallarskipulagi. Níu holu golfvöllur ásamt tilheyrandi mannvirkjum þ.m.t. áhaldahúsi og salerni. Völlurinn er þar 72 og 5.206 m langur. Vinsælar gönguleiðir eru um svæðið. Bætt verði aðgengi að vinsælum áningarstöðum sem eru við golfvöllinn með uppbyggingu göngustíga.	52,5

2.3.4 Stakar framkvæmdir

„Hvernig farið skuli með stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Hér er átt við smávirkanir, litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamöstur, stakar vindmyllur o.þ.h. Þetta getur einnig átt við um stök frístundahús, stök íbúðarhús og aðra mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búrekstur. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkjagerð er heimil eða óheimil og aðrar skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda⁸.“

⁷ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013)

⁸ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

Almennir skilmálar

Skilmálar þessir gilda almennt í sveitarfélaginu, þ.m.t. á landbúnaðarlandi, óbyggðum svæðum og skógræktar- og landgræðslusvæðum. Heimilt er að byggja á stakstæðum lóðum/spildum til fastrar búsetu eða frístunda, sbr. kafla 2.4.1.

Eftirtaldar framkvæmdir eru heimilar innan sveitarfélagsins án þess að afmarka landnotkun sérstaklega í aðalskipulagi. Þar sem farið er umfram þessi mörk skal skilgreina sérstaklega landnotkun fyrir umrædda framkvæmd. Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar eftirfarandi stakar framkvæmdir verða heimilaðar. Áfram verður gerð krafa um deiliskipulag eða eftir atvikum grenndarkynningu, þá þarf framkvæmdaleyfi og/eða byggingaleyfi. Einnig geta framkvæmdir verið tilkynningarskyldar, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

- Örvirkjanir/litlar virkjanir til eigin nota og/eða í tengslum við þjónustustarfsemi s.s. til að sjá stökum húsum eða fjarskiptasendum fyrir umhverfisvænni raforku. Slíkar virkjanir geta verið fjarri almennum veituleiðum. Stærð allt að 200 kW.
- Vatnsaflsvirkjanir, ásamt allt að 20 m² aðstöðuhúsi, lögnum og vegi að virkjuninni. Stærð allt að 200 kW.
- Vindrafstöðvar þar sem raforkan er ætluð til staðbundinna nota, allt að 1 MW. Vindrafstöðvar geta verið allt að 25 m háar í efstu stöðu spaða. Einnig er gert ráð fyrir lögnum og vegum að þeim ásamt allt að 20 m² aðstöðuhúsi. Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar vindrafstöðvar verða heimilaðar. Meðal annars verður tekið tillit til hljóðvistar, ríkjandi vindáttar, skuggaflökts og fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag. Vindrafstöðvar verða þó aldrei heimilaðar innan þéttbýlis né í frístundabyggð eða í innan við 300 metra fjarlægð frá annarri byggð og nágrennandiörðum.
- Önnur minni orkuvinnsla, undir 200 kW s.s. nýting sólarorku, vetnis eða metans. Þó skulu sólarcellur aldrei verða stærri en 250 m² að flatamáli.
- Veitumannvirki s.s. spenn- og dælustöðvar fyrir vatns- og hitaveitu. Stærð bygginga getur verið allt að 20 m². Heimilt er að leggja lagnir í jörð eða ofanjarðar að fengnu samþykki landeiganda og að uppfylltum þeim reglum og leyfum sem krafist er.
- Fjarskiptamöstur, allt að 35 m há ásamt aðstöðuhúsi allt að 20 m², lögnum og vegum. Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar fjarskiptamöstur verða heimiluð. Meðal annars verður tekið tillit til hljóðvistar og fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag.
- Þjónustuhús og kynningarastaða. Heimilt er að gera áningarstaði við megin ferðaleiðir, s.s. göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum útsýnisstöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upp bílastæði, upplýsingaskilti/kort og byggja allt að 20 m² þjónustuhús sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila. Þá er heimilt að vera með áningarhólf fyrir hesta í tengslum við reiðleiðir.
- Heimilt er að koma upp minni söfnunarsvæðum fyrir úrgang fyrir aðlæga byggð.
- Eftirlits- og rannsóknastarfsemi s.s. tilraunaborholur, skoðun jarðefna, vinnubúðir vegna framkvæmda o.fl.

- Almennt skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Lóðastærðir skulu taka mið af umfangi mannvirkja og að jafnaði ekki fara yfir 1,0 ha.

Þar sem stök mannvirki eru byggð skal ganga vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi (sbr. kafli 2.1.1). Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

2.4 Atvinnusvæði

Í þessum kafla er fjallað um atvinnusvæði í dreifbýli og á hálendinu.

„Samkvæmt landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, s.s. til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar í sátt við náttúru og landslag. Landnotkun styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðaðróun. Einnig er gert ráð fyrir að flokkun landbúnaðarlands sé lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum⁹.“

Sveitarfélagið vill að þar þrífist fjölbreytt, kröftugt og skapandi atvinnulíf sem byggir á öflugum innviðum og þeim grunni sem þegar er til staðar. Við uppbyggingu atvinnusvæða skal, eftir atvikum, taka tillit til kafla 2.1.1 um umhverfi og yfirbragð byggðar.

Stefna

- Að landnýting skuli vera í sátt við náttúruna og ekki misbjóða henni með ofbeit, mengun eða á annan hátt. Á illa förnum svæðum skal stefnt að endurheimt landgæða og að stöðva uppblástur þar sem við á.
- Að landbúnaðarland verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
- Að stuðlað verði að kolefnisjöfnun í landbúnaði og að bændur og aðrir landeigendur vinni að kolefnishlutleysi, m.a. með vinnslu og nýtingu umhverfisvænna orkugjafa.
- Að skógrækt og skjólbeltarækt verði nýtt til að bæta búsetuskilyrði, ræktunarmöguleika og til að mynda skjól og verði eflað til útivistar og bindingar kolefnis samhliða nýtingu skógarafurða.
- Að efla og styrkja núverandi atvinnustarfsemi og skapa ákjósanleg skilyrði fyrir fjölbreytta starfsemi samhliða nýsköpun, s.s. framleiðslu- og matvælaíðnaði.
- Að stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu, m.a. með markaðssetningu gistimöguleika á svæðinu til að fjölga gistinóttum og lengja dvöl ferðamanna. Þjónusta við ferðamenn verði eflað og möguleikum til afþreyingar fjölgað, til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggðina.
- Skilgreina skal verslunar- og þjónustusvæði eða afþreyingar- og ferðamannasvæði ef stefnt er á rekstur umfram almenna skilmála fyrir landbúnaðarland eða rekstur á óbyggðum svæðum.
- Að leggja áherslu á sjálfbæra náttúruferðamennsku með góðu aðgengi samhliða verndun náttúrminja. Gætt skal að jafnvægi milli hagrænna þátta ferðaþjónustu og verndun vistgerða og náttúru.
- Að möguleikum til afþreyingar verði fjölgað ásamt því að efla þau tækifæri sem fyrir eru. Samhliða því verða settar almennar reglur um stýringu ferðamanna á helstu ferðamanna-

⁹ (Skipulagsstofnun 2016).

stöðum. Aðstaða og skipulag stuðli að góðri umgengni og sporni gegn hnignun svæða. Áningarstaðir verði útbúnir hjá áhugaverðum stöðum, einkum til að hlúa að náttúru-, sögu- og minjavernd og til að bæta aðgengi.

- Að stuðlað verði að skynsamlegri orkunýtingu og leitað leiða til nýtingar umhverfisvænna orkugjafa.
- Að sveitarfélagið nýtir jarðefni til mannvirkjagerðar, en með þeim skilmálum að huga þurfi að umhverfisáhrifum nýtingarinnar.
- Að umfang og staðsetning starfsemi sem getur haft mengun í för með sér verður vandlega ígrunduð m.t.t. áhrifa á byggð og náttúru. Stefnt er að uppbyggingu fyrir grófari iðnaðarstarfsemi fjær þéttri byggð, s.s. við Stórólfsvelli.
- Að leita leiða til að efla fyrirkomulag söfnunar og förgunar úrgangsefna m.a. til að draga úr urðun úrgangs. Unnið verði að úrbótum í úrgangsmálum, s.s. með skilvirkari flokkun hanss, endurvinnslu og endurnýtingu.
- Efla skal skógræktarstarf, sérstaklega endurheimt birkiskóga og til kolefnisbindingar.
- Útbúa aðstöðu til leiðbeiningar og þjónustu fyrir ferðafólk á áhugaverðum stöðum þ.á.m. öll svæði sem Katla-jarðvangur hefur skilgreint sem aðdráttarafl svæðisins.

2.4.1 Landbúnaðarsvæði (L)

„Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.“¹⁰

Almennir skilmálar

- Byggingar á landbúnaðarlandi skulu almennt tengjast rekstri jarðarinnar (L1 og L2) og/eða annarri takmarkaðri starfsemi ábúanda á jörðinni.
- Halda skal í dreifbýlisyfirbragð í sveitarfélaginu, þ.e. ekki vera með samfellda byggð eða götuumynd eða litlar samliggjandi lóðir.
- Ný íbúðarhús skulu vera innan við 1.000 m frá stofn- og tengivegum eða innan við 500 m frá núverandi héraðsvegum.
- Samfelld nytjaskógrækt eða endurheimt votlendis yfir 3 ha á landbúnaðarlandi skal tilkynnt sveitarfélagi og eftir atvikum óskað breytinga á aðalskipulagi, sbr. kafla 2.4.2.
- Unnin verður áætlun um endurheimt votlendis á svæðum sem ekki eru nýtt til ræktunar og hafa ekki áhrif á grunnvatnsstöðu aðliggjandi ræktunarlands.
- Unnið að stækkun náttúrlegra birkiskóga m.a. með beitarfriðun og plöntun í samræmi við Bonn-áskorun um endurheimt skóga.
- Lyktarmengandi starfsemi s.s. eldishús alifugla, loðdýra og svína skal staðsett að jafnaði í a.m.k. 250 m fjarlægð frá annarri byggð þó aldrei nær en sem segir í reglugerð 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína. Staðsetningu eldishúsa skal skoða í hverju tilfelli fyrir sig og meta m.a. út frá áætluðum fjölda dýra, ríkjandi vindátt og náttúrufarslegum aðstæðum. Sérstaklega skal meta fjarlægðarmörk í nágrenni þéttbýlis og þjónustu- eða ferðamannastaða.
- Eldishús, sem krefjast starfsleyfis UST (skv. reglugerð) skulu vera á skilgreindu iðnaðarsvæði.

¹⁰ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

- Við byggingu mannvirkja og aðrar framkvæmdir skal forðast að raska verndarsvæðum nema til komi mótvægisáðgerðir.
- Heimilt er að nýta byggingar sem fyrir eru á jörðinni og reisa nýbyggingar fyrir atvinnustarfsemi, sem fellur vel að búrekstri og nýtingu viðkomandi jarðar og ekki hefur neikvæð áhrif á umhverfi sitt.
- Sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað mega vera allt að 1.500 m² (samtals eldri hús og ný).
- Hvatt er til að bændur og aðrir landnotendur vinni að kolefnishlutleysi og kolefnisjöfnun í sínum rekstri.
- Forðast skal að raska góðu og samfellu landbúnaðarlands. Horfa skal til flokkunar landbúnaðarlands þegar skipta á landi upp til annarrar nýtingar.
- Heimilaðar eru ýmis konar stakar framkvæmdir sbr. kafla 2.3.4.

Gerð er grein fyrir byggingarheimildum í dreifbýli án tengsla við búrekstur í kafla 2.2.1. Allar byggingar sem tengjast búrekstri, þ.m.t. íbúðarhús og starfsmannahús eru heimil og eftir atvikum eru stofnaðar sérstakar lóðir undir byggingarnar.

Landbúnaðarsvæði í sveitarfélaginu hafa verið flokkuð, m.t.t. ræktunarhæfni og nýtingar til matvælaframleiðslu sjá forsenduhefti, kafla 3.3 um flokkun landbúnaðarlands og viðauka. Meginmarkmið er að vernda gott landbúnaðarland til áframhaldandi matvælaframleiðslu. Út frá niðurstöðu flokkunarinnar er landbúnaðarsvæðum skipt í 3 flokka í aðalskipulagi; L1, L2 og L3 og settir sérskilmálar fyrir hvern flokk. Um landbúnaðarsvæði gildir jafnframt almenn stefna sem sett er fram hér að ofan.

Mikilvægt er að hafa í huga nákvæmni grunnagna við flokkun landbúnaðarlands. M.a. voru notuð vistgerða- og jarðvegskort unnin að miklu leyti með fjarkönnun þó að vettvangsathuganir hafi líka verið veigamikill þáttur í vinnslu þeirra gagna. Jarðvegskortið sem stuðst var við er gefið út í mælikvarðanum 1:250.000 en vistgerðakortið í 1:25.000. Þegar þessi gögn eru færð í sömu upplausn er eðlilegt að nokkur alhæfing og einföldun eigi sér stað. Því verður að hafa nákvæmni grunnagnanna í huga þegar niðurstöður úr flokkun sem þessari eru túlkaðar því niðurstaðan getur aldrei orðið nákvæmari en gögnin sem notuð eru. Því kann að þurfa að endurskoða flokkun í ákveðnum tilfellum óski landeigandi eftir því.

TAFLA 7 Skipulagsskilmálar fyrir landbúnaðarland.

AUÐKENNI	HEITI	SKILMÁLAR	STÆRÐ Í HA
L1	Úrvals landbúnaðarland með takmörkuðum byggingarheimildum	<p>Land sem er skilgreint sem úrvals landbúnaðarland (flokkur I. skv. kortlagningu) sléttlendi, frjósamur jarðvegur og nær grjótblaust.</p> <ul style="list-style-type: none"> Ekki er heimilt að rjúfa samfellu á góðu landbúnaðarlandi með mannvirkjum eða samfelldri skógrækt. Byggja skal í tengslum við núverandi bæjartorfur en í einhverjum tilfellum getur mannvirkjagerð verið heimil í jaðri svæða. Afturkræfar framkvæmdir eru heimilaðar, s.s. íþróttasvæði, tjaldsvæði, golfvellir o.fl. þar sem ekki er um varanleg mannvirki að ræða. Það verður skoðað í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu og eftir atvikum skal breyta landnotkun viðkomandi svæða sé um umfangsmikla starfsemi að ræða. Framkvæmdir í almannapágu s.s. veitur og vegagerð er heimil. Heimilt er að planta skjólbeltum og trjálundum, m.a. við bæjartorfur og akra. 	49.298,0
L2	Annað landbúnaðarland	<p>Land sem er skilgreint sem landbúnaðarland í flokki II-IV (sbr. kortlagningu)¹¹. Land að hluta til ágætt til akuryrkju, einkum land í flokki II sbr. kortlagningu.</p> <ul style="list-style-type: none"> Forðast skal að raska samfellu á góðu ræktunarlandi með mannvirkjagerð. Heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi. Svæðið hentar oft vel til landgræðslu og skógræktar, frístunda- og útiveru og til landbúnaðar. Halli o.fl. getur takmarkað ræktunarmöguleika. 	19.186,2
L3	Landbúnaðarland með rúmum byggingarheimildum	<p>Meginlandnýting verður áfram landbúnaður sem atvinnustarfsemi eða áhugabúskapur en svæðið kann að henta vel til síðari uppbyggingar þéttari byggðar. Landbúnaðarstarfsemi er víkjandi, ef nýta þarf land til annarra nota s.s. í tengslum við þéttbýlismyndun, íbúðarbyggð eða atvinnustarfsemi.</p> <ul style="list-style-type: none"> Heimilt er að byggja upp landspildur til fastrar búsetu, eða annarrar starfsemi, sbr. almenn ákv. um landbúnaðarland. Lóðarstærðir geta verið allt að 10 ha. Nýtingarhlutfall allt að 0,1 en byggingamagn lóðar skal þó aldrei fara yfir 3.000 m², nema vegna búrektsturs. 	329,0

¹¹ (Guðrún Lára Sveinsdóttir 2020).

2.4.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

„Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.“¹²“

Almennir skilmálar

- Ekki þarf að breyta aðalskipulagi til að skilgreina ný uppgræðslusvæði svo fremi að afmörkun þeirra hafi ekki neikvæð áhrif á verndarsvæði eða minjar. Landgræðsla, friðun og plöntun birkis og annarra tegunda er heimil til kolefnisbindingar og endurheimt skóga sbr. Bonn áskorunina.
- Skilgreina skal skógræktar- og landgræðslusvæði, sé um að ræða samfellda ræktun á 3 ha svæði eða stærra.
- Ekki skal fara í samfellda skógrækt á skilgreindum náttúruverndarsvæðum eða innan landbúnaðarlands L1.
- Hefta skal útbreiðslu ágengra plöntutegunda.
- Áætlanir um skógrækt á samfelldum svæðum sem eru 3 ha eða stærri þar sem m.a. koma fram upplýsingar um afmörkun, tegundaval, tímaáætlanir og fornleifakönnun skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spillt s.s. vegna náttúruvafars, votlendis, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja verði skógrækt að jafnaði takmörkuð eða óheimil óháð stærð svæðis.
- Heimilt er að hafa mannvirki sem þjóna notkun svæðanna, s.s. bílastæði, snyrtiaðstöðu, útivisarleiðir, áningarstaði og upplýsingaskilti.
- Við skipulag skógræktar verði hugað að því að vernda landslag og ásýnd svæða og að skógur spilli ekki góðum útsýnisstöðum.

Skógræktarsvæði sem skilgreind eru í skipulagsáætluninni eru ýmist svæði á vegum skógræktarfélaganna, skógrækt í tengslum við Skógræktina eða skógrækt á vegum einstaklinga. Mörg svæðanna eru einnig nýtt sem útivistarsvæði.

TAFLA 8 Skógræktar- og landgræðslusvæði.

AUÐKENNI	HEITI	STÆRÐ HA	LÝSING OG SKILMÁLAR
SL1	Við þverá að sunnanverðu	134,0	Skógræktarsvæði á vegum Skógræktarfélag Rangæinga. Hluti af skógræktarsvæði samkvæmt samningi við Skógræktarfélag Íslands. Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum innan svæðisins, öðrum en þeim sem þjóna notkun svæðisins svo sem útivistarleiðum, skiltum og bílastæðum.
SL2	Við þverá að norðanverðu	130,4	Skógræktarsvæði á vegum Skógræktarfélag Rangæinga.
SL3	Við þverá að sunnanverðu	11,7	Skógræktarsvæði á vegum Skógræktarfélag Rangæinga.
SL4	Við þverá að norðanverðu	16,3	Skógræktarsvæði á vegum Skógræktarfélag Rangæinga.

¹² (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

AUÐKENNI	HEITI	STÆRD HA	LÝSING OG SKILMÁLAR
SL5	Kotvöllur	76,8	Skógræktarsvæði á vegum Skógræktarfélags Rangæinga.
SL6	Tungu- og Tumastaðaskógur í Fljótshlíð	304,6	Skógræktarstöð og skógur. Vinsæll útivistarstaður. Búið er að rækta upp Allmikið skóglendi, heimilt er að leggja gögnustíga og koma fyrir borðum og bekkjum. Umhverfið er fallett, skjólsamt og mikið fuglalíf. Útivistarleiðir sem öllum er velkomið að njóta.
SL7	Múlakot í Fljótshlíð	23,2	Skógrækt á grunni ræktunarstarfs Guðbjargar í Múlakoti.
SL8	Múlakot, sunnan Þjóðveggar	82,0	Skógrækt á vegum Skógræktarfélags Rangæinga.
SL9	Bjarkarey	47,5	Skógræktarsvæði með samning við Suðurlandsskóga um nytjaskógrækt.
SL10	Seljaland undir Eyjafjöllum	2,3	Útivistarskógrækt ungmennafélagsins.
SL11	Hamragarðaheiði	7,2	Skógrækt á vegum Skógræktarfélags Rangæinga.
SL12	Moldhnúpur	13,4	Skógræktarsvæði með samning við Suðurlandsskóga.
SL13	Í Skógum undir Eyjafjöllum	11,8	Landgræðsluskógrækt við Þjóðveg. skv. deiliskipulagi.
SL14	Í Skógum undir Eyjafjöllum	8,8	Útivistarskógrækt. Innan svæðis er frístundalóð fyrir eitt hús skv. deiliskipulagi.

2.4.3 Verslun og þjónusta (VP)

„Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum¹³.“

Mikilvægt er að verslun og þjónusta byggist upp víða í sveitarfélaginu til að efla ferðamennsku og þjónustu við íbúa svæðisins og gesti.

Almennir skilmálar

- Stærð lóða og heildar byggingarmagn skal fara eftir umfangi og eðli starfsemi hverju sinni.
- Í deiliskipulagi verði skilgreint umfang og eðli verslunar- og þjónustusvæða. Þar verði skilgreind frekari uppbygging þjónustu. Lögð er áhersla á góðan frágang lóða. Bílastæði skulu vera innan hverrar lóðar og nægilega mörg til að anna þeirri starfsemi sem fer fram á lóðinni.

TAFLA 9 Verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD HA
VP5	Fornhagi	Í gildi er deiliskipulag fyrir 15 ha svæði. Gert er ráð fyrir 6 ha tjaldsvæði, ferðavagna, húsbíla og hjólhúsi, og hins vegar 9 ha svæði fyrir allt að 50 gistihús. Allt að 50 m ² að stærð. Einnig er gert ráð fyrir uppbyggingu á þjónustuhúsi, salernis- og sturtuaðstöðu og grillhúsi. Einnar hæðar lágrest byggð sem fellur vel að umhverfi sínu. Mannvirki með samræmt yfirbragð í lágstemmdum jarðlitum.	15,6

¹³ (Skipulagsstofnun 2016)

AUÐK ENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD HA
VP6	Félagsheimilið Njálsbúð	Ýmis þjónusta við bæði heimamenn og ferðamenn. Gamalt íþróttasvæði er við húsið. Heimilt er að stækka félagsheimilið og sinna viðhaldi eða endurbótum eftir þörfum. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	3,0
VP7	Félagsheimilið Goðaland	Félagsheimili og ferðapjónusta. Gamalt íþróttasvæði er við húsið. Heimilt er að stækka félagsheimilið og sinna viðhaldi eða endurbótum eftir þörfum. Ekki er heimilt að vera með gistingu. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	3,0
VP8	Kirkjulækur / Kaffi Langbrók	Ferðapjónusta. Veitingarekstur, tjaldsvæði o.fl. Svæðið er deiliskipulagt.	3,0
VP9	Hellishólar - Fljótshlíð	Ferðapjónusta. Veitingarekstur og tjaldsvæði. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	13,2
VP10	Smárátún í Fljótshlíð	Ferðapjónusta. Gisting, veitingar og tjaldsvæði. Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir smáhýsi og sumarhús.	3,0
VP12	Hótel Selja	Ferðapjónusta, veitingarekstur, gisting o.fl. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	3,0
VP13	Brú	Ferðapjónusta, veitingarekstur, gisting o.fl. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	3,0
VP14	Hamar	Á svæðinu er íbúðarhús. Heimilt er að byggja gistiskála og aðstöðuhús. Heildar byggingarmagn getur verið allt að 700 m ² . Svæðið er 3,7 ha að stærð. Mænishæð allt að 6,0 m. Deiliskipulag í gildi.	4,0
VP15	Félagsheimilið Gunnarshólmi	Félagsheimili og ferðapjónusta. Gamalt íþróttasvæði er við húsið. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	3,6
VP16	Landeyjarhöfn	Heimilt er að byggja upp í tengslum við veitinga- og þjónustustarfsemi s.s. veiði, siglingar o.fl.	3,0
VP17	Brúnir	Ferðapjónusta, þjónustumiðstöð. Lágrest mannvirki um 340 m ² . Við hönnun mannvirkis verði tekið tillit til viðkvæms umhverfis. Óheimilt er að planta framandi ágengum tegundum á skipulagssvæðinu. Uppbygging samkv. deiliskipulagi.	3,0
VP18	Seljaland	Ferðapjónusta, veitingarekstur, gisting o.fl. Í gildi er deiliskipulag.	3,6
VP19	Félagsheimilið Heimaland	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Heimilt er að stækka félagsheimilið og sinna viðhaldi eða endurbótum eftir þörfum. Heimilt er að vera með gistingu.	5,9
VP20	Skálakot	Ferðapjónusta, veitingarekstur, gisting o.fl. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	3,0
VP21	Moldnúpur	Ferðapjónusta, veitingarekstur, hótél o.fl. Uppbygging samkv. deiliskipulagi.	3,0
VP22	Moldhnúpur	Ferðapjónusta, veitingarekstur, gisting o.fl. Unnið verður deiliskipulag.	8,0
VP23	Porvaldseyri, gestastofa sunnan Þjóðvegur	Gestastofa. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	3,0
VP24	Lambafell	Ferðapjónusta, veitingarekstur, gisting o.fl. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	3,0
VP25	Hótel Edinborg	Ferðapjónusta, veitingarekstur, gisting o.fl. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	3,0
VP26	Rauðsbakki	Ferðapjónusta, veitingarekstur, gisting o.fl. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	5,8
VP27	Drangshlíð	Ferðapjónusta, veitingarekstur, gisting o.fl. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	3,0

2.4.4 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

„Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar¹⁴.“

¹⁴ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

Almennir skilmálar

- Bæta aðgengi að hálendissvæðum m.a. með styrkingu vegakerfis og gerð göngubrúar yfir Markarfljót við Húsadal.
- Gert er ráð fyrir svigrúmi á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum. Við endurgerð bygginga á hálendinu og/eða nýbyggingar verður metið hvort halda skuli í núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar ásýndar, m.a. til að aðlaga mannvirki betur að umhverfi og fyrirhugaðri notkun.
- Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði gætt að samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Mannvirki skulu vera látlaus og nota skal byggingarefni sem þarfnast lítills viðhalds. Gerð er krafa um vandaðan frágang mannvirkja og að raskað svæði falli sem best að aðliggjandi landi s.s. með endurheimt staðargróðurs. Við framkvæmdir skal leitast við að raska eins litlu svæði og mögulegt er.
- Á hverju svæði verði gert ráð fyrir bílastæðum, göngustígum/hjólaleiðum, upplýsingaskiltum, merkingum og eftir atvikum snyrtingu og öðrum þjónustubyggingum.
- Aðstaða í fjallaskálum verði bætt til að mæta kröfum gesta um betri aðbúnað og þjónustu og til að efla mögulega atvinnustarfsemi.
- Afmarkaðar verða lóðir fyrir skála á afréttinum og skal stærð þeirra taka mið af umfangi starfseminnar. Lóðum er eingöngu úthlutað til aðila sem stunda tengda þjónustu eða eftirlit.
- Skálar á afrétti geta verið á 1-2 hæðum.
- Heimild til orkuframleiðslu sem þjónar viðkomandi starfsemi sbr. kafla 2.3.4.
- Fjölga merktum ferðamannastöðum bæði á láglandi og hálendi.
- Framvæmdir skulu ekki rýra svæði á náttúruminjaskrá.

TAFLA 10 Afþreyingar og ferðamannasvæði.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
AF1	Hellishólar	Gert ráð fyrir tjaldsvæði og aðstöðu því tengt s.s. aðstöðuhúsum og rafmagnstenglum. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	1,5
AF2	Langanes	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðum að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF3	Djúpidalur	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF4	Eystri-Rangá	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum	3,0

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
		bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	
AF5	Efra-Hvolshellar	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF6	Vatnsdalshellir	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF7	Þríhyrningur	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF8	Drumbabót	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF9	Merkjáfoss	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF10	Stóra-Dímon	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF11	Litla-Dímon	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF12	Nauthúsagil	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF13	Bleiksárgljúfur	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF14	Markarfljótsaurar	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
AF15	Þórólfsfelli í Fljótshlíð	Fjallasel. Áningarstaður á reiðleiðum. Gisting fyrir allt að 20 manns. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	10,0
AF16	Mögugilshellir	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF17	Þórólfsfell	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF18	Tindfjallasel	Fjallasel. Á svæðinu er einn skáli. Lóð allt að 5 ha að stærð. Gisting er fyrir allt að 24 manns. Unnið verður deiliskipulag af svæðinu.	3,0
AF19	Miðdalur	Fjallasel. Á svæðinu er einn skáli. Lóð allt að 5 ha að stærð. Unnið verður deiliskipulag af svæðinu.	3,0
AF20	Tindfjallaskáli	Fjallasel. Á svæðinu er einn skáli. Lóð allt að 5 ha að stærð. Gisting er fyrir allt að 9 manns. Unnið verður deiliskipulag af svæðinu.	3,0
AF21	Tindafjallajökull	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF22	Emstruskáli (Mosar)	Skálasvæði. Gisting fyrir allt að 20 manns. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	3,0
AF23	Hattfellsgil	Fjallasel Gangnamannakofi (í einkaeigu). Gisting fyrir allt að 20 manns. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	3,0
AF24	Botnsskáli í Emstrum (Efri Botn)	Fjallasel. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Á svæðinu eru þrjú gistiskálar, skálavarðarhús, salernishús og tjaldsvæði. Gisting er fyrir allt að 20 manns í hverjum gistiskála. Gert er ráð fyrir að hægt sé að bæta við gistiskála allt að 100 m ² að stærð og að skálavarðarhús og salernisaðstaða geti stækkað til að anna þeim ferðamannfjölda sem leið á um svæðið.	3,0
AF25	Emstrur, Fjallabak	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF26	Markarfljótsgljúfur	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
AF27	Bólstaður sunnan Einhyrnings	Fjallasel. Gisting fyrir allt að 20 manns. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	3,5
AF28	Við Ljósá á Almennungum	Fjallasel. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	3,0
AF29	Vesturendi göngubrúar við Markarfljót, suður af Fauskheiði	Fjallasel. Áningastaður með möguleika á að ganga/hjóla yfir í Húsadal og stunda útivist í Þórsmörk. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	3,0
AF30	Húsadalur í Þórsmörk	Skálasvæði. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Í Húsadal hefur verið byggð upp þjónusta fyrir ferðamenn, s.s. veitingar og gisting, og er áætlað að efla þá starfsemi enn frekar. Skilgreindar eru 9 mis stórar lóðir. Á þremur lóðum er gert ráð fyrir plássfrekri starfsemi auk bygginga, s.s. tjaldsvæði, afþreyingarsvæði eða aðstöðu fyrir hestaferðir. Ekki er gert ráð fyrir umfangsmikilli gistiþjónustu á lóðum sem skilgreindar eru fyrir eftirlits- og/eða þjónustuaðila eða plássfreka starfsemi. Kvöð er á öllum lóðum um lagnaleiðir. Nýjar byggingar skulu reistar í brekku eða í brekkufæti og felldar að landslagi. Gisting er fyrir allt að 30 gesti í húsi en heimilað að auka gistipláss.	30,0
AF31	Langidalur og Slyppugil í Þórsmörk	Skálasvæði. Í gildi er deiliskipulag og er uppbygging skv. því. Ekki er gert ráð fyrir verulegri uppbyggingu í Langadal og Slyppugili umfram þá starfsemi sem nú þegar er á svæðinu. Afmarkaðar eru 2 lóðir fyrir gistiskála og þjónustuhús fyrir ferðamenn ásamt svæði fyrir tjaldsvæði. Þá er afmörkuð lóð undir núverandi aðstöðu Skógræktarinnar. Hámarks stærð hvers húss er 300 m ² . Gisting fyrir allt að 13 í húsi en heimilað að auka gistipláss. Í Skagfjörðsskála er gisting fyrir allt að 75 manns.	13,0
AF32	Þórsmörk	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF33	Básar í Goðalandi	Skálasvæði. Uppbygging er skv. deiliskipulagi. Afmarkaðar eru 5 misstórar þjónustulóðir. Hámarks stærð húsa er 300 m ² . Skilgreindar eru lóðir fyrir núverandi starfsemi og tjaldsvæði. Gert er ráð fyrir þjónustu/snyrtihúsum í tengslum við tjaldsvæðið. Þá er gert er ráð fyrir nýjum lóðum fyrir þjónustuaðila í brekkufæti. Heimilt er að stækka núverandi hús og byggja smáhýsi fyrir gistingu. Gert ráð fyrir uppbyggingu þjónustumiðsvöðvar og dagdvalaraðstöðu. Gisting fyrir allt að 70 manns í tveimur skálum.	38,0

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
AF34	Steinsholtsjökull	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF35	Fimmvörðuháls, Magni og Móði	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF36	Fimmvörðuskáli á Fimmvörðuhálsi	Fjallasel. Á svæðinu er einn skáli. Gisting fyrir allt að 18 manns. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	3,0
AF37	Baldvinsskáli á Fimmvörðuhálsi	Fjallasel. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Skipulagið gerir ráð fyrir að öll mannvirki skuli tengjast ferðaþjónustu. Á staðnum er skáli og kamar. Heimilt er að reisa skála, geymslu/skálavarðarhús og salernisbyggingar ásamt timburverönd við skála sem og skjólveggi innan byggingarreits. Heildarbyggingarmagn allra bygginga allt að 150 m ² svefnloft ekki meðtalið. Gisting fyrir allt að 40 manns.	3,0
AF38	Eyjafjallajökull	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF39	Gígjökull	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF40	Við Gígjökul á Þórsmerkurleið	Við Gígjökul er eingöngu gert ráð fyrir litlu þjónustuhúsi þar sem verðar veittar upplýsingar um svæðið og helstu leiðir um það.	3,0
AF41	Vestan Eyjafjallajökuls við Seljalandsá	Fjallasel. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	3,0
AF42	Hamragarðar, Seljalandsfoss og Gljúfrabúi	Útivistar- og ferðamannasvæði. Hamragarðar, Seljalandsfoss og Gljúfrabúi er mjög fjölsóttur ferðmannastaður, og einn af skilgreindum áningarstöðum Kötlu jarðvangs. Þórsmerkurvegur liggur um svæðið en um hann er meginleið inn í Þórsörk. Skv. deiliskipulagi er gert ráð fyrir að byggja þjónustumiðstöð allt að 1.000 m ² að stærð. Við gamla Hamragarðabæinn er ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu en endurbyggja þarf íbúðar- og útihús í samráði við Minjastofnun. Mannvirki á lóðinni eru felld undir hverfisvernd vegna menningarmínja. Heimilt er að byggja skemmu fyrir tæki og tól allt að	77,3

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
		250 m ² . Núverandi tjaldsvæði sem er á túninu kringum Hamragarðabæinn er víkjandi landnotkun. Í Kverkinni er heimilt að byggja þjónustuhús að hámarki 50 m ² að stærð. Gert er ráð fyrir að byggja upp heildstætt og öflugt stígakerfi. Gert er ráð fyrir að megin gönguleiðir á svæðinu verði aðgengilegar fyrir alla. Eins er gert ráð fyrir áningarstöðum á völdum stöðum t.a.m. við fossana við gömlu virkjunina og Hamragarðabæinn.	
AF43	Tjarnir, Tjarnanes	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF44	Paradísarhellir	Hellir í landi Fitjar. Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF45	Hvamsmúli, Kálfhamar	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF46	Pöstin, Dysjarhóll	Sérstæðir hólar/klettur. Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF47	Steinahellir	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF48	Seljavellir	Ferðþjónusta, sundlaug og tjaldstæði.	3,0
AF49	Seljavallalaug	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF50	Hrútafell, Hrúthellir	Fjall / hellir í landi Hrútafells 1. Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF51	Drangurinn í Drangshlíð	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
AF52	Skógafoss	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda og Umhverfisstofnun, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0
AF53	Í Skógum undir Eyjafjöllum	Tjaldsvæði. Deiliskipulag í vinnslu. Svæði sunnan Kvernu, vestan Skógafossvegur og er innan jaðarsvæðis friðlýsingar. Fá þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir mannvirkjagerð.	10,0
AF54	Kvernugil	Áningastaður Kötlu jarðvangs. Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum.	3,0

2.4.5 Iðnaðarsvæði (I)

„Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólþælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni¹⁵.“

Almennir skilmálar

- Í deiliskipulagi iðnaðarsvæða verði lögð áhersla á góðan frágang umhverfis og góða umgengni.
- Ávallt skal beita bestu fánlegu tækni til að draga úr mengun frá iðnaðarsvæðum t.d. vegna lofthávaða- og rykmengunar.
- Við staðsetningu vindlunda og/eða stakra vindrafstöðva skal hafa í huga sýnileika mannvirkja og fjarlægð frá íbúðarhúsum m.t.t. hljóðvistar. Taka skal tillit til verndarsvæða og víðerna. Vindlundur og/eða hærri stakar vindrafstöðvar verða einungis heimilaðar ef fyrir liggur skilgreining svæðis í nýtingarflokki rammaáætlunar.
- Heimilt að reisa stakar vindmyllur, á skilgreindum iðnaðarsvæðum, allt að 5 MW og allt að 50 m háar, m.v. hæstu stöðu spaða. Fjarlægð vindmylla frá íbúðar- og frístundahúsum þarf að vera nægjanleg til að tryggja að hljóðvist og skuggaflökt sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Vindmyllur skulu almennt ekki vera nær byggingum á nágrennajarðum en sem nemur fjórfaldri hæð vindmyllu. Vindmyllur skulu ekki vera nær háspennulínum, tengivirkjum, helstu vegum en sem nemur heildarhæð vindmyllunnar. Vindmyllur eru ekki leyfðar innan friðlýstra svæða.

¹⁵ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

- Pauleldi svína og alifugla sem er það umfangsmikið að það er háð starfsleyfi frá Umhverfisstofnun skal vera á iðnaðarsvæði.

TAFLA 11 Iðnaðarsvæði.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD HA
I5	Djúpidalur	Dælustöð fyrir hitaveitu. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	0,2
I6	Stórolfsvöllur	Fjölbreytt starfsemi. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	19,1
I7	Hallgeirsey í Landeyjum	Landtökustöð ljósleiðara. Deiliskipulag ekki fyrir hendi	0,3
I8	Rimakot í Landeyjum	Spennistöð. Heimild fyrir uppbyggingu og endurbótum tengivirkja. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	1,0
I9	Neðri-Dalur undir Eyjafjöllum	Ljósárvirkun. Uppsett afl 956 kW. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	32,0
I10	Austan Holts undir Eyjafjöllum	Spennistöð. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	0,2
I11	Á Skógasandi	Urðunarsvæði fyrir óvirkan úrgang. Svæðinu er áfangaskipt og skal gengið frá hverju svæði þegar urðun er lokið.	7,0

2.4.6 Athafnasvæði (AT)

„Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður¹⁶.“

Almennir skilmálar

- Stærð lóða og heildarbyggingarmagn skal fara eftir umfangi og eðli stafsemi hverju sinni.
- Ávallt skal beita bestu fánlegu tækni til að draga úr mengun frá athafnasvæðum t.d. vegna lofthávaða- og rykmengunar.
- Ásýnd og umgegni athafnasvæða skal ávallt vera til fyrirmyndar.

Hér á eftir er yfirlit yfir athafnasvæði í sveitarfélaginu og tilgreint hvers konar starfsemi fer fram á þeim í dag.

¹⁶ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

TAFLA 12 Athafnasvæði.

AUÐKENNI	HEITI	SKIPULAGSSKILMÁLAR OG LÝSING Á SVÆÐINU	STÆRÐ HA
AT4	Stórolfsvöllur	Ýmis athafnastarfsemi s.s. geymslusvæði vinnuvéla og tækja.	5,9
AT5	Landeyjahöfn	Framtíðar athafnasvæði norðan og vestan við Landeyjarhöfn. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á skemmum og lagersvæði m.a. fyrir efni til útflutnings. Unnið verður deiliskipulag fyrir svæðið.	12,4

2.4.7 Efnistöku og efnislosunarsvæði (E)

„Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda¹⁷.“

Almennir skilmálar

- Efnistökusvæði skulu skilgreind í aðalskipulagi. Nýting jarðefna skal vera með þeim hætti að hvorki verði spilt náttúruminum né gerðar óæskilegar breytingar á landslagi. Lögð skal áhersla á nýtingu náma sem náttúran getur viðhaldið, t.d. á áreyrum.
- Við efnistöku úr árfarvegum skal þess þó gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki ána og valda ekki landbroti. Allar framkvæmdir í eða við veiðivötn (á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar) í allt að 100 m frá bakka eru háðar leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006.
- Áhersla er lögð á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Forðast skal efnistöku á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæðum eða svæðum sem eru í nágrenni við íbúðar- eða frístundabyggð.
- Ef efnistökusvæði eru innan friðlands, á svæðum á náttúruminjaskrá eða öðrum verndarsvæðum, er óheimilt að geyma þar olíur eða önnur mengandi efni.
- Vanda skal umgengi á vinnslutíma og tryggja sem best að ekki verði fok frá námum. Námum sem nýttar eru yfir lengra tímabil skal lokað eftir því sem kostur er, milli þess sem þær eru nýttar.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Efni sem fellur til við framkvæmdir verði nýtt til landmótunar og í hljóðmanir, eftir því sem hægt er.

¹⁷ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

- Mikilvægt er að haga efnisnáminu þannig að ekki verði til lýta og tryggja að efnistökusvæði falli vel að umhverfi sínu að efnistöku lokinni.

Auk þeirra náma sem merktar eru á skipulagsupprætti er gert ráð fyrir minni efnistöku, einkum til viðhalds og viðgerða á hálendisvegum og til einkanota. Lögð er áhersla á að gengið sé frá námum milli þess sem þær eru nýttar. Við vinnslu og frágang náma er vísað í upplýsingar sem finna má á vefsíðunni namur.is sem unnar eru af Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Landsvirkjun.

TAFLA 13 Stærðarflokkar efnistökuastaða.

FLOKKUR	STÆRÐARMÖRK	SKILMÁLAR
1	Minniháttar efnistaka	Heimiluð er minniháttar efnistaka, allt að 1.000 rúmmetrar á ári, einungis til eigin nota. Slík efnistaka þarf ekki að vera afmörkuð á aðalskipulagi og er ekki háð framkvæmdarleyfi, nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði, mögulegar jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar laga um náttúruvernd.
2	0 – 49.999 m ³	Hægt að veita framkvæmdaleyfi byggt á stefnumörkun aðalskipulags, ef náma er í samræmi við lýsingu aðalskipulags og raskar ekki jarðmyndum sem njóta verndar. Upplýsingar um stærð námu, staðsetning og tegund efnis þurfa að koma fram.
3	50.000-499.999 m ³ Efnistökusvæði 2,5 ha eða stærra.	Sveitarstjórn tekur ákvörðun um það hvort deiliskipuleggja skuli efnistökusvæði áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Efnistaka er tilkynningaskyld skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og er einnig starfsleyfisskyld. Taka skal mið af umfangi, eðli, staðháttum og framkvæmda-tíma hvort framkvæmd skuli háð umhverfismati.
4	500.000 m ³ eða meira. Efnistökusvæði 25 ha eða stærra.	Vinna þarf deiliskipulag fyrir efnistökusvæði og mat á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, áður en hægt er að veita framkvæmdaleyfi. Efnistaka er starfsleyfisskyld.

Stærðarmörk tilgreina heildar magn efnis sem heimilt er að fjarlægja.

TAFLA 14 Efnistöku- og efnislosunarsvæði.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	MAGN M3	STÆRÐ HA
E1	Miðöldunáma	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.500	1,8m ³
E2	Efri-Hvoll	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.100	1,2
E3	Við Fiská	Malarnáma. Almenn ákvæði.	31.000	0,4
E4	Duffþaksholt, ofan brúar	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	2,5
E5	Hemla	Malarnáma. Almenn ákvæði.	27.000	1,4
E6	Sigluvík	Ný malarnáma. Almenn ákvæði.	48.300	1,6
E7	Álfhólar	Ný malarnáma. Almenn ákvæði.	48.600	1,6
E8	Álfhólahjáleiga	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	2,5
E9	Affall (við Bergþórshvol)	Malarnáma. Almenn ákvæði.	29.400	2,0
E10	Efri Úlfsstaðir	Malarnáma. Almenn ákvæði.	24.000	1,6
E11	Affall við Fíflholt	Malarnáma. Almenn ákvæði.	23.100	1,5
E12	Kanastaðanáma	Malarnáma. Almenn ákvæði.	32.400	2,2

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	MAGN M3	STÆRÐ HA
E13	Berjanes	Malarnám (áreyrar). Almenn ákvæði.	49.000	1,5
E14	Vorsabær	Ný malarnáma. Almenn ákvæði.	679.000	22,6
E15	Breiðabólstaður	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	2,5
E16	Torfastaðir	Malarnáma. Almenn ákvæði.	33.750	5,5
E17	Gláma/Hellishólar	Malarnáma. Almenn ákvæði.	36.000	2,8
E18	Kvoslækjargryfja	Malarnáma. Almenn ákvæði.	20.000	0,2
E19	Hallskot	Malarnáma. Almenn ákvæði.	21.700	0,9
E20	Barkarstaðir	Grjótnáma. Almenn ákvæði.	22.500	0,4
E21	Mögugilsnáma	Malarnáma. Almenn ákvæði.	35.000	0,3
E22	Klappir á milli Fífuhamms og Markarfljóts	Grjótnáma. Almenn ákvæði.	49.900	1,1
E23	Breiðuskriður	Malarnáma. Almenn ákvæði.	40.000	0,3
E24	Selá	Malarnáma. Almenn ákvæði.	40.000	0,3
E25	Sauðá	Malarnáma. Almenn ákvæði.	40.000	0,3
E27	Fagrafell	Fínefnarík malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	1,5
E28	Stampagil	Grjótnáma. Almenn ákvæði.	5.000	0,2
E29	Álar	Malarnáma. Almenn ákvæði.	16.000	0,6
E30	Markarfljótsaurar	Malarnám (áreyrar). Almenn ákvæði.	200.000	2,4
E31	Svanavatn	Malarnáma. Almenn ákvæði.	21.000	1,4
E32	Markarfljótsaurar	Malarnáma. Almenn ákvæði.	47.600	2,4
E33	Markarfljót	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	2,5
E34	Markarfljótsaurar	Malarnám (áreyrar). Almenn ákvæði.	47.600	2,4
E35	Seljalandsheiði	Grjótnáma. Almenn ákvæði.	500.000	4,0
E36	Seljalandsheiði	Lausefnisnáma. Almenn ákvæði.	45.000	1,6
E37	Írá	Malarnáma. Almenn ákvæði.	40.000	0,3
E38	Miðskálaá	Malarnáma. Almenn ákvæði.	40.000	0,3
E39	Holtsnúpur	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.000	1,9
E40	Steinagryfja (Steinalækur)	Grjótnáma. Almenn ákvæði.	40.000	0,4
E41	Svaðbælisá, ofar	Grjótnáma. Almenn ákvæði.	15.000	1,8
E42	Svaðbælisá, neðar	Malarnáma. Almenn ákvæði	15.000	0,8
E43	Bakkakotsá og Laugará	Malarnáma. Almenn ákvæði.	40.000	0,3
E44	Kaldaklifsá	Malarnáma. Almenn ákvæði.	40.000	0,3
E45	Hrútafell	Fínefnarík malarnáma. Almenn ákvæði.	42.000	0,6

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	MAGN M3	STÆRÐ HA
E46	Skógá (neðan vegar)	Malarnáma. Almenn ákvæði.	45.000	1,5
E47	Jökulsá á Sólheimasandi	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	2,5
E48	Bollakot	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	2,5
E49	Hellishólar	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	2,5
E50	Glæsistaðir	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	2,5
E51	Neðri-Pverá	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	2,5
E52	Barkarstaðir	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	2,5
E53	Dufþaksholt, neðan brúar	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	2,5
E54	Bræðrapartur	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	2,5
E55	Stórolfshvoll	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	2,5
E56	Lambey	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	2,5
E57	Staðarbakki	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	2,5
E58	Sámsstaðir 1	Malarnáma. Almenn ákvæði.	49.900	2,5

2.4.8 Hafnir (H)

„Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir¹⁸.“

Landeyjarhöfn var byggð sem ferjuhöfn með það að markmiði að bæta ferjusamgöngur milli lands og Vestmannaeyja. Fram kemur í reglugerð nr. 590/2010, að áætlunarsigling Vestmannaeyjaferju hafi forgang umfram aðra starfsemi á hafnarsvæðinu. Vegagerðin hefur umsjón með rekstri, viðhaldi og nýbyggingu hafnarsvæðis.

Stefna

- Stefnt er að frekari uppbyggingu hafnarsvæðis Landeyjahafnar samhliða styrkingu á þjónustu og aðstöðu við ferjusiglingar.
- Bestu fánlegri tækni verði ávallt beitt til að draga úr mengun með það að markmiði að skip og bátar geti tengst rafmagni meðan dvalið er í höfn.
- Stefnt verði að fyrirtaks aðstöðu fyrir flutningastarfsemi og aðra hafnsækna starfsemi.
- Umhverfisásýnd hafnarinnar skal ávallt vera til fyrirmyndar.

¹⁸ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

TAFLA 15 Skipulagsskilmálar fyrir Landeyjahöfn.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
H1	Landeyjahöfn	Höfnin þjónar fyrst og fremst áætlunarsiglingum á milli lands og Eyja og er núverandi aðstaða byggð upp fyrir þá starfsemi. Uppbygging er skv. deiliskipulagi. Aðstaða hafnarinnar verður bætt m.a. með aðstöðu fyrir minni báta, aðstaða til skemmtisiglinga og/eða önnur skyld starfsemi. Tryggð verður nægilega öflug raftenging til að hægt sé að koma upp hleðslustöðvum fyrir bifreiðar, skip og báta. Skoðað verður með útskipun s.s. að skipa út lausum efnum, sand- og vikurefnum. Þá er mögulegt að byggja á upplandi hafnarinnar skemmur, lagersvæði o.fl. sem tengist hafnsækinni starfsemi. Nánari útfærsla skal koma fram í deiliskipulagi/breytingu á deiliskipulagi sem unnið skal í samráði við Vegagerðina.	62,2

2.5 Óbyggð svæði eða svæði með takmörkunum

Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir fastri búsetu en æskilegt er að auðvelda almenningi aðgengi til útivistar og afþreyingar, samhliða því að tryggja sem best öryggi.

Stefna

- Að landeigendum verði áfram tryggður nytja- og beitarréttur á afréttum, þar með talinn veiðiréttur.
- Að stuðla skal að viðhaldi og endurheimt vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda.
- Að áfram verður hófleg beit á afréttarsvæðum og landnýting í samræmi við landgæði. Stuðlað hefur verið að verndun og endurheimt landgæða, m.a. í samráði við Landgræðsluna, og verður svo áfram.
- Að íbúar hafi gott aðgengi að útivistarsvæðum og lítt snortinni náttúru. Skipulag taki mið af því að halda opnum gömlum og hefðbundnum göngu- og reiðleiðum og auðveldi aðgengi að áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúruferðum.
- Að skoðuð verða þolmörk ferðamannasvæða og stýring aðgengis til að tryggja vernd náttúru og viðkvæmra svæða.
- Að þyrluumferð og annað yfirflug, s.s. flygilda (dróna), valdi sem minnstu ónæði fyrir aðra ferðamenn.

2.5.1 Óbyggð svæði (ÓB)

„Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjar-skiptum¹⁹.“

¹⁹ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

Óbyggð svæði taka yfir hálendi sveitarfélagsins, þ.m.t. jökla. Um svæðið gilda almennir skilmálar og einnig má benda á heimildir í kafla 2.3.4 um stakar framkvæmdir sem, eftir atvikum gilda um svæðið.

Almennir skilmálar

- Einungis verður takmörkuð uppbygging á svæðinu, helst í tengslum við nýtingu þess og vegna öryggissjónarmiða.
- Umferð verði undir þolmörkum viðkvæmra svæða.
- Heimilt er að byggja upp stakar framkvæmdir sbr. kafla um 2.3.4.
- Upprekstur á afrétti, veiðiréttur og aðrar þær nýtjar sem lögbýli hafa haft af afréttum verður óbreytt.
- Unnið verði að endurheimt landgæða m.a. með landgræðslu og skógrækt.
- Unnið að stækkun náttúrlegra birkiskóga m.a. með beitarfriðun og plöntun í samræmi við Bonn-áskorun um endurheimt skóga.
- Áfram verði unnið að skipulagi ferðaleiða og umferðar, m.a. í samvinnu við Kötlu jarðvang, nágrennasveitarfélög og Umhverfisstofnun.

TAFLA 16 Óbyggð svæði.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
OB1	Hálendi	Svæði ætlað til útivistar, m.a. til skíðaiðkunar s.s. gönguskíða. Takmarka skal umferð vélknúinna tækja.	97.907,3

2.5.2 Opin svæði (OP)

„Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar²⁰.“

Almennir skilmálar

- Auðvelda aðgengi að opnum svæðum s.s. með áningarstöðum / bílastæðum í jaðri slíkra svæða.

TAFLA 17 Opin svæði.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
OP4	Hvolsfjall	Svæði ætlað til útivistar, m.a. til skíðaiðkunar s.s. gönguskíða. Takmarka skal umferð vélknúinna tækja.	28,3

²⁰ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

2.5.3 Strandsvæði (ST)

„Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki²¹.“

Strandsvæði sveitarfélagsins liggja með ströndinni og upp með Markarfljóti. Ströndin er lág, sendin og hafnarlaus frá náttúrunnar hendi, með nokkrum lónum og ósum. Stærst er Skipagerðisós, Holtsós og ósar Hólsár, Affallsins, Markarfljóts og Fúlukvíslar (Jökulsár á Sólheimasandi). Strandsvæði eru verðmæt m.t.t. ýmissa þátta. Fyrir utan að vera mikilvæg sem hafnaraðstaða, þá eru þau mikilvæg sem útivistarsvæði og búsvæði lífvera. Víða við ströndina eru mikilvæg varpsvæði, til dæmis kríu og æðarfugls. Lífríki fjara er víða fjölbreytt og með fjölbreyttu fuglalífi. Útivistargildi strandlengjunnar er því ótvírætt mjög mikið.

Strandsvæði eru að einhverju leiti aðgengileg en mögulega gæti þurft að bæta aðgengi í samráði við landeigendur. Í öllum tilfellum er um að ræða fjörusvæði og/eða lítt gróin sandsvæði sem eru tilvalin til útivistar.

Stefna

Haldið verði áfram uppbyggingu varnargarða eftir því sem þarf og hugað að viðhaldi núverandi garða.

Almennir skilmálar

- Heimilt er að byggja upp varnargarða og önnur varnarvirki m.a. vegna náttúruvár.
- Heimilt er að stunda landbúnaðarstarfsemi s.s. beit eða ræktun þar sem við á.
- Landgræðsla er heimil á strandsvæðum.
- Fjaran sé aðgengileg til útivistar, í samráði við landeigendur. Heimilt er að bæta aðstöðu til útivistar sbr. ákvæði kafla 2.3.4, t.d. upplýsingaskilti, gera göngustíga og byggja allt að 20 m² þjónustuhús, á völdum stöðum sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila.

TAFLA 18 Skipulagsskilmálar fyrir strandsvæði.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
ST1	Landeyjarsandur	Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi. Víðáttumikil sandsvæði. Allmikil uppgræðsla, sérstaklega í melsvæðum, næst gróðurjarðrinum.	3.998,7
ST2	Markarfljót	Eyjasandur og aurasvæði Markarfljóts. Víða vel grónir hólmar og eyrar. Heimilt að styrkja varnargarða og gera nýja, verði þörf á. Hluti svæðis er innan svæðis á náttúruminjaskrá (nr. 719) og hverfisverndar (HV7).	4.917,2
ST3	Skógarsandur Holtsós	Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi.	1.331,6

²¹ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

2.5.4 Vötn, ár og sjór (V)

Í grein 6.2 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er vötn, ár og sjór skilgreind sem „Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga“.

Vötn, ár og sjór eru sýnd á skipulagsupprætti innan netlaga, þ.e. innan við 115 m frá stórstraumsfjöruborði.

Stefna

- Að leggja áherslu á vernd vistkerfa og fjölbreytni tegunda.
- Að stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa.

Almennir skilmálar

- Gert er ráð fyrir minniháttar mannvirkjum sem tengjast nýtingu eða afþreyingu sem nær út í sjó s.s. bryggjur, sæstrengir og affallslagnir.
- Heimilaðar eru breytingar á viðleguköntum og sjóvarnargörðum í samræmi við aðliggjandi landnotkun á landi og/eða deiliskipulag.
- Efnistaka í hafsbotni og dýpkun, s.s. við hafnir, er eftir atvikum háð leyfum og að gerð sé grein fyrir helstu umhverfisáhrifum.

TAFLA 19 Yfirlit yfir vötn, ár og sjó í sveitarfélaginu.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
V1	Vötn, ár og sjór	Um svæðið gilda almennir skilmálar. Eftir atvikum heimild til varnaraðgerðum í samræmi við lög, auk þess sem veiði er heimiluð með leyfi rétthafa.	4.606,4

3 ÞÉTTBÝLI - STEFNUMÖRKUN

Samkvæmt landsskipulagsstefnu ber sveitarfélögum að marka stefnu um sjálfbært skipulag þéttbýlis.

„Vöxtur þéttbýlisstaða: Sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Skýr skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis. Almennt verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða²².“

„Hagkvæm uppbygging: Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga verði mörkuð stefna um uppbyggingu íbúðar og atvinnuhúsnæðis sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar. Stuðlað verði að fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsaerðir og stærðir. Tryggt verði fjölbreytt og sveigjanlegt húsnæði sem stuðli að félagslegri fjölbreytni og í því samhengi verði hugað sérstaklega að framboði á húsnæði fyrir alla tekjuhópa²³.“

Tvö þéttbýli eru skilgreind í Rangárþingi eystra. Hvolsvöllur er með yfir helming íbúa sveitarfélagsins en Skógar er vaxandi þéttbýli, sem byggir mikið til á ferðaþjónustu og menningarstarfsemi.

Stefna

- Að styðja við fjölgun íbúa í þéttbýli með fjölbreyttri gerð og stærð íbúðarhúsnæðis.
- Að draga byggðasérkenni hvers þéttbýlis skýrt fram og byggja framtíðarsýn á því.
- Að áhersla sé á þéttingu byggðar á þegar byggðum svæðum áður en byggt verður á nýjum svæðum/reitum.

3.1 Umhverfi og yfirbragð byggðar í þéttbýli

- Skipulag verði nýtt til að hvetja til hreyfingar í daglegu lífi og dregið verði úr ferðaþörf íbúa. Skapaðar verði góðar aðstæður fyrir vistvænan ferðamáta s.s. með göngu- og hjólastígum.
- Stuðlað verði að bættri lýðheilsu meðal íbúa m.a. með fræðslu og bættum möguleikum á útivist.
- Komið verði fyrir endingargóðum bekkjum á völdum stöðum m.a. til að mæta þörfum mismunandi samfélagshópa.
- Íbúar verði hvattir til að kynna sér vistvænar leiðir s.s. við efnisval fyrir nýbyggingar eða viðhald eldri bygginga m.a. vegna endingar, veðrunarþols og áhrifa á umhverfi og loftslag. Þar sem við á má veita ofanvatni af þökum og hörðu yfirborði í jarðveg í stað fráveitukerfis.
- Íbúar hafi gott aðgengi að útivistarsvæðum og lítt snortinni náttúru.
- Landnýting stuðli að heilnæmu umhverfi, verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.
- Áhersla er á vandaða hönnun mannvirkja og frágang umhverfis þau.

²² (Skipulagsstofnun 2016)

²³ (Skipulagsstofnun 2016)

- Stefnt skal að því að skipulag styðji við orkuskipti s.s. með hleðslustöðvum á þjónustusvæðum og möguleika á öflugum rafmagnstengingum í íbúðarbyggð.
- Íbúar og atvinnurekendur eru hvattir til að endurvinna og flokka sorp og annan úrgang og skulu endurvinnslutunnur og/eða grenndargámar vera aðgengilegir.

3.2 Hvolsvöllur

3.2.1 Íbúðarbyggð (ÍB)

„Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins²⁴.“

Núverandi byggð á Hvolsvelli er nokkuð fastmótuð. Yfirbragð byggðarinnar er lágreist einbýlishús, parhús og raðhús á einni hæð. Miðað er við að ný byggð verði nokkuð þéttari en sú byggð sem fyrir er, enda má gera ráð fyrir að meðalstærð nýrra íbúða verði nokkru minni en nú er.

Þéttleiki núverandi íbúðarbyggðar er að meðaltali um 7,4 íbúðir á hektara. Samkvæmt aðalskipulaginu er áætlað að þéttleiki við lok skipulagtímabilsins verði um 8,8 íbúðir á hektara í kjölfar uppbyggingar nýrra svæða.

Stefna

- Íbúðarhverfi séu aðlaðandi með góðu aðgengi að grænum svæðum, leiksvæðum og þjónustu.
- Að þéttleiki byggðar taki mið af aðstæðum og þörfum á hverjum stað.
- Að samsetning íbúðategunda sé fjölbreytt og komi til móts við þarfir íbúa. Fjölga íbúðum sem henta eldra fólki og ungu fjölskyldufólki, einkum miðsvæðis.
- Þetta miðbæ og eldri hverfi með því að byggja á lausum lóðum til að fylla upp í göt og nýta þá grunngerð sem fyrir er.
- Áhersla er lögð á heilsueflandi samfélag með góðu stígakerfi og aðgengi að útivistarsvæðum. Uppbygging nýrra íbúða miði að því að staðsetning þeirra sé í göngufjarlægð frá grunnþjónustu á borð við leik- og grunnskóla og leiksvæði.

Almennir skilmálar

- Almennt skal uppbygging og ásýnd taka mið af yfirbragði byggðar, sbr. kafla 3.1
- Íbúðir verði 1-2 hæðir. Fjölbýlishús geta verið allt að 2 hæðir. Nhl. á bilinu 0,2 – 0,8.
- Í deiliskipulagi fyrir nýja íbúðarbyggð skal m.a. gera grein fyrir þéttleika byggðar, fjölda og stærð lóða og aðkomu. Ennfremur skal þar kveðið á um stærð og gerð húsa, form, efnisnotkun, útlit og litaval eftir því sem við á.
- Í deiliskipulagi skal huga að hljóðmengun vegna umferðar á þeim svæðum sem við á. Aðgerðar-áætlun gegn hávaða er reglulega uppfærð og skal horfa til hennar við deiliskipulagsgerð.
- Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir skuggavarpi, sérstaklega á þegar byggðum svæðum, þar sem áhrifa getur gætt.
- Í deiliskipulagi nýrra hverfa skal gera grein fyrir leiksvæðum og grænum svæðum.

²⁴ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

- Við deiliskipulagsgerð skal huga að hönnun veitna til að tryggja að veitum sé gefið rými. Huga skal að sjálfbærum ofanvatnslausnum og þær fléttaðar inn í græn svæði eftir því sem hægt er.
- Rekstrarleyfisskyld skammtímaleiga²⁵ gistingar er óheimil í íbúðarbyggð nema kveðið sé á um það í aðalskipulagi einstakra reita.
- Í deiliskipulagi nýrra hverfa skal koma fram ákvæði um trjágróður.

TAFLA 20 Íbúðarbyggð á Hvolsvelli.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	ÍB/HA	HEILDAR-FJÖLDI ÍBÚÐA	ÓBYGGÐAR ÍBÚÐIR	NHL	STÆRÐ HA
ÍB1	Norðan Hvolsvegar, vestan Nýbýlavegar	Fullbyggt.	6	95	0	0,2-0,4	15,7
ÍB2	Gunnarsgerði	Uppbygging skv. deiliskipulagi.	16	27	1	0,35-0,45	1,5
ÍB3	Milli Hvolstúns og Nýbýlavegar	Uppbygging skv. deiliskipulagi.	13,6	57	13	0,25-0,4	4,2
ÍB5	Nýtt svæði neðan Fljótshlíðarveggar við Stórhólfshvol	Framtíðar íbúðarsvæði. Gert ráð fyrir fjölbreyttri íbúðabyggð.	28	160	160	0,2-0,4	5,7
ÍB6	Hvolstún - 1. áfangi	Fullbyggt.	9	60	0	0,2-0,4	6,8
ÍB7	Hvolstún - 2. áfangi	Uppbygging skv. deiliskipulagi.	12	56	3	0,2-0,4	4,5
ÍB8	Norðan byggðar - Hallgerðartún	Framtíðar íbúðarsvæði. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Lágreist byggð í einbýlis-, þar- og raðhúsum.	11	79	78	0,32-0,35	6,9
ÍB9	Norðan byggðar - Bergþórugerði	Framtíðar íbúðarsvæði. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Lágreist byggð í einbýlis-, þar- og raðhúsum.	10	40	40	0,32-0,35	3,8
ÍB10	Nýtt svæði ofan Akurbrautar	Framtíðar íbúðarsvæði. Gert ráð fyrir fjölbreyttri íbúðabyggð.	10	64	64	0,2-0,4	6,4
ÍB11	Nýtt svæði ofan Akurbrautar	Framtíðar íbúðarsvæði. Gert ráð fyrir fjölbreyttri íbúðabyggð.	10	110	110	0,2-0,4	11,3

²⁵ Til skýringar: Rekstrarleyfisskyld heimagisting er gisting í íbúðarhúsi leigusala eða í annarri fasteign sem hann hefur til persónulegra nota og er í hans eigu. Starfsemin telst heyra undir atvinnurekstur standi gistingin lengur en 90 daga á ári og er þá rekstrarleyfisskyld.

3.2.2 Miðsvæði (M)

„Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis²⁶.“

Stefna

- Miðbær Hvolsvallar sé aðlaðandi með skýrum einkennum s.s. torgum, görðum og kennileitum sem laðar almenning að svæðinu.
- Áfram verður unnið að uppbyggingu öflugs miðbæjar með áherslu á fjölbreytta blöndu verslana, þjónustufyrirtækja, stofnana og íbúða. Uppbygging miðbæjarinnar skal miða að því að móta skjólgóða byggð með bæjareinkennum og bæjarbrag. Fyrirkomulag og umfang verður ákvarðað í deiliskipulagi svæðisins og skal leggja áherslu á vandað bæjarumhverfi og fallega bæjarímynd.

Almennir skilmálar

- Almenn skal uppbygging og ásýnd taka mið af yfirbragði byggðar, sbr. kafla 3.1.
- Heimilt er að vera með fjölbreytta verslunar- og þjónustustarfsemi og íbúðir á efri hæðum.
- Skipulag skal styðja við orkuskipti í samgöngum s.s. með hleðslustöðvum.

TAFLA 21 Skipulagsákvæði fyrir miðbæjarsvæði á Hvolsvelli.

AUÐKENNI	HEITI SVÆÐIS	LÝSING OG SKILMÁLAR	NHL	STÆRÐ Í HA
M1	Miðbær neðan þjóðvegur	Miðsvæði. Deiliskipulagt. Blönduð byggð, verslunar- og þjónustu. Heimilt að byggja á 1 - 3 hæðum. Heimild fyrir íbúðum á efri hæðum bygginga. Á svæðinu sé starfsemi sem þjónustar almenning. Þrjár íbúðir eru heimilaðar.	0,5 - 1,2	4,2
M2	Miðbær ofan þjóðvegur	Miðsvæði. Deiliskipulagt. Blönduð byggð á 1 – 4 hæðum. Stofnanir, verslun- og þjónusta. Skipting miðbæjarinnar miðast við að dagleg þjónusta við íbúa Hvolsvallar sé norðan þjóðveggarinnar. Engar íbúðir eru á svæðinu.	0,5 - 1,5	8,6
M3	Hlíðarvegur/ Hvolsvegur	Blönduð byggð, verslunar-, þjónustu og íbúðarbyggðar. Á svæðinu sé starfsemi sem þjónustar almenning. Heildarfjöldi íbúða er allt að 70 þar af eru 25 íbúðir óbyggðar. Byggingar verði 1 – 3 hæðir en íbúðarhús að jafnaði 1-2 hæðir. Heimilt er að hafa íbúðir á efri hæðum bygginga. Deiliskipulag liggur fyrir á hluta svæðis.	0,5-0,9	8,4

²⁶ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

3.2.3 Verslun og þjónusta (VP)

„Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum²⁷.“

Stefna

- Að hlutverk Hvolsvallar sem mikilvægur þjónustukjarni á Suðurlandi verði styrkt. Verslunar- og þjónustusvæði þjóni bæði öllu sveitarfélaginu, gestum og nærsveitum.
- Uppbygging á verslunar- og þjónustusvæðum sé með þeim hætti að hún stuðli að gönguvænu umhverfi og styðji við vistvænar samgöngur.
- Að bjóða upp á gott framboð stærri lóða fyrir rýmisfreka verslunar- og þjónustustarfsemi.
- Stuðla skal að aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á vandaðan frágang lóða. Fegra og endurbæta núverandi verslunar- og þjónustusvæði með gróðri og bættu aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda.
- Að gefið sé eðlilegt svigrúm fyrir þróun núverandi og nýrrar verslunar- og þjónustustarfsemi.
- Að við skipulag byggðar og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst og hús og svæði nýst til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig sé stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar.
- Við skipulag þjónustusvæða verði hugað sérstaklega að öryggi gesta ásamt greiðum samgöngum og upplýsingagjöf.
- Að aðgengi sé gott fyrir umferð akandi, hjólandi og gangandi.

Almennir skilmálar

- Almennt skal uppbygging og ásýnd taka mið af yfirbragði byggðar, sbr. kafla 3.1.
- Stærð lóða og heildarbyggingarmagn skal fara eftir umfangi og eðli starfsemi hverju sinni.
- Í deiliskipulagi verði skilgreint umfang og eðli verslunar- og þjónustusvæða. Þar verði skilgreind frekari uppbygging þjónustu. Lögð er áhersla á góðan frágang lóða.
- Að deiliskipulagsskilmálar fyrir atvinnuhúsnæði miði að gæðum húsnæðis og vönduðu yfirbragði byggðar.
- Byggingar verði að jafnaði 1-3 hæðir og nýtingarhlutfall 0,1 – 0,4.

TAFLA 22 Skipulagsákvæði fyrir verslunar- og þjónustusvæði á Hvolsvelli.

AUÐKENNI	HEITI SVÆÐIS	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ Í HA
VP1	Vestan Dufþaksbrautar.	Verslunar- og þjónustustarfsemi. Byggt að hluta. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	4,5
VP2	Sunnan athafnasvæðis vestan þjóðveggar.	Fyrirhuguð uppbygging verslunar- og þjónustusvæðis. Byggingar 1 -2 hæðir.	1,1

²⁷ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

AUÐKENNI	HEITI SVÆÐIS	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ Í HA
VP3	Ásgarður	Ferðaþjónusta, m.a. gisting í smáhýsum. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	1,1

3.2.4 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Stefna

- Gott aðgengi skal vera að helstu ferðamannastöðum frá miðbænum, hvort heldur sem fólk er gangandi, hjólandi eða akandi.
- Fjölbreytt aðstaða sé fyrir hendi til leikja- og tómstundastarfs. Uppbygging leiksvæða fylgi uppbyggingu nýrra hverfa.
- Að búið verði í haginn fyrir ferðamenn með stækkun tjaldsvæðis, gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingu og öðrum þjónustubyggingum. Einnig skal hugað að öryggi.
- Áfram verði unnið að stígagerð í bænum og úrbótum á opnum svæðum.

Almennir skilmálar

- Almennt skal uppbygging og ásýnd taka mið af yfirbragði byggðar, sbr. kafla 3.1.
- Við skipulag ferðamannastaða er mikilvægt að huga sérstaklega að staðaranda, öryggi og upplýsingagjöf, s.s. merkingum, greiðum samgöngum, nægum bílastæðum og vanda til göngu-stíga.

TAFLA 23 Skipulagsákvæði fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
AF55	Tjaldsvæði	Gert ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við tjaldsvæði, s.s. þjónustuhúsi, salernisaðstöðu o.fl. Svæðið gefur kost á talsverðri stækkun núverandi aðstöðu s.s. uppbyggingu á frekari gistiaðstöðu og veitingaaðstöðu. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	5,2

3.2.5 Athafnasvæði (AT)

„Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vöruheimslyur og matvælaíðnaður²⁸.“

Stefna

- Umgengni og umhverfisfrágangur skal vera til fyrirmyndar.
- Dregið verði úr myndun úrgangs og stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu.
- Stefnt er að áframhaldandi uppbyggingu á núverandi athafnasvæðum Hvolsvallar.

Almennir skilmálar

- Almennt skal uppbygging og ásýnd taka mið af yfirbragði byggðar, sbr. kafla 3.1.
- Stærð lóða og heildarbyggingarmagn skal fara eftir umfangi og eðli stafsemi hverju sinni.
- Á athafnasvæðum skal almennt miða við að nýtingarhlutfall sé 0,3 – 0,6.
- Mænishæð fari almennt ekki yfir 10 m.

TAFLA 24 Athafnasvæði á Hvolsvelli.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
AT1	Á milli iðnaðarlóðar og Söguseturs.	Ýmis athafnastarfsemi. Byggt að hluta. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	0,8
AT2	Sunnan Ormsvallar.	Ýmis athafnastarfsemi. Byggt að hluta. Uppbygging skv. deiliskipulagi	7,3
AT3	Austan Dufþaksbrautar að Ormsvelli.	Ýmis athafnastarfsemi. Byggt að hluta. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Eldra hesthúsasvæði við Dufþaksbraut mun víkja í framtíðinni, leyfi verða eingöngu veitt til nauðsynlegs viðhalds núverandi mannvirkja. Gert er ráð fyrir að starfsemin færir yfir á íþ2.	3,6

3.2.6 Iðnaðarsvæði (I)

„Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni²⁹.“

²⁸ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

²⁹ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

Stefna

- Að stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á vandaðan frágang lóða og heildstætt yfirbragð. Afmörkun og staðsetning nýrra iðnaðarsvæða verði í jaðri byggðarinnar eða utan þéttbýlis.
- Skipulag taki mið af þörfum atvinnulífsins og sjónarmiða um fallega bæjarmynd.
- Unnið verði að frekari flokkun og endurvinnslu úrgangs. Gámasvæði fyrir flokkun séu aðgengileg íbúum.

Almennir skilmálar

- Almennt skal uppbygging og ásýnd taka mið af yfirbragði byggðar, sbr. kafla 3.1.
- Að við skipulag svæðis og hönnun bygginga verði hugað að því að starfsemi geti þróast og breyst og hús og svæði geti nýst til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig sé stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar.
- Í deiliskipulagi skal huga að hljóðmengun frá iðnaðarsvæðum, þar sem það á við. Uppfærð er reglulega aðgerðaráætlun gegn hávaða og skal horfa til hennar við deiliskipulagsgerð.
- Á iðnaðarsvæðum skal almennt miða við að nýtingarhlutfall sé 0,3 – 0,6.
- Mænishæð fari almennt ekki yfir 10 m.

TAFLA 25 Iðnaðarsvæði á Hvolsvelli.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
I1	Norðan byggðar, austan þjóðvegur	Aðveitustöð Rarik og Landsnets. Deiliskipulag ekki fyrir hendi. Heimild fyrir uppbyggingu og endurbótum tengivirkja.	3,1
I2	Vestan þjóðvegur	Kyndistöð Orkuveitu Reykjavíkur. Uppbygging skv. deiliskipulagi miðbæjar.	0,2
I3	Milli Ormsvallar og Hlíðarvegur	Kjötvinnsla. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	3,3
I4	Austan þjóðvegur	Svæði fyrir skoldpælu og hreinsistöð. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	0,3

3.2.7 Íþróttasvæði (ÍÞ)

„Svæði fyrir landfreka íþróttastöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar³⁰.“

Stefna

- Íþróttastaða sé sem fjölbreyttust og aðstaða til íþróttaiðkunar verið eflað enn frekar.

³⁰ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

- Að íþróttasvæðið stuðli að bættri lýðheilsu íbúa með fjölbreyttum svæðum þar sem hægt er að stunda fjölbreytta hreyfingu.
- Skapaðar verði enn betri aðstæður fyrir alla aldurshópa til heilsuræktar, íþrótt- og tómstundastarfs og útivistar.
- Tengja íþróttasvæði, s.s. hesthúsabyggð og íþróttavöll, við íbúðarbyggð með göngu- og hjólastígum.
- Eldra hesthúsasvæði við Dufþaksbraut mun víkja í framtíðinni, leyfi verða eingöngu veitt til nauðsynlegs viðhalds núverandi mannvirkja. Gert er ráð fyrir að starfsemin færist yfir á Íþ2 í Miðkrika.

Almennir skilmálar

- Almennt skal uppbygging og ásýnd taka mið af yfirbragði byggðar, sbr. kafla 3.1.
- Gert er ráð fyrir viðbótum og breytingum á mannvirkjum og uppbyggingu á aðstöðu eftir því sem þurfa þykir.

TAFLA 26 Íþróttasvæði á Hvolsvelli.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD HA
Íþ1	Vestan grunn-skólasvæðis	Megin íþróttasvæði Hvolsvallar. Á svæðinu er knattspyrnuvöllur og gert er ráð fyrir að þar megi byggja nauðsynlega aðstöðu tengda vellinum ásamt annarri íþróttaiðkun, m.a. fjölnota íþróttahúsi, allt að 9000 m ² að stærð. Deiliskipulag er í gildi á svæðinu. Svæðið hefur mikla framtíðar vaxtarmöguleika.	9,3

3.2.8 Samfélagsþjónusta (S)

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Stefna

- Stuðlað verði að markvisri og heildrænni heilsueflingu allra aldurshópa í samræmi við markmið um heilsueflandi samfélag.
- Styrkja leikvelli við skóla og leikskóla, sem miða að leik- og hreyfipörfum barna á leik- og grunn-skólaaldri.
- Hjólástæði verða í boði við opinberar byggingar og við helstu áfangastaði á útivistarsvæðum.
- Að uppbygging þjónustu í sveitarfélaginu sé góð á öllum sviðum samfélagsþjónustu. Haldið verði áfram uppbyggingu stofnana í sveitarfélaginu, eftir því sem þarf, í samræmi við fjölgun íbúa. Að félagsleg þjónusta verði miðsvæðis og aðgengileg.
- Að samfélagsþjónusta sé traust, öflug og mæti þörfum íbúa.

Almennir skilmálar

- Stærð lóða og heildarbyggingarmagn skal fara eftir umfangi og eðli stafsemi hverju sinni.
- Almennt skal uppbygging og ásýnd taka mið af yfirbragði byggðar, sbr. kafla 3.1

TAFLA 27 Svæði fyrir samfélagsþjónustu.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
S1	Á horni Hlíðarvegjar og Ormsvallar	Stjórnsýsla, lögregla, slökkvistöð og Sögusetrið. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	2,0
S2	Við Vallarbraut	Grunnskóli fyrir 1-10 bekk. Leikskóli – 10 deildir.. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu eru heimilar. Svæðið er stækkað frá eldra skipulagi. Deiliskipulagt	5,4
S3	Við Hvolströð	Stórólshvolskirkja / kirkjugarður og safnarðarheimili. Heimilt er að sinna viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	0,7
S4	Öldubakki, Dalsbakki	Hjúkrunar- og dvalarheimilið Kirkjuhvoll, heilsugæsla og íbúðir fyrir eldri borgara. Skv. deiliskipulagi er gert er ráð fyrir stækkun hjúkrunarheimilisins um allt að 3.000 m ² og heilsugæslustöðvar um allt að 370 m ² . Samhliða er stefnt að því að Kirkjuhvoll geti þjónað þeim íbúum í nágrenninu sem nýta vilja þjónustu hjúkrunar- og dvalarheimilisins. Austan og sunnan við Kirkjuhvól er gert ráð fyrir byggingu raðhúsa með allt að 24 íbúðum sem ætlaðar eru fyrir 60 ára og eldri. Íbúðir skulu vera lágreistar. Huga skal að sjálfbærum lausnum varðandi ofanvatn og sorp.	4,3

3.2.9 Kirkjugarðar- og grafreitir (K)

Gert er ráð fyrir nýjum kirkjugarði norðan byggðarinnar á Hvolsvelli.

Almennir skilmálar

- Heimilt er að sinna viðhaldi og stækka kirkjugarð eftir þörfum.

TAFLA 28 Kirkjugarðar- og grafreitir á Hvolsvelli.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
K1	Norðan byggðar á Hvolsvelli	Kirkjugarður. Uppbygging skv. sérstöku skipulagi kirkjugarðaráðs.	3,4

3.2.10 Opin svæði (OP)

„Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar³¹.“

Stefna

- Áfram er stefnt að skógrækt á opnum svæðum vestan og norðan byggðar á Hvolsvelli til þess að afmarka byggð, mynda skjól og móta umgjörð um útivistarstíga og íþróttasvæði.

Almennir skilmálar

- Heimilt er að gera stíga, upplýsinga- og þjónustusvæði sbr. kafla 2.3.4 um stakar framkvæmdir.
- Lögð er áhersla á runna- og trjárækt innan þéttbýlisins til myndunar skjóls, s.s. við útivistar-svæði, göngu- og hjólastíga.
- Heimilt er að setja upp bekki, leiktæki og aðra afþreyingu.

TAFLA 29 Opin svæði.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
OP1	Vestan byggðar	Svæði norðan Suðurlandsvegur, vestan byggðar og milli íbúðasvæða. Er að hluta til deiliskipulagt. Gert er ráð fyrir göngu- og hjólaleiðum, leiktækjum, bekkjum o.fl. til að njóta útivistar. Mögulegt framtíðartjaldsvæði nær Suðurlandsvegi og á afgirtu hundasvæði norðar. Gert er ráð fyrir að byggð þróist áfram inn á svæðið í lengri framtíð.	47,5
OP2	Austan Hliðarveg- ar/Nýbýlavegar	Svæði innan þéttbýlisins á milli íbúðarbyggðar og sunnan byggðar þar sem heimilt er að setja upp leiktæki, bekki, leggja útivistarstíga, koma fyrir upplýsingaskiltum. Innan svæðis er skrudgarður fyrir sunnan kirkjuna.	20,4
OP3	Sunnan og vestan Suðurlandsvegur	Mögulegt framtíðarvegstæði þjóðvegur. Óheimilt er að skipuleggja þar landnotkun eða varanleg mannvirki sem staðið geti í vegi fyrir breyttum þjóðvegi.	15,6

3.3 Skógar

Byggðin í Skógum skiptist í efri byggð undir brekkunum og neðri byggð nær Kverná. Íbúðarbyggð er þar að auki kringum fyrrum hérðasskóla, þar sem reist var heimavist kennara- og skólastjórabústaðir og byggingar tengdar þéttbýli, skóla og byggðasafni.

Stór hluti svæðis innan þéttbýlismarkna er í landbúnaðarnotum L3. Megin landnýting verður áfram landbúnaður sem atvinnustarfsemi eða frístundabúskapur, þar til nýta þarf land til annarrar nota. Einnig nær lítill hluti skógræktarsvæðisins SL11 inn fyrir þéttbýlismörk Skóga.

³¹ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

3.3.1 Íbúðarbyggð (ÍB)

„Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins³².“

Stefna

- Markmiðið er að hafa nægt framboð íbúðarlóða fyrir uppbyggingu svæðisins.

Almennir skilmálar

- Heimilt er að vera með gistingu í flokki I og II, fyrir allt að 10 manns, skv. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Gistingin fellur undir c og g liði í 4. gr. reglugerðarinnar. Innan lóða skulu vera nægilega mörg bílastæði til að anna gestafjölda.
- Grenndarkynna skal allar umsóknir um atvinnustarfsemi innan íbúðarbyggðar.
- Nýjar byggingar falli vel að eldri byggð.
- Byggð skal vera lágrest, á 1-2 hæðum. Nýtingarhlutfall er á bilinu 0,2-0,5.

TAFLA 30 Íbúðarbyggð á Skógum.

AUÐKENNI	HEITI	STÆRÐ HA	FIÖLDI ÍBÚÐA	ÓBYGGÐAR ÍBÚÐIR	LÝSING SVÆÐIS / SKIPULAGSÁKVÆÐI
ÍB22	Skógar	4,5	30	30	Möguleg framtíðarþróun byggðar. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Lágrest byggð í einbýlis-, par- og/eða raðhúsum. Þéttleiki 8-10 íb/ha.
ÍB23	Skógar	0,2	2	5	Íbúðabyggð. 2 eldri hús og lóðir fyrir 5 nýjar íbúðir (einbýlishús og 2 parhús). Uppbygging skv. deiliskipulagi.
ÍB24	Skógar	0,9	3	1	Íbúðabyggð við Skógaveg. 1 ný lóð. Uppbygging skv. deiliskipulagi.

3.3.2 Verslun og þjónusta (VP)

„Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum³³.“

Stefna

- Haldið verði áfram uppbyggingu verslunar- og þjónustusvæða eftir því sem þarf, í samræmi við fjölgun íbúa og gesta.
- Að við skipulag byggðar og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst og hús og svæði nýst til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig sé stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar.

³² (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

³³ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

- Að uppbygging á verslunar- og þjónustusvæðum sé með þeim hætti að hún stuðli að gönguvænu umhverfi og styðji við vistvænar samgöngur.

Almennir skilmálar

- Í deiliskipulagi skal gera ráð fyrir að gönguleiðir innan lóða tengist stígakerfi sveitarfélagsins utan lóða.

TAFLA 31 Verslunar- og þjónustusvæði á Skógum.

AUÐKENNI	HEITI SVÆÐIS	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD HA
Vp28	Ytri-Skógar við Fossbúð og Skógafossveg	Gistihús og þjónusta við ferðamenn. 4 íbúðarhús eru innan svæðisins og er heimilt að vera með fasta búsetu í þeim. Gætt skal að ásýnd að friðlýstu svæði umhverfis Skógafoss. Félagshemilið Fossbúð er nýtt til ferðaþjónustu samhliða því að nýttast íbúum svæðisins til félagsstarfsemi. Svæðið er deiliskipulagt. Lágrest byggð 1-2 hæðir. Hámarksnýtingarlutfall á lóðum er 0,4.	5,6
Vp29	Ytri-Skógar við gamla Héraðsskólann	Gisti- og veitingaþjónusta, m.a. í gömlu skólahúsunum og íbúðarhúsum. Heimilt að stækka byggingar og skal þá gæta að samræmi í yfirbragði m.v. núverandi byggingar. Byggingar á 1-3 hæðum. Nhl. lóða 0,2-0,9. Heimilt að vera með fasta búsetu á svæðinu.	1,7

3.3.3 Samfélagsþjónusta (S)

„Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila³⁴.“

Á Skógum er svæðið í kringum Byggðasafnið og kirkjuna skilgreint sem svæði fyrir samfélagsþjónustu. Eitt bænhús er á safnalóðinni á Skógum.

Stefna

- Að mannvirkjum verði haldið vel við og hugað að nærumhverfi þeirra.
- Heimiluð er frekari uppbygging og að starfsemin verði eflað.
- Samfélagsþjónusta sé traust, öflug og mæti þörfum íbúa.

TAFLA 32 Samfélagsþjónusta á Skógum.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD HA
S5	Byggðasafn og bænahús á Skógum undir Eyjafjöllum	Héraðsskjalasafn, byggðasafn. Starfsemi safnasvæðisins verður eflt. Veitingarrekstur heimilaður. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	3,9

³⁴ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

3.3.4 Kirkjugarðar- og grafreitir (K)

Stefna

- Að mannvirkjum verði haldið vel við og hugað að nærumhverfi þeirra.

TAFLA 33 Kirkjugarðar- og grafreitir á Skógum.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
K4	Sunnan bæjarhúsanna á Ytri Skógum.	Gamall kirkjugarður.	0,1

4 SAMGÖNGUR

„Til samgangna teljast öll helstu samgöngumannvirki s.s. vegir, brýr, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir, flugvellir og flugbrautir. Samkvæmt 6. gr. vegalaga nr. 80/2007 skiptist vegakerfi landsins í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins³⁵.

Samkvæmt 10. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá teljast almennir stígar vera reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga³⁶.

Stefna um samgöngur er samofin aðgerðum stjórnvalda í loftlagsmálum. Lögð er mikil áhersla á breyttar ferðavenjur og orkuskipti. Af aðgerðum sem stjórnvöld ráðast í á þeim sviðum má nefna uppbyggingu innviða fyrir virka ferðamáta og vistvæn ökutæki, eflingu almenningssamgangna og aðgerð til að hraða innleiðingu vistvænna bílaleigubíla. Þá er stefnt að því að nýskráning bensín- og dísilbíla verði óheimil árið 2030³⁷.

Stefna

- Að stuðla að loftslagsvænum samgöngum.
- Að auka hlutdeild gangandi- og hjólandi vegfarenda.
- Almenningsamgöngur verða bættar.
- Að stuðla að umferðaröryggi í sveitarfélaginu og öruggum leiðum fyrir alla samgöngumáta.
- Að fækka alvarlegum umferðarslysum.
- Meginvegir verði byggðir upp og lagðir bundnu slitlagi.
- Að nýjar vegtengingar við aðalvegi verði lágmarkaðar og útfærsla þeirra verði í samræmi við gildandi veghönnunarreglur. Leitast skal við að samnýta sem mest núverandi tengingar.
- Vegir að ferðamannastöðum og þjónustusvæðum á láglandi verði greiðfærir allt árið.
- Hleðslustöðvar fyrir rafbíla verða settar upp á völdum stöðum, m.a. við opinberar stofnanir.
- Stefnt er að því að Suðurlandsvegur verði breikkaður með aðskildum akstursstefnum austur að Markarfljóti.
- Stefnt er að því að færa Suðurlandsveg suð-vestur fyrir þéttbýlið á Hvolsvelli.

4.1 Vegir

„Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis³⁸.“

³⁵ (Alþingi Íslands 2007).

³⁶ (Alþingi Íslands 2007).

³⁷ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2020).

³⁸ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

Skipting vegakerfisins í aðalskipulaginu er samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar í stofnvegi, stofnvegi á hálandi, tengivegi, landsvegi og héraðsvegi. Eru þeir, allir nema héraðsvegir, taldir upp í töflum hér aftar í samræmi við vegaskrá³⁹. Héraðsvegir og aðrir helstu vegir eru sýndir á aðalskipulagsupprætti til skýringar. Skipulagsáætlunin er í samræmi við núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar sem og Samgönguáætlun 2020-2034.

Skv. skipulagsreglugerð skal byggð vera fjær stofn- og tengivegum en 100 m og frá héraðsvegum og öðrum vegum skulu íbúðar- og frístundahús vera í a.m.k. 50 m fjarlægð.

Um Hvolsvöll fara Suðurlandsvegur (þjóðvegur nr. 1, hringvegur) og Fljótshlíðarvegur (vegur nr. 261). Innanbæjar heitir þjóðvegur nr. 1 Austurvegur og Fljótshlíðarvegur Hlíðarvegur. Samkvæmt skilgreiningu Vegagerðarinnar er þjóðvegur nr. 1 stofnvegur og Fljótshlíðarvegur tengivegur. Innanbæjar eru vegirnir flokkaðir sem stofnbraut og tengibraut.

4.1.1 Stofnvegir

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá teljast „stofnvegir vera vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með u.þ.b. 100 íbúa eða fleiri“.

Gert er ráð fyrir breikkun Suðurlandsvegur í gegn um sveitarfélagið. Vegagerðin hefur lagt fram frumdrög sem útfærð verða í samráði við landeigendur. Lögð er áhersla á umferðaöryggi, m.a. fyrir óvarða vegfarendur, s.s. með því að umferð gangandi og hjólandi vegfarenda verði á sérstökum stígunum.

TAFLA 34 Stofnvegir.

VEGNR.	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
1	Suðurlandsvegur	Frá sveitarfélagsmörkum við Eystri-Rangá í vestri að sveitarfélagamörkum við Jökulsá á Sólheimasandi í austri. Gert er ráð fyrir breikkun vegar með aðskildar aksturstefnur austur að Markarflótsbrú. Með Suðurlandsvegi verður sérstakur hjólastígur til hliðar við þjóðveg.
254	Landeyjarhafnarvegur	Frá Suðurlandsvegi að Landeyjahöfn.
261	Hlíðarvegur	Frá hringvegi að Öldubakka á Hvolsvelli.

4.1.2 Tengivegir

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, m.s.br. þá eru tengivegir vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 2 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis.

Haldið verði áfram endurbótum tengivega almennt til þess að bæta umferðaröryggi, stytta vegalengdir og til að bæta samgöngur í sveitarfélaginu.

Almennir skilmálar

³⁹ (Vegagerðin 2019).

- Unnið verður með Vegagerðinni að endurbótum vega til að bæta umferðaröryggi, m.a. með breikkun vega, bundnu slitlagi og til að auka öryggi annarra ferðamáta óvarðra vegfarenda s.s. reiðhjólafólks.
- Byggja upp tengivegi og tryggja næga breidd og eftir atvikum vegaxlir til að auðvelda reiðhjólumferð.

TAFLA 35 Tengivegir.

VEGNR.	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
247	Sandhólmavegur.	Endurgera veg með bundnu slitlagi.
249	Þórsmerkurvegur frá Suðurlandsvegi að Jökultungum.	Frá suðurlandsvegi að Merkurvegi er heimilað að breikka veg / vegöxl m.a. til að auka öryggi hjólandi umferðar. Frá Merkurvegi að Jökultungum er heimilað að endurgera veg og breikka hann með bundnu slitlagi inn að Gígjökli.
250	Dímonarvegur. Af Suðurlandsvegi að Fljótshlíðarvegi.	Endurgera veg með bundnu slitlagi / möguleg flóttaleið. Breikka veg til að auðvelda hjólandi umferð.
251	Hólmabæjavegur frá Suðurlandsvegi að Bakkavegi.	Endurgera veg með bundnu slitlagi / möguleg flóttaleið vegna mögulegra náttúruhamfara..
252	Landeyjavegur frá Bakkavegi að sveitarfélagsmörkum við Sperðil. Frá Suðurlandsvegi við Þverá að sveitarfélagamörkum Rangárbings ytra við Uxahrygg.	Endurgera veg með bundnu slitlagi / möguleg flóttaleið vegna mögulegra náttúruhamfara.
253	Bakkavegur frá hringvegi að Landeyjahafnarvegi.	Bundið slitlag.
255	Akureyjarvegur.	Bundið slitlag.
261	Fljótshlíðarvegur frá Öldubakka á Hvolsvelli að Fljótsdalsvegi.	Endurgera veg með bundnu slitlagi / möguleg flóttaleið vegna mögulegra náttúruhamfara.
2420	Skógavegur.	Bundið slitlag.
2421	Safnavegur.	Bundið slitlag.
2440	Skógafossvegur.	Bundið slitlag.

4.1.3 Vegir á hálendi

Landsvegir eru aðrir helstu slóðar og vegir á hálendinu. Við viðhald vega er reynt að nota efni sem næst notkunarstað og því er heimil minniháttar efnistaka í næsta nágrenni vega, utan skilgreindra efnistöku-svæða.

Almennir skilmálar

- Heimilt er almennt viðhald slóða og vega í samráði við Vegagerðina.
- Heimiluð er minniháttar efnistaka í næsta nágrenni veganna, og í samráði við Umhverfisstofnun á verndarsvæðum.

TAFLA 34 Landsvegir á hálendi.

VEGNR.	HEITI	STEFNA
F249	Þórsmurkurvegur frá Jökultungum að bílastæði við Bása.	Almennt viðhald vegar.
F261	Emstruleið frá Fljótsdalsvegi að sveitarfélagsmörkum.	Almennt viðhald vegar. Gert verður ráð fyrir að hluti vegar verði gerður að góðum heilsársvegi úr Fljótshlíð að fyrirhugaðri göngubrú yfir Markarfljót við Húsadal.

4.1.4 Héraðsvegir og aðrir vegir

„Vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar⁴⁰.“

Héraðsvegir og aðrir vegir s.s. að lögbýlum og frístundasvæðum eru sýndir á skipulagsuppráttum til skýringar en eru ekki taldir upp hér.

4.1.5 Vegir í náttúru Íslands

Í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, segir að sveitarfélög skuli gera í aðalskipulagi skrá yfir vegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil og hlýtur hún samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi. Vegagerðin skal halda utan um skrá um vegi í náttúru Íslands⁴¹.

Vegir í náttúru Íslands hafa verið kortlagðir í samræmi við reglugerð um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 260/2018 og eru þeir sýndir á skýringarupprætti III. Hluti veganna eru sýndir á aðalskipulagsupprætti sem slóðar/aðrir vegir og þá eingöngu til skýringar. Ekki liggur fyrir hvort slóðar uppfylli almennar öryggiskröfur varðandi tengingar við þjóðvegakerfið. Vegagerðin heldur utan um skrá um vegi í náttúru Íslands.

Vegir þessir eru ávallt með takmörkunum og því er vélknúin umferð ekki heimil nema með heimild landeiganda og/eða veghaldara. Virða skal allar lokanir eða takmarkanir á umferð um þá.

Þrátt fyrir flokkun vega í náttúru Íslands er landeiganda ávallt heimil för um sitt heimaland s.s. vegna búskapar og annarrar landnýtingar.

⁴⁰ (Alþingi Íslands 2007).

⁴¹ (Alþingi, 2013).

4.2 Göngu- og hjólaleiðir

Samkvæmt 10. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá teljast almennir stígar vera „[...]reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálstrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga⁴².“

Almennt er gangandi heimiluð umferð um hjóla- og reiðleiðir en skulu taka fullt tilliti til annarra sem nýta stígana.

Stefna

- Möguleikar á vistvænum ferðamáta verði eflir m.a. með göngu- og reiðhjólástígum í þéttbýli og dreifbýli.
- Göngu- og hjólaleiðum sem nýtast til atvinnusóknar jafnt og til útivistar verði fjölgað, bæði styttri og lengri leiðum. Við hönnun og framkvæmd stíganna verði stuðlað að góðri endingu þeirra og lágmarks þörf á viðhaldi s.s. með efnisvali. Þá verði þess gætt að þeir falli vel að landi og vandað verði til frágangs þeirra.
- Stefnt skal að gerð gönguleiða meðfram ströndinni, ám- og vötnum þar sem því verður við komið og í samráði við landeigendur.
- Heimilt er að byggja göngubrú yfir Markarfljót við Húsadal.
- Gert er ráð fyrir malbikaðri reiðhjólaleið með Suðurlandsvegi í gegnum sveitarfélagið, sem getur nýst sem hluti af EuroVelo leiðinni. Einnig verði reiðhjólaleið að Landeyjahöfn.

Almennir skilmálar

- Komið verði fyrir heilsárs reiðhjólástígum í dreifbýli, fjarri akvegum, sem nýtist til útivistar og atvinnusóknar. Stígarnir verði skipulagðar í samvinnu við landeigendur, íbúa, atvinnurekendur og Vegagerðina.
- Á helstu tengivegum s.s. Fljótshíðarvegi, að Landeyjarhafnavegi og Þórsmurkurvegi verði a.m.k. gerð breið vegöxl, fyrir hjólreiðar og aðra óvarða vegfarendur, verði sérstökum reiðhjólástígum ekki við komið.
- Með Suðurlandsvegi verður sérstakur hjólástigur til hliðar við þjóðveg.
- Helstu reiðhjólástígar, sérstaklega innan þéttbýlis, verði upplýstir og malbornir/slitlag til að bæta öryggi íbúa.
- Fjallahjólaleiðum verði komið upp í samvinnu við áhugafólk og landeigendur.
- Við helstu stofnanir verði komið fyrir hjólagrindum m.a. til að ýta undir hjólreiðar starfsfólks.
- Íbúar hafi gott aðgengi að útivistarsvæðum og ósnortinni náttúru. Skipulag taki mið af því að halda opnum gömlum og hefðbundnum göngu- og reiðleiðum og tryggji aðgengi að áhuga-verðum útivistarsvæðum og náttúrufrýrbærum.
- Komið verði fyrir endingargóðum bekkjum við valda göngu- og hjólástíga og eftir atvikum á afþreyingar- og ferðamannasvæðum og opnum svæðum, m.a. til að mæta þörfum mismunandi samfélagshópa.

⁴² (Alþingi Íslands 2007).

4.3 Reiðleiðir

Stefna

- Reiðleiðum verði komið frá öllum stofnvegum og helstu tengivegum.
- Unnið verði með landeigendum og deildum hestamannafélagsins Geysis að því að finna æskilega staðsetningu og setja umgengisreglur varðandi legu leiða, hlið og umferð um einkalönd.
- Helstu reiðleiðir verði greiðfærar stærstan hluta ársins, m.a. til að styrkja atvinnustarfsemi tengda hestamennsku.

Almennir skilmálar

- Meginreiðleiðir séu greiðfærar stærstan hluta ársins og malarbornar þar sem þess gerist þörf.
- Í einhverjum tilfellum er eftir að útfæra reiðleiðir nákvæmlega, t.d. hvoru megin vegar er hentugra að þær séu, þær eru engu að síður sýndar á uppdráttum. Reiðleiðir verða útfærðar nákvæmar í tengslum við gerð þeirra og eftir atvikum í samstarfi sveitarfélags, landeigenda og Vegagerðarinnar.
- Umferð hestamanna valdi ekki spjöllum á gróðurlendi eða sögu- og náttúruminum.
- Áningarhólf verði útbúin þar sem ekki er hætt á landspjöllum.
- Unnin verði framkvæmdaáætlun fyrir reiðvegagerð sem felur í sér forgangsröðun verkefna.

4.4 Flugvellir (FV)

„Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri“⁴³.

Í sveitarfélaginu eru fimm flugvellir. Um flugvelli gilda lög nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum flugvöllum í aðalskipulagi. Úfærsla þeirra, búnaður og notkun er ekki háð ákvæðum aðalskipulagsins.

Flugvellirnir á Skógasandi, Bakka í Landeyjum og í Þórsmörk eru í umsjá Isavia. Ekki er reglulegt flug frá þeim.

Bakkaflugvöllur (FV-225), sem notaður hefur verið til farþegaflutninga og einkaflugs, er eini flugvöllurinn með bundnu slitlagi í sveitarfélaginu.

⁴³ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

TAFLA 36 Skipulagsskilmálar fyrir flugvelli.

AUÐKENNI	HEITI	SKIPULAGSÁKVÆÐI OG LÝSING Á SVÆÐI	STÆRÐ HA
FV1	Bakki í Landeyjum (FV225).	Flugstöð, flugbrautir með bundnu slitlagi og öryggissvæði við Bakkaflugvöll í umsjón Isavia. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Flugbrautir eru 1.000 m og 800 m. Gert er ráð fyrir að báðar brautirnar verði 1.000 m og að þar verði sett upp blindflugstæki. Öryggissvæði eru 75 m til beggja handa frá miðlínu og 150 m til endanna.	40,2
FV2	Við Hvolsvöll(FV231).	Flugvöllur á túni í einkaeigu. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Frá flugbrautinni á Hvolsvelli er gert ráð fyrir keyrslubraut að tjaldsvæðinu vestan Þjóðveggar.	10,3
FV3	Múlakot í Fljótshlíð (327).	Flugvöllur á túni í einkaeigu. Flugbraut, sportflug. Uppbygging skv. deiliskipulagi.	11,2
FV4	Á Skógasandi undir Eyjafjöllum (FV435).	Flugvöllur með malarslitlagi í umsjón Isavia. Flugbraut, sportflug. Deiliskipulag ekki fyrir hendi. Flugbrautin er 1.100 m. Öryggissvæði eru 40 m frá miðlínu og 60 m til endanna.	12,6
FV5	Húsadalur í Þórs-mörk (FV603).	Flugbraut með malarslitlagi í umsjón Isavia. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	9,5

5 VEITUR

Vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.

Almennt er gert ráð fyrir að veitur séu lagðar meðfram vegum og forðast skal að leggja þær innan verndarsvæða. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir stofnlögnum. Gert er ráð fyrir að stofnlagnir séu sýndar á skipulagsuppráttum sem og rafstrengir/háspennulínur 66 kV og stærri. Heimilt er að reisa stök mannvirki í tengslum við veitur og eða veitukerfi sbr. kafla 2.3.4.


Stefna

- Íbúar og fyrirtæki hafi ávallt aðgang að öruggu dreifikerfi raforku og öflugu fjarskiptasambandi.
- Sem flestar raflínur verði settar í jörð. Þar sem raflínur eru ofanjarðar verði leitast við að draga úr umhverfisáhrifum þeirra.
- Öll byggð njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.
- Að tryggja að gæði vatnsins uppfylli allar þær kröfur sem gerðar eru til neysluvatns.
- Stefnt er að öflun meira heits vatns fyrir Rangárveitu sem þjónar m.a. þéttbýliskjörnunum Hellu og Hvolsvelli.
- Öll íbúðar- og frístundahús í byggð, atvinnustarfsemi og skálar á hálendi skulu hafa fráveitu sem viðurkennd er af heilbrigðiseftirliti.
- Leita að heitu vatni í sveitarfélaginu til að köld svæði geti tengst hitaveitu.

5.1 Rafveita

Almennir skilmálar

- Heimilt er að viðhalda/endurnýja núverandi háspennulínur og strengi.
- Heimilt er að leggja rafstreng um afréttinn til að rafvæða skála. Lagning strengja 33 kV eða minni skal tilkynnt til sveitarfélagsins og skal framkvæmdin unnin í samráði við landeigendur/umráðahafa lands.
- Helgunarsvæði háspennulína skal vera skv. staðli ÍST EN 50341-3-12:2001, sjá mynd 1 til viðmiðunar.
- Innan helgunarsvæða raflína og rafstrengja skal haft samráð við eigendur flutningskerfis vegna framkvæmda.



MYND 1 Helgunarsvæði háspennulína skal vera skv. staðli ÍST EN 50341-3-12:2001

TAFLA 37 Raflínur og rafstrengir sem liggja um sveitarfélagið og eru á vegum Landsnets.

HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
Hellulína 2	Jarðstrengur. Liggur frá Hellu að Hvolsvelli. 66 kV strengur.
Rimakostlína 1	Loflína. Liggur frá tengivirki við Rimakot að tengivirki á Hvolsvelli. 132 kV lína.
Hvolsvallarlína 1	Loflína. Liggur frá tengivirki á Hvolsvelli að tengivirki í Búrfelli. 66 kV lína.
Vestmannaeyjalína 1	Jarðstrengur. Liggur frá Vestmanneyjum að tengivirki við Rimakot.
Vestmannaeyjalína 2	Jarðstrengur. Liggur frá Vestmanneyjum að tengivirki við Rimakot.
Vestmanneyjalína 3	Jarðstrengur. Liggur frá Vestmanneyjum að tengivirki við Rimakot.
Rimakotslína 2	Fyrirhugaður 132 kV jarðstrengur. Verður lagður frá Hellu meðfram Suðurlandsvegi austur fyrir Hvolsvöll og þaðan til suðurs að Rimakoti. Stefnt skal að því að strengurinn fylgi sem mest vegum og slóðum sem fyrir eru á svæðinu og raski á gróðri og ræktuðu landi haldið í lágmarki. Frágangur skal vera með þeim hætti að svæðið taki á sig mynd aðliggjandi lands m.a. með nýtingu svarðlags. Einnig er heimil gerð göngu- og hjólastígs á strengleið í samráði við landeigendur og Landsnet.

5.2 Vatnsveita

Vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.

Almennir skilmálar

- Að tryggja nægilegt slökkvivatn.
- Heimilt er að nýta kalt vatn (borholur) til einkanota í byggð og á hálendi, þar sem ekki er um eftirlitsskylda starfsemi að ræða.
- Nýir stórnotendur vatns skulu hafa samráð við sveitarfélagið um öflun neysluvatns.
- Tryggja afhendingaröryggi neysluvatns til íbúa og fyrirtækja.

TAFLA 38 Helstu vatnsveitur í sveitarfélaginu.

HEITI	STEFNA
Vatnsveita að Vestmanneyjum.	Vatnsveita Vestmannaeyja í Syðstu-Mörk sér bæjum í austurhluta Landeyja og nokkrum bæjum í vesturhluta Eyjafjalla fyrir vatni, auk Vestmannaeyja. Í sjó liggur 22 km vatnsleiðsla frá Landeyjasandi að Vestmannaeyjum.
Vatnsveita Hvolsvallar.	Sækir vatn í lindir í Krappa.
Tunguveita.	Sækir vatn úr vatnsveitu við Tungu í Fljótshlíð og sér bæjum í Vestur-Landeyjum fyrir vatni.

5.3 Hitaveita

Almennir skilmálar

- Heimilt er að bora eftir heitu vatni (tilraunaholur) án þess að breyta aðalskipulagi. Slíkar framkvæmdir eru framkvæmdaleyfisskyldar.
- Heimilt er að virkja heitt vatn (jarðgufa), allt að 2.500 kW enda sé um einkaveitur að ræða.
- Að staðið verði að orkuöflun með sjálfbærum og umhverfisvænum hætti sem sé í takt við byggðaþróun sveitarfélagsins og geti mætt kröfum vaxandi samfélags.
- Að hitaveita verði á þeim bæjum þar sem það er talið hagkvæmt.
- Að tryggja afhendingaröryggi á heitu vatni til íbúa og fyrirtækja.

5.4 Fráveita og ofanvatn

Almennir skilmálar

- Sameiginleg fráveita skal vera þar sem þéttleiki byggðar, landslag og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Tryggja skal aðgengi að rotþróm til tæmingar, tryggt verði að förgun/nýting úrgangs verði fullnægjandi og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits, bæði í byggð og á hálendinu.
- Þar sem viðtakinn er grunnvatn/ferskvatn skal vera ítarlegri hreinsun frárennslis.
- Hús sem ekki eru tengd fráveitukerfi skulu hafa tveggja þrepa hreinsun skv. 3. mgr. 13. gr. í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
- Að í þéttbýli verði komið á viðunandi hreinsun skólps með uppsetningu hreinsistöðva. Í deiliskipulagi skal taka frá svæði fyrir dælustöðvar fyrir frárennslis, sé þess þörf.
- Þar sem aðstæður leyfa má miðla ofanvatni af þökum og hörðu yfirborði í jarðveg í stað fráveitukerfis.
- Aðskilja skal ofanvatns- og skólpagnir þar sem hægt er m.a. við viðhald eldri lagna og í nýjum hverfum.
- Unnið verður að því að draga úr álagi á vatnshlotið þverá 2. Eftirlitsmælingar eru framkvæmdar árlega í samræmi við aðgerðaáætlun vatnaáætlunar Íslands 2022-2027.

5.5 Fjarskipti

Almennir skilmálar

- Öll byggð, og þar með talið frístundabyggð, eigi kost á að tengjast ljósleiðara sveitarfélagsins.
- Stutt verður við uppbyggingu nýrrar tækni fjarnetssambands, s.s. 5G.
- Tryggja skal fjarskiptasamband sem víðast, fyrir almenning og viðbragðsaðila, svo hægt sé að vara við yfirvofandi hættu.
- Heimilt er að setja upp fjarskiptamannvirki án breytinga á aðalskipulagi sbr. kafla 2.3.4. Gerð verði nánari grein fyrir slíkum mannvirkjum í deiliskipulagi.

6 NÁTTÚRUVÁ (NV)

„Svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri)“⁴⁴.

Hluti byggðar er á skilgreindum hættusvæðum. Unnið hefur verið hættumat vegna mögulegra hamfaraflóða og eru flóðasvæði Markarfljóts sýnd á skipulagsuppdrætti skv. gögnum frá Veðurstofu Íslands⁴⁵. Einnig er viðbragðsáætlun vegna náttúruhamfara í gildi. Þá hefur verið unnið hættumat á ferðamannastöðum.

Gerð er grein fyrir náttúruvá í forsenduhefti, kafla 4.6.

Stefna

- Veita skal upplýsingar til íbúa varðandi náttúruvá og viðbragðsáætlanir gegn þeim. Viðhalda þarf og styrkja reglulega vitund almennings um náttúruvá, s.s. þá hættu sem fylgir gosi undir jökli og upplýsa um viðbrögð.
- Byggð verði almennt utan skilgreindra hættusvæða, tryggja skal umsögn viðkomandi aðila varðandi hættumat vegna nýrrar byggðar.
- Tryggja þarf öruggt símasamband á öllum hættu- og rýmingarsvæðum vegna náttúruhamfara, s.s. vegna eldgosa í Eyjafjalla- og Mýrdalsjökli.
- Húsnæði aðgerða- og vettvangsstjórna þarf að vera til staðar og fullnægja þörfum fyrir starfseminu.
- Auka öryggi á ferðamannastöðum.

6.1.1 Jarðskjálftar

Hætta á stórum jarðskjálftum er hvergi meiri en á Suðurlandsundirlendinu. Upptök stórra skjálfta liggja austarlega á A-V jarðskjálftabeltinu á Suðurlandi. Víða á Suðurlandsundirlendinu háttar þannig til og því ástæða til að sýna sérstaka aðgát við hönnun mannvirkja.

Stefna

- Ekki verði byggt yfir þekktar jarðskjálftasprungur eða stalla í berggrunni, né heldur á eða í nágrenni við þekkt upptakasvæði stórra skjálfta.
- Áður en byggð er skipulögð og byggingarframkvæmdir hafnar á eða við skjálftasvæði skal framkvæmdaaðili láta kanna bergsprungur á svæðinu.
- Hafa skal að leiðarljósi að byggja fremur lágreist hús og hyggja sérstaklega vel að undirstöðum bygginga og gæta þess að ekki séu sprungur, misgengi eða stallar undir húsagrunnum.

⁴⁴ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

⁴⁵ (Magnús Tumi Guðmundsson o.fl. 2016).

6.1.2 Eldvirkni

Sýst á landinu er að finna svæði megineldstöðva og er svæðið því eftirsóknarvert í náttúrutengdri ferðapjónustu og er áhugavert til vísindarannsókna og fræðslugildis. Í sveitarfélaginu er sérstaklega mikilvægt að taka tillit til eldvirkni og mögulegra afleiðinga þeirra.

Stefna

- Bygging varnargarða vegna skyndilegrar náttúruvár s.s. eldgosa og flóða er háð framkvæmdaleyfi sé þess kostur.
- Varnargarðar skulu eftir því sem kostur er ekki byggðir á eftirtöldum svæðum: Hverfisverndarsvæðum, svæðum á náttúruminjaskrá, friðlýstum svæðum, svo og svæðum þar sem eru þekktar fornminjar.

6.1.3 Ofanflóð, flóðasvæði og jökulhlaup

Beintengt eldvirkni undir jökli er afleidd hættu á flóðum og jökulhlaupum. Sveitarfélagið ásamt viðbragðsaðilum þurfa að vera viðbúnir og byggja upp innviði m.t.t. þessarar hættu. Unnið hefur verið ofanflóðamat, sem sýnir möguleg hættusvæði út frá halla lands og/eða þekktum skriðum.

Stefna

- Meta þarf hættu við Landeyjahöfn vegna jökulhlaupa.
- Skoða þarf sérstaklega ár sem renna úr Eyjafjallajökli og hvernig þær hlaða undir sig og fylla árfarvegi og geta þannig skapað hættu fyrir land, vegi, önnur mannvirki og fólk.
- Huga þarf vel að grundun bygginga og að þeim verði lyft upp fyrir þekkta flóðhæð.
- Að jafnaði er ekkiheimilt að vera með kjallara á þekktum flóðasvæðum.
- Við staðsetningu nýrra íbúðar- og frístundahúsa, nærri mögulegum ofanflóðasvæðum, skal haft samráð við Veðurstofuna og eftir atvikum skal vinna hættumat.

7 VERNDARSVÆÐI OG MINJAR

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 þá teljast náttúruverndarsvæði vera; A) friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda. B) Svæði og náttúrumyndanir á B og C hluta náttúru-minjaskrár. C) Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags⁴⁶.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að vernda minjar og mikilvæg svæði sem hafa gildi í sögulegu, menningarlegu eða jarðfræðilegu tilliti. Skoða skal frekari verndun og/eða friðlýsingu s.s. fossa, gljúfur og fuglasvæði.

Stefna

- Víðerni, landlagsheildir og fjölbreytileiki landslags⁴⁷ verði vernduð.
- Stuðla skal að vernd lítt raskaðra landsvæða.
- Leitast verði við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og bæta upplýsingar um þær.
- Mannvirkjagerð á verndarsvæðum leiði til eins lítillar röskunar og kostur er og álag á einstök svæði af völdum ferðamanna verði undir þolmörkum.
- Hugað verði að varðveislugildi, lagfæringu og viðhaldi á völdum minjum, t.d. fornum bæjarstæðum og samgöngumannvirkjum.
- Helstu minjar/minjasvæði verði felld undir hverfisvernd/minjavernd og skilgreind verndar-ákvæði fyrir þær.
- Leitast skal við að endurheimta votlendi í samráði við landeigendur.
- Vernda og endurheimta skal búsvæði vaðfugla og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmda á vaðfugla.

7.1 Friðlýst svæði (FS)

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.

Eitt svæði í Rangárþingi eystra er friðlýst skv. lögum um náttúruvernd.

Almennir skilmálar

- Hvers konar athafnir eða framkvæmdir sem ganga gegn markmiðum friðlýsingar og geta skaðað verndargildi friðlýstra náttúrminja eru óheimilar.

⁴⁶ (Alþingi Íslands 2015).

⁴⁷ „Svæði sem fólk skynjar að hafi ákveðin einkenni sem eru tilkomin vegna virkni eða samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta“.

TAFLA 39 Friðlýst svæði.

AUÐKENNI	HEITI	STEFNA OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
FS1	Skógafoss	<p>Skógafoss var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1987 og unnin var stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið, útgefið í apríl 2019. Þessi svipmikli, 60 metra há foss er neðsti fossinn í fagurri fossaröð Skógaár. Hið friðlýsta svæði við Skógaá takmarkast við hringveginum í suðri og nær um 7 km í norður upp á Skógaheiði, en mörkin fylgja ánni 100 metra sitthvoru megin frá miðju hennar. Er því öll fossaröðin í Skógaá upp að göngubrúnni á leiðinni upp á Fimmvörðuháls friðlýst. Nafnkunnir fossar í þessari röð, auk Skógafoss, eru m.a. Hestavaðsfoss, Fosstorufoss og Skálabrekkufoss. Heildarflatarmál hins friðlýsta svæðis er 1,65 ferkílómeter.⁴⁸</p> <p>Reglur um Skógafoss Mannvirkjagerð og jarðrask svo og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Skyld er að hlíta ábendingum stofnunarinnar um staðarval, útlit og frágang mannvirkja. Gangandi fólk er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Aðeins er heimilt að tjalda á merktum tjaldsvæðum. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimil. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.</p> <p>Sérstakar reglur á svæðinu Nætgisting er einungis heimil á tjaldsvæðinu neðan við fossinn. Á það við um húsbíla, ferðavagna og tjöld. Óheimilt er að nota ómönnuð loftför (dróna) innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og trufun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun eða viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar, sem getur sett skilyrði þegar slík leyfi eru veitt. Umhverfisstofnun getur takmarkað umferð tímabundið á viðkvæmum svæðum þar sem hætta er á jarðvegsrofi og gróðurskemmdum. Rekstur hesta er ekki leyfður innan náttúruvættisins, en ríðandi mönnum er heimil för um hefðbundnar leiðir innan þess. Hjólreiðar eru heimilar á merktum hjólaleiðum og akvegum. Gæludýr skulu höfð í taumi.</p> <p>Frekari upplýsingar um sérstakar reglur um umferð og dvöl við Skógafoss má finna í stjórnunar- og verndaráætlun⁴⁹.</p>	177,8

7.2 Önnur náttúruvernd (ÖN)

Jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Svæði á náttúruminjasrá eru sýnd á skýringarupprætti í viðauka við forsenduhefti.

⁴⁸ (Umhverfisstofnun 2020).

⁴⁹ (Umhverfisstofnun 2019).

Svæði sem sett eru í verndarflokk skv. 6. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun. Í gildandi rammaáætlun eru tveir virkjunarkostir í Rangárþingi eystra í verndarflokki, þ.e. Markarfljótsvirkjun A og Markarfljótsvirkjun B. Sveitarstjórn stefnir að friðlýsingu þess hluta Markarfljótsgljúfra og hluta svæðis sem tengjast þessum virkjunarkostum, í samræmi við ákvæði í fyrrgreindri áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða og laga um náttúruvernd. Svæðin eru á skilgreindu náttúruverndarsvæði (nr. 761 á náttúruuminjaskrá) og á hverfisverndarsvæði HV10 og um þau gilda sérstök hverfisverndarákvæði sbr. kafla 7.4.

TAFLA 40 Virkjanakostir í verndarflokki.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
ÖN12	Markarfljótsvirkjun A	Virkjunarkostur settur í verndarflokk, sbr. gildandi Rammaáætlun .
ÖN13	Markarfljótsvirkjun B	Virkjunarkostur settur í verndarflokk, sbr. gildandi Rammaáætlun .

TAFLA 41 Svæði á náttúruuminjaskrá, lýsing á svæðunum er úr náttúruuminjaskrá.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
ÖN1	Kvernugil nr. 712.	Gljúfrið með Kvernufoffi. Gilið og nánasta umhverfi. Sérstætt gljúfur með fögrum fossi, þ.e. Kvernufoffi.	68,0
ÖN2	Drangurinn í Drangshlíð nr. 713.	Drangurinn og nánasta umhverfi í landi Drangshlíðar undir Eyjafjöllum. Sérkennilegur móbergsdrangi, áberandi einkenni í landslagi.	5,4
ÖN3	Bleiksárgljúfur nr. 715.	Gljúfrið ásamt fossum. Þröngt og djúpt gljúfur. Fjölbreyttur gróður.	96,2
ÖN4	Merkjáfoss nr. 716.	Foss í Merkjá rétt vestan Múlakots. Hár og sérstæður foss í fögru umhverfi.	12,6
ÖN5	Litla- og Stóra-Dímon. Nr. 717.	Höfðarnir Litla- og Stóra-Dímon, í landi [Eyvindarkots], ásamt nánasta umhverfi. Svipmiklir, stakir móbergshöfðar.	179,2
ÖN6	Nauthúsagil nr. 718.	Nauthúsagil ásamt fossi, skammt fyrir innan Stóru-Mörk. Djúpt og þröngt gil, fallegur foss.	30,7
ÖN7	Tjarnir og Tjarnanes nr. 719.	Að austan liggja mörk svæðisins um Markarfljót og að vestan um Ála. Gróður og dýralíf. Mólendi og votlendi, mikið fuglavarp.	4.470,3
ÖN8	Seljalandsfoss og Gljúfrabúi nr. 720.	Fossarnir báðir, svo og hamrarnir og brekkan milli þeirra. Einkar fallegir fossar, sem setja mikinn svip á landslagið, gróskumiklar brekkur.	16,3
ÖN9	Skúmsstaðavatn nr. 726.	Skúmsstaðavatn ásamt votlendi ofan Landeyjasands milli Grímsstaða og Klaufar, svo og Kuggavatn. Gróðurmikið stöðuvatn, tjarnir og stararflóð. Mikið fuglalíf.	1.560,4
ÖN10	Emstrur og Fjallabak, Rangárvallasýslu, V-Skaftafellssýslu nr. 761.	Landsvæðið á milli svæðis nr. 730, og Friðlands að Fjallabaki annars vegar og Þórsmerkur og Mýrdalsjökuls hins vegar. Til vesturs ræður lína úr Jökulöldum um Þórólfsfell og Smáfjöll í Vondubjalla. Til austurs og norðurs ræður lína úr Öldufelli um Svartafell í Svartahnúk og þaðan í Torfajökul. Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.	22.281,8
ÖN11	Kálfshamar, Pöstin og Dysjarhöll nr. 762.	[Klapparhólar framán við Hvammsnúp]. Klappir úr ankaramíti, sem er basalt með áberandi pýroxen- og ólivíníðlum. Klappirnar setja sterkan svip á umhverfið og við [Pöstina] er tengd þjóðsaga.	9,6
ÖN14	Þórsörk nr. 714.	Þórsörk, Almenningar og afréttir sunnan Krossár vestur að Jökultungum.	11.254,8

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
		Fjölbreytt og fagurt landslag. Skóglendi í skjóli jökla, að hluta til í umsjá Skógræktar ríkisins. Vinsælt útivistarsvæði.	

7.3 Minjavernd (MV)

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.

Við aðalskráningu minja er unnið eftir gömlu hreppunum innan sveitarfélagsins. Skráningu er lokið í Fljótshlíð og búið að skrá valin svæði undir Eyjafjöllum og skráning er hafin í gamla Hvolhreppi.

Unnið er að samræmingu og uppfærslu skráningarinnar samhliða yfirferð um hvort nýjar minjar hafi fundist. Við gerð deiliskipulags er mikilvægt að taka tillit til minja.

Stefna

- Taka skal tillit til þekktra minja við skipulag landnýtingar.
- Hugað verði að varðveislugildi eldri húsa og mannvirkja. Skipulag stuðli að verndun sögulegra mannvirkja og annarra menningarlega mikilvægra fyrirbæra.
- Unnið verði að lagfæringu og viðhaldi á völdum minjum, í samráði við Minjastofnun Íslands.
- Gamlar þjóðleiðir verði endurvaktar og nýttar sem göngu- eða reiðleiðir, eftir því sem hægt er.
- Helstu minjar/minjasvæði eru sett undir hverfisvernd og skilgreind verndarákvæði fyrir þær.

Almennir skilmálar

- Fornminjar njóta friðunnar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.
- Í lögunum er kveðið á um að þeim minjum sem friðlýstar eru, skuli fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegum mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað í skrá Minjastofnunar Íslands. Komi minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva verkið og tilkynna Minjastofnun Íslands sem úrskurðar hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

TAFLA 42 Friðlýstar fornminjar skv. aðalskráningu fornminja.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING
MV1	Efri-Hvoll	Hellar þrír manngjörvir í útnorðurbakka Hvolslækjar, austur frá bænum. Sáðreitir, fornir í hárrí brekku, suðaustan í Íraheiði, niður með Þórunúpslæk (mun eiga að vera Þórunúpsgil) að vestan. RA-253:013.
MV2	Þórunúpur	Hellar tveir saman, manngjörvir, í brekku norðan við Þórunúpslæk, alllangt austur frá bænum. RA-246:012.
MV3	Vatnsdalur	Hellir manngjörður, innundir Fiská. RA-213:014.
MV4	Kirkjulækur	Rústir undir Þríhyrningi suðaustanmegin; eru þar seljatóftir ofan á fornum bæjartóftum. RA-202:017.
MV5	Grjótá	Þráinsgerði, umgirtur ferhyrndur reitur, uppi við túngarðinn. RA-200:016.
MV6	Árkvörn	„Hólfríðarkapella“, hússtæðið sjálft og klöppin sem það stendur á, í hlíðinni milli Eyvindarmúla og Árkvarnar. RA-181:010.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING
MV7	Bólstaðarústaleifar	Þær eru suður frá Einhyrningi, við læk þann er fellur ofan hjá Hrótholti (Hrútakollur mun vera réttara), sunnanmegin. RA-643:001.
MV8	Þuríðarstaðir	Leifar forna eyðibýlisins Þuríðarstaða á Þórsörk. RA-615:003.
MV9	Steinfinnsstaðir	Leifar forna eyðibýlisins Steinfinnsstaða og fornra dysja skammt suður frá þeim. Fornleifar þessar eru á svonefndri Kápu á Almanningum, norðan við Þröngá. RA-616:001.
MV10	Ey I-II	Fornar tóftir og garðlög vestan við Fljótsbotna. (Friðuninni er lýst sem kvöð á Eyjar (Ey I-III) enda eru minjarnar í óskiptu landi jarðanna eða í s.k. Sandgirðingu. Ey III heitir nú Eyland).
MV11	Bergþórshvoll	1. Bæjarstaðið gamla með jarðfólgnum leifum frá Njál-brennu. 2. Gamlar ekrur, er nefnast Línakrar, 6 saman og 2 gróðrarreitir að auki. eru nálægt Fíflholts-landamærum og skammt frá Affallinu. Sbr. Árb. 1900: 4.
MV12	Vorsabær	1. Leifar Gamla-Vorsabæjar ásamt rauðablástursminjum í nánd. 2. Leifar tveggja gamalla sáðgarða og þriggja kringlóttra smátófta í nánd, í Vorsabæjarvelli, nær honum miðjum. 3. Ennfremur gamlir vatnsveitustokkar, margir og langir, sem liggja eftir uppgrónum lækjarfarvegi eftir endilöngum vellinum, ásamt mörgum fornnum stíflum í farveginum.
MV13	Voðmúlastaðir	1. Leifar Gamla-Vorsabæjar ásamt rauðablástursminjum í nánd. 2. Leifar tveggja gamalla sáðgarða, og þriggja kringlóttra smátófta í nánd, í Vorsabæjarvelli, nær honum miðjum. Ennfremur gamlir vatnsveitustokkar, margir og langir, sem liggja eftir endilöngum vellinum, ásamt mörgum fornnum stíflum í farveginum.
MV14	Leifsstaðir	Rústir þær, sem nefnast Fornufjós; þær eru þrjár að tölu, skammt norðan Suðurlandsvegur, ein stór, önnur tvískipt, ein lítil.
MV15	Seljaland	Hoftóftarleifar í Hofstorfu, austur og upp frá bænum. 2. Hellar þrír manngjörvir í hörðum þursabergskletti bakvið bæinn; af einum er fallið ræfrið.
MV16	Fitjar	Stór aflangur grasigróinn hóll í túninu, skammt vestur frá bæ, sunnan við Fitjarál. Þarna hefur bærinn staðið um aldir, en verið færður þaðan ekki seinna en á 17. öld.
MV17	Steinar	Steinahellir, fast við þjóðveginn.
MV18	Hörðuskáli	Bæjarhóllinn þar sem áður stóð bærinn Hörðuskáli, sem fór í eyði rétt eftir 1700.
MV19	Rauðafell II	Hellar tveir, samhliða, í fjallshlíðinni austur frá bænum. (Friðuninni er lýst sem kvöð á Rauðafell eystra, en minjarnar hafa verið í landi Rauðafells II frá um 1970.)
MV20	Hrútafell	Hrútshellir.
MV21	Krosskirkja	Timburhús reist 1850. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV22	Akureyjarkirkja	Timburhús reist 1912. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV23	Breiðabólstaðarkirkja	Timburhús reist 1911. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV24	Hlíðarendakirkja	Timburhús reist 1897. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV36	Seljavallalaug	Friðuð af menntamálaráðherra 6. júlí 2006 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðunin nær til laugarinnar, mannvirkja við hana og nánasta umhverfis, þ.e. 10 metra umhverfis laugina til suðurs, norðurs og austurs. Klettaveggur að vestan er allur friðaður.
MV37	Garðlög	(255:031). Gömul garðbrot sem voru mikil mannvirki. Eitt þeirra liggur upp allar Brúnir, en það eru brúnirnar fyrir ofan undirlendið með Rangá kallaðar. Eitt garðbrotið liggur yfir þvera Íraheiði, og enn eitt í mörgum krókum á svæðinu milli Vallar og Efra-Hvols.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING
MV38	Fornar tóftir	Fornar tóftir í túni á Velli, m.a. ein sem heitir Goðhof (248:024). Vestur í túninu, suðvestur af bænum er forn tóft, hringur, 12/16 m.
MV39	Sel frá Hlíðarenda	(185:008). Fyrrum selstaður sunnan Þverár.
MV40	Mylla	(179:041). Mylluhús var uppistandandi í Eyvindarmúla fram um 1930.
MV41	Áveitukerfi	(083:019). Leifar áveitukerfis við Stóru Mörk, garðar og skurðir.
MV42	Lögréttubalar - þingstaður	(143:027). Minjar um gamalt þinghald, 3-4 lágur hæðir eða þúfur í túninu, skildar að með smábílum, 12-16 álna langar og nokkurra álna háar og kallast lögréttubalar eða lögréttugarðar.
MV43	Snorrasel eða Arnþórssel	(Viggusel) (127:019 eða 020). Heimildir um sel.
MV44	Miðeyjarhólmur	(109:001-012). Bæjarstæði, tóftir, hlaðinn garður og torfhús sem líklega var kartöflugeymsla.
MV45	Bakki	Brennutóft - bæjarstæði (118:015). Þar var kynt bál sem vísbending fyrir Vestmannaeyinga til að lenda við Landeyjasand. Bæjarstæði þar sem byggð hélt í mjög skamman tíma sökum mikils sands.
MV46	Paradísarhellir	(062:027). Sérkennileg náttúrusmíð. Einskonar æðar eða hrukkur eru um hvelvinguna að ofan.
MV47	Sauðhúsvöllur	Bæjarstæði (053:001). Áður stóð bærinn ofar og austar í túninu, en árið 1938 flutti þáverandi ábúandi hann 130 m til vesturs og byggði þar íbúðarhús. Þar standa nú röð af húsum, þrjú vestanmegin, tvö austanmegin og eru þau öll heil. Húsið í miðju hefur verið endurbyggt.
MV48	Hellnahóll	Bæjarstæði (035:001). Fram undan Holtsnúpi er eyðibýlið Hellnahóll sem dregur nafn af hellum sem voru í hólnum til skamms tíma. Rústasvæðið er allhár um 4 m hár hryggur.
MV49	Arnarhóll - Holtsós	Búðarflötur vestan við Arnarhól, verslunarstaður (032:029). Holtavatsnós (Holtsós) var fyrr á öldum kaupskipahöfn og voru þar verslunarbúðir. Þær munu hafa verið vestan við Arnarhól, sem er klettur við norðanverðan ósinn. Lítil ummerki sjást þar.
MV50	Njóladalsrétt	Rétt (032:024).
MV51	Gálgasteinar	Aftökustaður (030:003). Þrír stórir steinar sem hafa fallið úr berginu. Sagt er að þar hafi verið hengdir sakamenn.
MV52	Miðbæli	Bæjarstæði (020:003). Rústir bæjarins Miðbælis, sem byggður var um 1600, eru nú í suðurjaðri Miðbælislands, fram við fjöruna. Þar sjást glöggst rústir Miðbælikirkju, sem lögð var niður 1765 og rúst kirkjugarðs.
MV53	Lambafell	Bæjarstæði (010:001). Byggð við suðvesturhorn Lambafells á fremur skjólsælum stað sem var flutt um 1912 um 350 m austur með Lambafelli sökum ágangs Svarðbælisár. Traðarkjaftinn gamla og hluta af túngarði hefur til skamms tíma mátt sjá vestan við farveg árinna.
MV54	Fagraskógsból	Fagraskógsból norðan Eyjafjallajökuls RA-614:001.
MV55	Þuríðarstaðir	Þuríðarstaðir efri í Þórsmörk RA-644:003-004.
MV56	Almenningból	Hellirinn Almenningból á Almenningum RA-615:004.
MV57	Húsadalur	Þórsmörk – bæjarrústir frá 1801 (615:005). Merki um forna og mikla byggð. Birkiskógur er nú kominn yfir hluta rústanna og túnstæðið en greina má um fjórar rústir.
MV58	Sóttarhellir	Þórsmörk (615:008). Sóttarhellir er utarlega í Þórsmörkum að vestan. Manngerður hellir. Gæti hafa verið fjárhellir en hann kann að hafa verið gerður af fjárleitarmönnum. Sóttarhellir er eini hellirinn í Þórsmörk sem hægt er að gera að sæmilegri vistarveru.
MV59	Snorriaríki	Þórsmörk (615:007). Innst í sunnanverðum Húsadal er klettur, og í honum dálítill skúti. Talið er að þar hafi sakamaður, sem Snorri hét, hafst við um skeið.
MV60	Valahnúksból	Sæluhús RA-615:001.
MV61	Úthólmar	Úthólmar á Almenningum RA-615:002.
MV62	Strákagil	Í Strákagili á Goðalandi RA-221:002.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING
MV63	Almenningur	Almenningur, bæjarstæði RA-616:007.
MV64	Hellisvellir	Hellisvellir á Grænafjalli RA-643:006-007.
MV65	Hattfellsgil	Hattfellsgil á Emstrum RA-653:003-004.
MV66	Fjallabaksleið	Fjallabaksleið syðri RA-653:001.
Byggingar í Skógum - ekki sýndar á uppdrætti.		
	Svefnherbergi frá Árkvörn í Fljótshlíð	Torfhús reist 1838. Friðað 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
	Búr frá Seljalandi í Fljótshverfi	Torfhús reist um 1840. Friðað 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
	Skemma frá Varmahlíð undir Eyjafjöllum	Torfhús reist um 1830. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
	Skemma frá Gröf í Skaftártungu	Torfhús reist um 1840. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
	Baðstofa frá Arnarhóli í Landeyjum	Torfhús reist 1895. Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftfellinga á Skógum.
	Bæjarhús frá Skál á Síðu	Torfhús, fjósbaðstofa og frambær. Endurreist á Skógum 1989.
	Fjós frá Húsum í Holtum	Torfhús. Endurreist á Skógum 1974.
	Hlóðaeldhús frá Kvoslæk í Fljótshlíð	Torfhús. Byggingarár og höfundur ókunn. Endurreist á Skógum 1972.
	Íbúðarhús frá Holti á Síðu	Timburhús reist 1878. Endurreist á Skógum 1980.
	Rafstöð frá Breiðabólstað á Síðu	Timburhús reist 1926. Flutt í heilu lagi að Skógum 1990.
	Stofa frá Norður-Götum í Mýrdal	Torfhús reist 1896. Endurreist á Skógum 1976.

Verndun annarra húsa og mannvirkja

Samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, þá eru öll hús og mannvirki sem eru eldri en 100 ára friðuð og er óheimilt að raska þeim, breyta, rífa eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar. Samkvæmt 31. gr. laganna er óheimilt að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands.

Í 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er fjallað um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki eru friðuð eða friðlýst. Undir þetta falla mannvirki sem byggð voru 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru 1940 eða fyrr. Upplýsingar um aldur mannvirkja eru fengnar hjá Þjóðskrá.

TAFLA 43 Mannvirki sem voru byggð 1925 eða fyrr.

HEITI	MANNVIRKI
Múlakot í Fljótshlíð	Friðlýsingin tekur til staðarins í heild innan afmarkaðs svæðis, gamla íbúðar- og gistihússins og annarra uppistandandi staðarhúsa, rústa útihúsa og annarra fornminja, garðsins framan við húsið og listhússins í garðinum.
Krosskirkja	Timburhús reist 1850. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
Akureyjarkirkja	Timburhús reist 1912. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.

HEITI	MANNVIRKI
Breiðabólstaðarkirkja	Timburhús reist 1911. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
Hlíðarendakirkja	Timburhús reist 1897. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
Seljavallalaug	Friðuð 2006 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðunin nær til laugarinnar, mannvirkja við hana og nánasta umhverfis, þ.e. 10 metra umhverfis laugina til suðurs, norðurs og austurs. Klettaveggur að vestan er allur friðaður.
Svefnherbergi frá Árkvörn í Fljótshlíð	Torfhús reist 1838. Friðað 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
Búr frá Seljalandi í Fljótshverfi	Torfhús reist um 1840. Friðað 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
Skemma frá Varmahlíð undir Eyjafjöllum	Torfhús reist um 1830. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
Skemma frá Gröf í Skaftártungu	Torfhús reist um 1840. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
Baðstofa frá Arnarhóli í Landeyjum	Torfhús reist 1895. Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftfellinga á Skógum.
Bæjarhús frá Skál á Síðu	Torfhús, fjósbaðstofa og frambær. Endurreist á Skógum 1989.
Fjós frá Húsum í Holtum	Torfhús. Endurreist á Skógum 1974.
Hlóðældhús frá Kvoslæk í Fljótshlíð	Torfhús. Byggingarár og höfundur ókunn. Endurreist á Skógum 1972.
Íbúðarhús frá Holti á Síðu	Timburhús reist 1878. Endurreist á Skógum 1980.
Rafstöð frá Breiðabólstað á Síðu	Timburhús reist 1926. Flutt í heilu lagi að Skógum 1990.
Stofa frá Norður-Götum í Mýrdal	Torfhús reist 1896. Endurreist á Skógum 1976.

7.4 Hverfisvernd (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum⁵⁰.

Mikilvæg fuglasvæði eru víða á láglandi sveitarfélagsins, sérstaklega í votlendi og mólendi. Breytt landnotkun kann að hafa áhrif á fuglalíf.

Almennir skilmálar hverfisverndar vegna náttúrverndar

- Þar sem vötn eða tjarnir eru undir hverfisvernd nær verndin að lágmarki til 50 m beltis frá vatnsbakka.
- Lagt er til að votlendi verði endurheimt þar sem því verður við komið. Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Vernda skal votlendi, m.a. með tilliti til fuglalífs, og er hluti þess skilgreindur undir hverfisvernda.

⁵⁰ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

- Safnskurðir⁵¹ eru settir undir hverfisvernd, m.a. til að vernda núverandi matvælaframleiðslu og nýtingu lands til landbúnaðarnota.
- Innan hverfisverndarsvæða á afréttinum eru hefðbundnar nytjar, s.s. beit og veiðar áfram heimilar.
- Þurfi að reisa mannvirki s.s. fjallaskála, gangnamannaskála, neyðarskýli, fjarskiptamöstur eða aðrar sambærilegar byggingar á svæðinu, skal það gert samkvæmt ákvæðum um slíkar byggingar í aðalskipulagi, í samræmi við deiliskipulag og í samráði við viðkomandi umsagnar- aðila.
- Forðast skal að raska vistgerðum, með mjög hátt verndargildi, sem ná yfir 2 ha eða stærra svæði.
- Hluti víðerna á afréttinum er settur undir hverfisvernd. Leitast skal við að vernda þau og viðhalda lítt snortnu yfirbragði þeirra.

⁵¹ Árið 1948 var hafist handa við framræslu á Landeyjarsandi með því að grafa skurði á mörkum bæjanna. Frárennsli þeirra var sameinað í safnskurði á mörkum sands og gróðurlenda til að veita vatninu frá gróðurlendum í neðanverðum Landeyjum til sjávar.

TAFLA 44 Hverfisvernd.

AUÐKENNI	LÝSING	SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
HV1	Hálendi og jöklar. Eyjafjallajökull, Þórsmerkursvæðið, Almenningsar, Emstrur, Tindfjöll og Þríhyrningur ásamt næsta umhverfi. Svæðið gegnir mikilvægu hlutverki. Mörg svæðanna s.s. Þríhyrningur, Tindfjöll og Eyjafjallajökull eru áberandi kennileiti sem sjást frá mörgum sjónarhornum í sveitarfélaginu og víðar að. Svæðið er mikilvægt útivistarsvæði og gott gönguland í næsta nágrenni byggðar.	Hverfisvernd svæðisins tekur mið af sjónrænum þáttum og því eru framkvæmdir sem breyta ásýnd þess s.s. háspennulínur óæskilegar innan þess. Skógrækt og sérstaklega sjálfsáning birkis er víða, sérstaklega á og upp af Þórsmerkursvæðinu. Forðast skal landgræðslu og skógrækt með ágengum tegundum. Verndað í samræmi við rammaskipulag Suðurlandis.	71.889,4
HV2	Langanes og Djúpidalur. Sérstæð bjúgvötn við Eystri-Rangá, með ríkulegu fuglalífi. Tengjast Lambhagavatni vestan ár og eru ásamt því einn mikilvægasti staðurinn í Rangárvallasýslu fyrir endur. Lambhagavatn og Langanes eru á náttúruminjaskrá og á skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði.	Tryggja skal frárennsli, og aðgengi með bökkum. Heimilt er að leggja göngustíga og setja upp aðstöðu til fuglakoðunar. Forðast skal framkvæmdir og rask á svæðinu nema í nánu samráði við Umhverfisstofnun og sveitarfélag.	184,0
HV3	Vallarnes í landi Vallarhjáleigu og Bakkavallar. Hefur myndast á svipaðan hátt og Langanes og Djúpidalur, sem bugða eða bugður úr Eystri-Rangá. Mýri með ríkulegu fuglalífi, sem hefur sérstaklega verið hlúð að af landeigendum.	Forðast skal framkvæmdir og rask á svæðinu nema í nánu samráði við Umhverfisstofnun og sveitarfélag.	174,0
HV4	Eystri-Rangá frá upptökum að ármótum við Hólsá. Falleg lindá með töluverðu fuglalífi, m.a. er hún ein helsta straumandaá landsins.	Tryggja skal frárennsli, og aðgengi með bökkum. Forðast skal framkvæmdir og rask á svæðinu nema í nánu samráði við sveitarfélag, Umhverfisstofnun og/eða Náttúrufræðistofnun.	192,9
HV5	Affall, Spjararlækur og aðliggjandi votlendi. Fjölbreytt fuglalíf á svæði, sem er beitarfriðað að mestu og er að gróa upp. Er innan Markarfljótsaura sem er mikilvægt fuglasvæði á heimsvísu (á skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði).	Forðast skal framkvæmdir og rask á svæðinu nema í nánu samráði við sveitarfélag, Umhverfisstofnun og/eða Náttúrufræðistofnun.	226,4
HV6	Hallgeirseyjarfljót. Votlendi milli bæjanna Hallgeirseyjar og Kross. Fjölbreytt votlendi og dæmi um Landeyjarnar eins og þær litu út fyrir daga framræslunnar.	Forðast skal framkvæmdir og rask á svæðinu nema í nánu samráði við sveitarfélag, Umhverfisstofnun og/eða Náttúrufræðistofnun.	160,9
HV7	Markarfljótsaurar – Tjarnarnes. Fjölbreytt gróðurfar á gömlum aurum Markarfljóts. Ríkulegt fuglalíf, m.a. talsvert skúmavarp. Svæðið tekur yfir meginhluta þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá og hluti af Markarfljótsaurum sem eru á skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði.	Forðast skal framkvæmdir og rask á svæðinu nema í nánu samráði við sveitarfélag, Umhverfisstofnun og/eða Náttúrufræðistofnun.	4.881,6
HV8	Holtsós og mýrlendi umhverfis, aðallega austan óss, að bænum Berjanesi. Fjölbreytt fuglalíf árið um kring, á ósnum	Forðast skal framkvæmdir og rask á svæðinu nema í nánu samráði við sveitarfélag, Umhverfisstofnun og/eða Náttúrufræðistofnun.	923,6

AUÐKENNI	LÝSING	SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
	og í votlendinu verpa og hafa viðkomu algengir votlendisfuglar.		
HV9	Drumbabót. Forn skógur sem hefur lent undir Kötluhlaupi fyrir um 1.230 árum. Leifar skógarins, trjástubbar, hafa komið í ljós á eyrum Þverár í Fljótshlíð. Hverfisvernd svæðisins eða drumbanna hvar sem þeir koma í ljós á aurunum felst í því að þeim má ekki raska á neinn hátt, hvorki með uppgreftri (nema í vísindaskyni), efnistöku, vegagerð né öðrum framkvæmdum sem gætu skaðað eða skert þetta sérkennilega fyrirbrigði þannig að náttúran fái að hafa sinn gang. Svæðið gæti orðið áfangi og skoðunarefni á leið ferðamanna.	Forðast skal framkvæmdir og rask á svæðinu nema í nánu samráði við sveitarfélag, Umhverfisstofnun og/eða Náttúrufræðistofnun.	70,2
HV10	Markarfljót / Hattfell. Svæðið tekur yfir Hattfell, Markarfljótsgljúfur frá Húsadal og farveg Markarfljóts norður að sveitarfélagsmörkum. Svæði sem falla í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar, sem Alþingi hefur samþykkt, skal friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Tveir virkjunarstaðir í Rangárþingi eystra eru í verndarflokki, þ.e. Markarfljótsvirkjun A og Markarfljótsvirkjun B. Sveitarstjórn stefnir að friðlýsingu þess hluta Markarfljótsgljúfra sem tengjast þessum virkjunarkostum í samræmi við ákvæði í fyrrgreindri áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða og laga um náttúruvernd. Umrædd svæði eru á skilgreindu náttúruverndarsvæði (nr. 761 á náttúruminjaskrá).	Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki. Ekki verður hróflað við minjum, vörðum eða öðrum leiðum án samráðs við minjavörð. Vélknúin umferð er einunigs heimil á skilgreindum leiðum/stígum. Ríðandi umferð skal fylgja hefðbundum reiðleiðum. Heimilt er að byggja upp aðstöðu til að bæta aðgengi og auka öryggi s.s. salerni, bæta stíga og slóða, reisa lítil aðstöðuhús og merkja bílastæði og leiðir.	13.350,0
HV11	Safnskurðir í Landeyjum og undir Eyjafjöllum og 150 metra belti beggja vegna. Þinglýstir samningar liggja fyrir milli landeigenda og sveitarfélags um hreinsun.	Safnskurðir eru settir undir hverfisvernd, m.a. til að vernda núverandi land til matvælaframleiðslu og til landbúnaðarnota. Óheimilt er að hindra „eðlilegt“ rennsli um skurðina eða aðgengi að þeim til hreinsunar. Heimilt verður að stunda eðlilega landbúnaðarstarfsemi innan svæðisins og um svæðið gilda að öðru leyti skilmálar landbúnaðarlands - L1.	5.476,6

Í aðalskráningu fornminja er greint frá nokkrum athyglisverðum minjastöðum sem væri gott að gera aðgengilegri og kynna þá til að stuðla að vernd þeirra.

7.5 Katla jarðvangur

Katla jarðvangur var stofnaður 2010 sem sjálfseignafélag og tekur yfir Rangárþing eystra og Mýrdalshrepp. Jarðvangur er tákinn um gæði í náttúrutengdri ferðaþjónustu. Svæði innan jarðvangsins innihalda alþjóðlegar merkilegar jarðminjar og eru ýmis svæði sérlega áhugaverð eins og til vísindarannsókna, fræðslugildis, fjölbreytileika og vegna sjaldgæfra jarðminja.

Stefna

- Styrkja starfsemi jarðvangsins til hagsbóta fyrir íbúa.
- Efla vitund íbúa um tilvist og tækifæri sem fylgja jarðvangnum.
- Efla jarðfræðitengda ferðamennsku, m.a. í samstarfi með einkaaðilum og samstarfsaðilum Kötlu jarðvangs.

Katla - jarðvangur tekur yfir allt sveitarfélagið en gerð er grein fyrir afmörkuðum seglum svæðisins í kafla 2.4.4

7.6 Vatnsvernd (VB)

Vatnsverndarsvæði flokkast í þrjú flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði⁵².

Stefna

- Áhersla er lögð á nægt framboð af neysluvatni fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Vatnsgæði verði tryggð til framtíðar.
- Vatnsból skulu vera afgirt.
- Engar framkvæmdir eða starfsemi sem ógnað getur brunnsvæðum verða leyfðar í nágrenni þeirra.

TAFLA 45 Vatnsból.

AUÐKENNI	SVÆÐI	LÝSING
VB1	Álar	Varaveita fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.
VB2	Krappi	Vatnsveita Hvolsvallar.
VB3	Tunguveita	Vatnsveita fyrir hluta byggðar í Fljótshlíð, og Vestur-Landeyjum.
VB4	Brekknaveita	1 bæir.
VB5	Núpsveita	2 bæir.
VB6	Staðarbakkaveita	4 bæir og 11 frístundahús.
VB7	Sámsstaðaveita	3 bæir.
VB8	Pórunúpsveita	4 bæir.
VB9	Kirkjulækjarveita	Kirkjulækjartorfa, félagsheimilið Goðaland, Lambalækur og Bollakot.
VB10	Grjótá	4 bæir og frístundabyggð.

⁵² (Umhverfisstofnun 1999).

AUÐKENNI	SVÆÐI	LÝSING
VB11	Hallskot	Um 40 frístundahús.
VB12	Múlakot	Þjónar Múlakoti 2.
VB13	Eyvindarmúlaveita	Þjónar Múlakoti 1 og frístundabyggð í landi Háamúla.
VB14	Syðsta-Mörk	Vatnsveita Vestmannaeyja, og byggðar í A-Landeyjum og undir V-Eyjafjöllum.
VB15	Seljalandsveita	3 bæir og félagsheimilið Heimaland.
VB16	Veita í landi Fitjar	Einkaveita.
VB17	Hólaveita	Einkaveita.
VB18	Við Efstu-Grund	Einkaveita.
VB19	Eyrarveita	Einkaveita.
VB20	Lambafellsveita	Einkaveita.
VB21	Við Selkot	Einkaveita.
VB22	Ystabælisveita	Þjónar Steinhverfi, Leirnahverfi og Ystabælistorfu.
VB23	Hrútafellsveita	Einkaveita.
VB24	Eystri-Skógar	1 bær.
VB25	Drangshlíðarveita	Einkaveita.
VB26	Skógaveita	Þéttbýlið á Ytri-Skógum.
VB27	Seljavallaveita	Einkaveita.

7.7 Verndarsvæði vegna strandmengunar í ám og vötnum

Svæði þar sem langtímamarkmið um ástand vatns hefur verið skilgreint samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og svæði sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt sérlögum.

Stefna

- Stefnit er að því að grunnvatn og yfirborðsvatn verði í flokki A sbr. reglugerð.
- Öll vötn og tjarnir sem njóta hverfisverndar vegna náttúrufars eru felld undir flokk A. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna sérstaks fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa ákveðið útivistargildi.
- Öll byggð í sveitarfélaginu hafi viðurkenndar rotþrær.

Í reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, er kveðið á um að gera skuli grein fyrir langtímamarkmiði fyrir vötn í svæðis- og aðalskipulagi. Grunnvatn og yfirborðsvatn skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðarinnar í eftirtalda flokka:

- Flokkur A: Ósnortið vatn.
- Flokkur B: Lítið snortið vatn.
- Flokkur C: Nokkuð snortið vatn.
- Flokkur D: Verulega snortið vatn.
- Flokkur E: Ófullnægjandi vatn.

Umhverfisstofnun hefur sett fram Vatnaáætlun en þar eru vatnasvæði flokkuð eftir ástandi þeirra. Íslandi er skipt í fjögur vatnasvæði og er Rangárþing eystra innan vatnasvæðis 3. Nær það vatnasvæði í grófum dráttum yfir Suðurland. Búið er að meta ástand vatns innan vatnasvæðisins⁵³.

⁵³ (Umhverfisstofnun 2021)

8 NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS

8.1 Loftlagsmál og losun kolefnis

Áhrif stefnunnar á loftlagsmál og bindingu kolefnis eru jákvæð. Víða í stefnunni er að finna aðgerðir til að binda kolefni og eins til að draga úr losun þess til lengri tíma litið. Þar er m.a. hvatt til notkunnar vistvænna samgangna og byggingarefna auk þess sem skógrækt og endurheimt landgæða á illa förnum svæðum binda kolefni til lengri tíma litið.

TAFLA 46 Mat á umhverfisáhrifum stefnunnar m.t.t. loftlagsáhrifa.

VIÐMIÐ ÚR LANDSSKIPULAGSSTEFNU	ÁHRIF	RÖKSTUÐNINGUR
Minni losun		
Matvælaframleiðsla nærri mörkuðum	+	Stefna er sett fram um áherslu á matvælaframleiðslu innan landbúnaðarsvæða. Svæðið liggur nærri helsta markaðssvæði landsins.
Endurvinnsla og endurnýting	+	Sveitarfélagið hefur aukið vitundarvakningu almennings og fyrirtækja um flokkun og endurnýtingu með aðgengilegum grenndarstöðvum og fjögurra tunnu kerfi við heimili. Í samþykkt um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu segir að sérhverjum húsráðanda er skylt að endurnota eða flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er.
Vistvænar áherslur í mannvirkjagerð	+	Íbúar eru hvattir til að kynna sér vistvænar leiðir s.s. við efnisval fyrir nýbyggingar eða viðhald eldri bygginga, m.a. vegna endingar, veðurþols og áhrifa á umhverfi og loftslag.
Orkuskipti í samgöngum	+	Í stefnunni er hvatt til þess að við opinberar byggingar verði hugað að hleðslustæðum og einnig á svæðum þar sem þjónusta er fyrir almenning. Einnig er horft til þess í stefnunni að hinar hefðbundnu bensínstöðvar taki breytingum og bjóði uppá vistvæna orkugjafa. Gangandi og hjólandi umferð er gert hærra undir höfði.
Fjölbreyttur ferðamáti	+	Stefna er sett fyrir alla ferðamáta og reynt að stuðla að aukinni notkun á vistvænum ferðamáta. Horft er til þess að styrkja almenningssamgöngur og tengja þær saman við öflugt net hjóla- og göngustíga.
Dregur úr ferðaþörf	+	Við skilgreiningu á nýjum íbúðarsvæðum er horft til þess að efla innviði fyrir misjafna ferðamáta til þess að draga úr ferðaþörf. Í dreifbýli er dregið úr ferðaþörf og aukinn möguleiki á störfum án staðsetningar með ljósleiðaratengingu.
Aðlögun		
Sjálfbærar ofanvatnslausnir	+	Stefna er sett um ofanvatnslausnir og sjálfbærar lausnir á nýjum byggingarsvæðum og þar sem áætlað er að endurbyggja reiti. Hvatt er til þess að sjálfbærar ofanvatnslausnir séu nýttar á opnum svæðum og til að skapa náttúrulegt yfirbragð svæða.
Viðeigandi varnarmannvirki	+	Í forsendum og stefnunni sjálfri er gerð grein fyrir núverandi varnarmannvirkjum og mögulegum mótvægisáðgerðum m.a. vegna flóða.
Skilmálar um mannvirkjagerð á lágsvæðum og flóðasvæðum	+	Huga skal vel að grundun bygginga og að þeim verði lyft upp fyrir þekkta flóðhæð.
Binding		
Skógrækt	+	Sett er stefna um skógrækt og skjólbeltarækt á landbúnaðarsvæðum.
Sjálfbær gróðurframvinda	0	Stefna um að gott landbúnaðarland verði áfram nýtt til landbúnaðar og matvælaframleiðslu.

VIÐMIÐ ÚR LANDSSKIPULAGSSTEFNU	ÁHRIF	RÖKSTUÐNINGUR
Verndun og endurheimt votlendis	-	Safnskurðir verða settir undir hverfisvernd, m.a. til að vernda núverandi matvælaframleiðslu og nýtingu lands til landbúnaðarnota. Heimiluð er endurheimt votlendis þar sem það spillir ekki aðliggjandi ræktunarlandi.

8.2 Þéttbýli

Sveitarfélagið telur að til þess að stuðla megi að frekari vexti sveitarfélagsins og fjölgun íbúa sé nauðsynlegt að gera ráð fyrir nýjum svæðum fyrir íbúðarbyggð. Með uppbyggingu nýrrar íbúðarbyggðar skapast tækifæri til að byggja upp á umhverfisvænni hátt en gert hefur verið til þessa, t.d. hvað varðar umhverfisvænni byggingaraðferðir, val á byggingarefnum, blágrænar ofanvatnslausnir, auka vægi gangandi- og hjólandi umferðar, gróðurs og græn svæði til útiveru og leiks. Með þessu móti er dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðlað að bindingu kolefnis á grænum svæðum, samhliða því að sveitarfélagið getur vaxið og eflst.

8.3 Landeyjahöfn

Sveitastjórn er hlynnt stækkun hafnarsvæðis. Kostnaður við rekstur hafnarinnar er mikill og telur sveitastjórn að tengsl við atvinnusvæði s.s. vegna verslunar, afþreyingar eða iðnaðar muni auka hagkvæmni hafnarinnar til muna. Fyrirhugað er að styrkja hafnarsvæðið og gera ráð fyrir fjölbreyttari starfsemi m.a. fyrir minni báta og jafnvel útflutning á lausum sand- og vikurefnum sem nú er skipað út í Þorlákshöfn.

8.4 Rimakotslína 2

Sveitastjórn er hlynnt lagningu jarðstrengsins um sveitarfélagið. Umhverfisáhrif verða óveruleg eftir að framkvæmdum lýkur og raski á landi verður haldið í lágmarki. Samstarf verður við landeigendur um endanlega legu strengsins og einnig ef lagður verður göngu- og hjólastígur á lagnaleiðina.

9 SKIPULAGSFERLIÐ

9.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsing fyrir Aðalskipulag Rangárþing eystra 2020-2032 var kynnt seinnipart árs 2019. Einnig var hún send lögbundnum umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin var kynnt á íbúafundi þann 27. nóvember 2019 og svo í framhaldinu kynnt og auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins ásamt áherslum sveitarstjórnar.

Alls bárust 15 umsagnir um lýsinguna en engar athugasemdir frá almenningi. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Veðurstofu Íslands, Vestmanneyjabæ, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Samgöngustofu, Rangárþingi ytra, Náttúrufræðistofnun Íslands, Minjastofnun, Landgræðslunni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Hafrannsóknarstofnun/Fiskistofa, Forsætisráðuneytinu og Skógræktinni.

Meðan á skipulagsvinnunni stóð var fundað reglulega með vinnuhópi sveitarstjórnar. Einnig var fundað með ýmsum starfsmönnum sveitarfélagsins, hagsmunaaðilum og haldnir íbúafundir. Haldnir voru fundir með skipulagsráðgjöfum ásamt fulltrúum sveitarstjórnar og kjörinna nefnda eftir því sem við á.

9.1.1 Samráð við stofnanir

Í samræmi við skipulagsreglugerð var haft samráð við eftirfarandi stofnanir:

- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Landsnet
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðina
- Skógrækt ríkisins

9.2 Kynning aðalskipulagstillögu

Aðalskipulagstillagan var kynnt í desember 2021 og send til lögbundinna umsagnaraðila. Helstu umsagnaraðilar voru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Veðurstofan
- Landgræðslan
- Skógræktin
- Minjastofnun Íslands
- Samgöngustofa/Vegagerðin

- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Hafrannsóknarstofnun/Fiskistofa
- Ferðamálastofa
- Katla Geopark
- Mýrdalshreppur
- Rangárþing ytra
- Skaftárhreppur
- Vestmannaeyjabær
- Forsætisráðuneytið
- Landsvirkjun
- Landsnet

9.3 Auglýsing aðalskipulagstillögu

Kynning í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var í desember 2021. Þann 8. desember voru gögn til kynningar sett fram á heimasíðu sveitarfélagsins og þann 13. – 14. og 15. desember voru haldnir kynningarfundir í félagsheimilinu Hvoli.

Tillaga var samþykkt til auglýsingar á fundi sveitarstjórnar þann 20. desember 2021 og send Skipulagsstofnun til yfirferðar í janúar 2022, í samræmi við 3. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarfélagið hefur, eftir atvikum, brugðist við þeim ábendingum sem Skipulagsstofnun setti fram.

Helstu breytingar sem gerðar voru áður en skipulagið fór í auglýsingu:

- Í kafla 2.2 í greinargerð var bætt inn texta um að byggingarheimildir án tengsla við búrekstur ætti við á landnotkunarflokkum utan þéttbýlis og væri án tengsla við hefðbundinn landbúnað.
- Í töflu 2 Skipulagsákvæði fyrir íbúðabygð í kafla 2.2.2 Íbúðarbyggð og í töflu 19 Skipulagsákvæði fyrir miðbæjarsvæði á Hvolsvelli í kafla 3.2.2 Miðsvæði var bætt inn upplýsingum um fjölda byggðra íbúða og hámarks fjölda þeirra.
- Undir almennum skilmálum fyrir frístundabygð var bætt við að gera skal grein fyrir starfsemi s.s. tegund gistingar þegar samráð er haft um atvinnurekstur á frístundasvæðum.
- Í kafla 2.3.4 Stakar framkvæmdir var hámarkshæð vindmylla færð úr 35 m í 25 m með spaða í efstu stöðu.
- Í kafla 2.2.1 Byggingarheimildir án tengsla við búrekstur og í kafla 2.4.1 Landbúnaðarsvæði eru ákvæði um að ný íbúðarhús skuli vera innan 1.000 m frá stofn- og tengivegum en var 1.500 m áður.
- Í töflu 7. Skipulagsskilmálar fyrir landbúnaðarland var byggingarmagni breytt á svæðum L3 úr 1.500 í 3.000 að hámarki.
- Í kafla 2.4.1 Landbúnaðarsvæði undir undirkaflanum Landskipti, var bætt við að heimilt væri m.a. að stofna lóð til ræktunar en ekki eru heimiluð landskipti til bygginga íbúðar- eða frístundahúsa nema aðgengi að spildum frá þjóðvegi sé tryggt.
- Í töflu 10 í kafla 2.4.4 Afþreyingar- og ferðamannasvæði eru skilmálar fyrir áningastaði Kötlu jarðvangs lagfærðir í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar.

- Í töflu 12. Athafnasvæði í kafla 2.4.6 og í töflu 15. Skipulagsskilmálar fyrir Landeyjahöfn í kafla 2.4.8 Hafnir er bætt við texta og vísað í gerð deiliskipulags nánari útfærslu á svæðum tengdum Landeyjahöfn.
- Á sveitarfélagsupprætti var Hlíðarvegur, tenging sunnan Hvolsvallar frá hringvegi að Fljótshlíðarvegi, tekinn út.
- Skýringaruppdráttur VIII Fjarlægð frá þjóðvegum var breytt og sýnir nú 1.000 m frá stofn og tengivegum í stað 1.500 áður.
- Bætt var við breytingardagsetningunni 4. apríl 2022 á skipulagsgögnin eftir yfirferð.

Tillaga að Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 var auglýst frá 6. apríl 2022 með athugasemdarfresti til 18. maí 2022. Einnig var tillagan send til umsagnaraðila. Alls bárust 19 athugasemdir og umsagnir sem teknar voru fyrir á fundum skipulags- og umhverfisnefndar og að lokum hjá sveitarstjórn. Athugasemdir og umsagnir leiddu til breytinga á skipulagsgögnum og eru efnislegar breytingar listaðar upp hér fyrir neðan. Einnig voru gerðar minniháttar breytingar á afmörkun landnotkunarreitna og textabreytingar sem ekki eru efnislegar því ekki tilgreindar sérstaklega hér að neðan:

Breytingar á upprætti

- F1 Frístundabyggð, Langanes við Eystri Rangá minnkar og er alfarið utan hverfisverndarsvæðis.
- HV7 Hverfisvernd, Markarfjóstsaugar Tjarnarnes minnkað austan Markarfjós á fjörusöndunum, í samræmi við gildandi aðalskipulag.
- Þéttbýlismörkum Hvolsvallar breytt þannig að eignarland austan Hvolsvallar er alfarið utan markanna.
- Breytingar á Hellishólum – Afmökun Íþ3, Vþ9 og F37 breytist. Nýtt svæði AF1 bætist við þar sem áður var F37.
- Breytt afmörkun I11.
- Svæðið F36 Seljalandsell var fært til og með því komið á móts við athugasemdir varðandi staðsetningu.
- Vötn, ár og sjór fengu auðkennið V1.
- Bætt við svæði F38. Svæðið er nú þegar til staðar og lóðir skráðar sem frístundalóðir og er því talin minniháttar breyting frá auglýstri tillögu.

Breytingar í greinargerð

- Breytingar voru gerðar í greinargerð í samræmi við breytingar á upprætti.
- Í kafla 2.3.4 Stakar framkvæmdir var raforkuframleiðsla vindrafstöðva þar sem raforkan er ætluð til staðbundinna nota hækkuð í allt að 1 MW.
- Í kafla 2.4.4 Afþreyingar- og ferðamannasvæði var bætt við almenna skilmála að framkvæmdir skulu ekki rýra svæði á náttúruminjasrá. Emstruskála (Mosar) var breytt úr fjallaseli í skálasvæði.
- Á svæði AF52 Skógafoss var bætt við ákvæði um að samráð við Umhverfisstofn þyrfti til framkvæmda.

- Í kafla 2.4.5 Iðnaðarsvæði er bætt við í almenna skilmála að ávalt skuli beita bestu fánlegu tækni til að draga úr mengun frá iðnaðarsvæðum t.d. vegna loft-, hávaða- og rykmengunar.
- Í kafla 2.4.7 Efnistöku- og efnislosunarsvæði er bætt við almennum skilmálum um frágang að efnistöku lokinni.
- Í kafla 2.5.3 Strandsvæði er tekið út að skógrækt sé heimil á svæðunum.
- Bætt var við kafla 2.5.4 Vötn, ár og sjór.
- Í kafla 4.1.3 Vegir á hálendi er bætt við að einungis minniháttar efnistaka er heimiluð í næsta nágrenni notkunarstaða utan efnistökusvæða. Á verndarsvæðum skal vera samráð við Umhverfisstofnun.
- Í kafla 5 Veitur er bætt við í almennum skilmálum að innan helgunarsvæða raflína og rafstrengja skal haft samráð við eigendur flutningskerfis vegna framkvæmda.
- Í kafla 5.4 Fráveita og ofanvatn er bætt við í almenna skilmála að hús sem ekki eru tengd fráveitukerfi skuli hafa tveggja þrepa hreinsun skv. 3 mgr. 13. gr. í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Aðskilja skal ofanvatns- og skólplagnir þar sem hægt er m.a. við viðhald eldri lagna og í nýjum hverfum. Unnið verður að því að draga úr álagi á vatnshlot þverár.
- Eftir yfirferð Skipulagsstofnunar og lokafrágang voru ekki gerðar efnislegar breytingar.

10 HEIMILDIR

Alþingi Íslands. á.á. *Lög um náttúruvernd 60/2013*. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>.

Alþingi Íslands. á.á. *Skipulagslög*. Sótt 11. september 2019. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2010123.html>.

Alþingi Íslands. 2007. „Vegalög nr. 80/2007“. 2007. <http://www.althingi.is/lagas/142/2007080.html>.

Alþingi Íslands. 2015. *Lög um náttúruvernd nr. 60/2013*. Iceland.

Guðrún Lára Sveinsdóttir, Gréta Hlín Sveinsdóttir. 2020. „Flokkun landbúnaðarlands“. Efla Verkfræðistofa.

Magnús Trausti Guðmundsson, Emmanuel Pagneux, Ásdís Helgadóttir Matthew J. Roberts, Eyjólfur Magnússon Sigrún Karlsdóttir, og Ágúst Gunnar Gylfason Þórdís Högnadóttir. 2016. „Jökulhlaup í Örafum og Markarfljóti vegna eldgosa undir jökli - Forgreining áhættumats.“ Reykjavík: Jarðvísindastofnun HÍ, VÍ og Ríkislögreglustjóri. <https://rafhladan.is/handle/10802/12752>.

Skipulagsstofnun. 2016. „Landsskipulagsstefna 2015-2026“.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2013. „Skipulagsreglugerð nr. 90/2013“. 2013. <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/090-2013>.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020. „Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030“. Stjórnarráð Íslands, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf>.

Umhverfisráðuneytið. 1999. „Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 796/1999“. 1999. <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfis--og-audlindaraduneyti/nr/4482>.

Umhverfisstofnun. 2019. „Skógafoss, Rangárþingi eystra Stjórnunar- og verndaráætlun 2019 - 2028“. Umhverfisstofnun. <https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Stj%C3%B3rnunar-%20og%20verndar%C3%A1%C3%A6tlun-Sk%C3%B3gafoss.%20m%20undirritun.pdf>.

Umhverfisstofnun. 2020. „Umhverfisstofnun -friðlýsingar“. Umhverfisstofnun. 26. október 2020. <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/>.

Umhverfisstofnun. 2021. „Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022-2027 Drög til kynningar“. https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027_DR%C3%96G.pdf.

Vegagerðin. 2019. „Vegaskrá“. 2019. <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>.